2015

# Þjóðarspegillinn

Ráðstefna í félagsvísindum XVI

# Ágripabók

Rannsóknir í félagsvísindum XVI. Ágrip erinda flutt á ráðstefnu í október 2015

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-20-4

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Efnisyfirlit

## *Málstofan: Óhefðbundnar lækningar*

Óhefðbundið hér, hefðbundið þar: Hvað eru „óhefðbundnar lækningar“? ........ 1

Viðbótarmeðferðir í heilbrigðisþjónustu ........ 2

Upplifun af núvitundariðkun ........ 3

Handanheimar alþýðulækninga ........ 4

## *Málstofan: Svipmyndir af sveitadvöl*

Bæjarsollurinn og sveitasælan: Reykvísk börn send í sveit um aldamótin 1900 ........ 5

Sjónræn miðlun dvalar í sveit ........ 6

Sveitadvöl barna eins og hún birtist í íslenskum bókmenntum ........ 7

Sumardvöl í sveit sem úrræði félags- og barnaverndaryfirvalda ........ 8

Strönduð í sveit ........ 9

## *Málstofan: Kennsluhættir og upplýsingalæsi*

„Það dugar skammt að vita hvað eru góðir kennsluhættir ef þú hefur ekki efni á þeim“ ........ 10

Hvað eru eiginlega fjölbreyttir kennsluhættir? Raddir nemenda í sjálfsmati Háskóla Íslands ........ 11

Góðir hlutir gerast hægt: ........ 12

Að nota kennsluaðferðir leiklistar við að auka orðaforða tvítyngdra unglinga ........ 12

Information literacy instruction: Theory and practice* ........ 13

## *Málstofan: Þjóðsögur, söfn og söfnun*

The creation and features of the online archive devoted to Sigurður Guðmundsson, the Painter, and the “Evening Society”* ........ 14

Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri: Tilurð, samhengi og söfnun ............................ 15

Konrad Maurer og íslensk þjóðsagnasöfnun ........................................................ 16

„Maðurinn á mótorhjólinu“: Vonir og Mótorhjólasafn Íslands .......................... 17

## *Málstofan: Fjölskyldan: Fötlun, vímuefni og forsjá*

The factors of disability and socio-economic class in permanent child custody removal ........................................................................................................ 18

Vímuefnaneysla og önnur áhættuhegðun unglinga með þroskahömlun ............ 19

Áhrif vímuefnasýki á fjölskyldur ........................................................................... 20

## *Málstofan: Upplifun í ferðamennsku*

Að koma reiðu á óreiðu: Etnógrafísk nálgun að upplifun ferðamanna af eyðibýli ..................................................................................................................... 21

Að setja sálina í pottana: Umsköpun, margbreytileiki og túlkun í hversdagsleika ferðaþjónustueldhússins ........................................................... 22

Myrkraverk: Hlutverk leiðsögumanna í norðurljósaferðum ................................ 23

## *Málstofan: Velferð og vá*

Velferð og vá: Hlutverk félagsþjónustunnar ......................................................... 24

Impact of an economic collapse on child health in Iceland ................................. 25

Getur skýrari löggjöf bætt velferðarþjónustu? ....................................................... 26

Viðhorf íbúa Fjallabyggðar til heilbrigðisþjónustu ................................................ 27

Notkun á heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra verkja .......................................... 28

## *Málstofan: Gagnreyndar aðferðir, starfþróun og upplýsingahegðun*

Gagnreyndar aðferðir við félagslega ráðgjöf í málefnum aldraðra ...................... 29

Þróun í upplýsingahegðun eldra fólks: Öflun og mat á rafrænum upplýsingum um heilsu og lífsstíl?* ..................................................................... 30

Starfsþróun og gagnreyndar aðferðir ..... 31

## *Málstofan: Forkaupsréttur*

Forkaupsréttarsniðganga* ..... 32

Forkaupsréttur sveitarfélaga samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og forkaupsréttarsniðganga ..... 33

Síldarvinnslumálið: Forkaupsréttur samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða ..... 34

## *Málstofan: Stjórnmál og stjórnsýsla*

Nefndir á vegum ríkisins: Frá hefðbundinni stjórnsýslu til stýrinetsstjórnsýslu* ..... 35<

Moving Iceland forward: The fate of a government initiative to reform municipal cooperation in post-crisis Iceland ..... 36

Fyrsta íslenska Twitter-byltingin ..... 37

## *Málstofan: Karlfemínistar, húsfeður og fjölskyldur*

Að verða og vera: Reynsla ungra karlkyns femínista á Íslandi ..... 38

Karlavæðing kvennabaráttunnar? Um karla í jafnréttisbaráttu ..... 39

Heimavinnandi húsfeður ..... 40

Íslenska ofurfjölskyldan ..... 41

## *Málstofan: Mannauðsstjórnun I*

Vellíðan í vinnunni: Hvað segja kenningarleg viðmið og rannsóknir? ..... 42

Félagsauður á vinnustöðum ..... 43

Starfshvatning í ólíkum geirum atvinnulífsins ..... 44

Er samræmi milli gilda fyrirtækja og grunnhvata starfsmanna samkvæmt Reiss-Motivational-Profiling hvataprófinu ..... 45

## *Málstofan: Menntastefna og markaðsvæðing í íslensku skólakerfi*

Ber er hver að baki nema sér systur eigi: Kortlagning valdatengsla og félagsauðs í tengslum við markaðsvæðingu á menntakerfinu ................................ 46

Menntun, markaðshyggja og lýðræðislegur skóli .................................................. 47

„Lok, lok og læs og allt í stáli." Staða frjáls og opins hugbúnaðar í skólastarfi og námsgagnagerð ........................................................................................ 48

## *Málstofan: Feður og fæðingarorlof*

Parental leave and the division of care between parents: The case of Iceland (Fæðingarorlof og þátttaka feðra í umönnun barna sinna þremur árum eftir fæðingu fyrsta barns)* ..................................................................................... 49

Reynsla feðra sem ekki deila lögheimili með barni. „Þú átt engin börn" ........... 50

Þróun fæðingarorlofstöku kvenna og samspil fæðingarorlofstöku feðra og mæðra 2003-2011 ......................................................................................... 51

Jöfn búseta: Forsendur foreldra - þarfir barna ...................................................... 52

Föðurbetrungar ........................................................................................................ 53

## *Málstofan: Söfn og menning*

Blind spots and a search for legitimacy in museum education: Review of literature ..................................................................................................... 54

Söfn sem rannsóknastofnanir: Vandamál og væntingar ....................................... 55

## *Málstofan: Efnismenning*

Húsgögn miðborgarinnar: Merking og gildi gamalla timburhúsa í Reykjavík ..... 56

Hrif sundlaugarinnar ............................................................................................... 57

Frá Ofurmenninu til Bíldalíu: Birtingamyndir og textatengsl búningamenningar á Íslandi ........................................................................... 58

Að fá samtíð annarra að láni ................................................................................... 59

## *Málstofan: Sjálfræði: Forsendur og áskoranir*

Sjálfræði og fólk með þroskahömlun: Aðferðafræðilegar áskoranir ..................... 60

Er tungumálið nauðsynleg forsenda sjálfræðis? ..................................................... 61

Sjálfræði yfir eigin líkama: kvenleiki og konur með þroskahömlun ....................... 62

## *Málstofan: Börn og barnavernd*

Umfang svefns og sálfélagslegir erfiðleikar leikskólabarna* ................................. 63

Samvinna í tengslum við börn sem þarfnast sérstaks stuðnings í skóla ............... 64

Stuðningsúrræði starfsmanna barnaverndar: „Þetta er í raun bara það sem hefur alltaf verið gert“ ......................................................................................... 65

Hver er þörfin fyrir óháða ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir? ........................................................................................................... 66

## *Málstofan: Hagfræði*

Þjóðhagfræði og geirajöfnuði ............................................................................ 67

Snemmtekinn lífeyrir* ......................................................................................... 68

Hagkvæm og sjálfbær erlend skuldastaða* ......................................................... 69

Er skattkerfið meitlað í stein: Náttúrulögmál eða tímaskekkja? ........................... 70

## *Málstofan: Skuldir heimilanna*

Over-indebtedness of consumers: Towards a European strategy? ....................... 71

Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 ............................................. 72

Eru reglur um neytendavernd óhreinu börnin í íslensku réttarfari? ..................... 73

## *Málstofan: Alþjóðastjórnmál*

“The Bear and the Maiden Fair”: Why does Armenia side with Russia?* .......... 74

The shelter alliance theory: The basic features of the relationship between small states and their larger neighbors ............................................................. 75

The "Myth of Venice" and the "Myth of Scotland" ........ 76

Proposals to Sell, Annex or Evacuate Iceland, 1518–1868* ........ 77

## *Málstofan: Trans og ótýpískt - hinsegin og utanvið*

Réttarstaða transfólks: Nýlegar breytingar á danskri löggjöf og þýðing þeirra fyrir stefnumótun á Íslandi ........ 78

Réttur transfólks til friðhelgi einkalífs og líkamlegs sjálfræðis ........ 79

Í leit að hinsegin rými í Tehran: Hvernig skapa íranskir hommar sér rými á jaðri samfélagsins? ........ 80

„Þetta er dálítið eins og svart og hvítt": Hinsegin innflytjendur á Íslandi ........ 81

„En hann er ekki týpiskur Grikki": Samræður um kynjaímyndir meðal anarkista í Aþenu, Grikklandi ........ 82

## *Málstofan: Mannauðsstjórnun II*

Upplifun útsendra starfsmanna af almennri aðlögun á Íslandi ........ 83

Enginn maður er eyland: Útsendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði ........ 84

Upplýsingar og fjarvinna hjá ríkisstofnunum: Viðtalsrannsókn ........ 85

Hvaða áhrif hafði efnhagshrunið á starfsöryggi þeirra sem störfuðu hjá sveitarfélögunum? ........ 86

## *Málstofan: Samfélagsábyrgð*

Áhrif bankahrunsins á innleiðingu samfélagsábyrgðar hjá viðskiptabönkum og vátryggingafélögum ........ 87

Álit, upplifun og framtíðarsýn ráðgjafa á hvata íslenskra fyrirtækja til aðgerða á sviði samfélagsábyrgðar og umhverfismála* ........ 88

Aðgreining raforkusölufyrirtækja: Virðisaukning í gegnum samfélagsábyrgð fyrirtækja* ........ 89

Þáttur samfélagsábyrgðar í trausti til íslenskra banka ........ 90

## *Málstofan: Ungmenni og menntun*

Skuldbinding framhaldsskólanema til náms og skóla í tengslum við stuðning kennara og foreldra ..... 91

„Ávinningurinn er ótvíræður“: Upplifun kennara af kennslu kynjafræði í framhaldsskólum ..... 92

Námsgengi ungmenna eftir þjóðernisbakgrunni ..... 93

Viðhorf íslenskra unglinga til vísinda ..... 94

## *Málstofan: Þjónusta og samfélag*

Skóli sem skiptir máli í byggðarlaginu: Menntaskólinn á Tröllaskaga - samspil skóla og samfélags ..... 95

Þjónustusókn og samfélagsábyrgð í dreifbýli* ..... 96

Endurspeglar menntun starfsfólks almenningsbókasafna óskir almennings um þjónustu? ..... 97

## *Málstofan: Menning, mansöngvar og tónlist*

Af hverju þjóðfræði? Þjóðfræði sem kennslugrein í framhaldsskólum ..... 98

Þjóðfræðing rekur á fjörur: Táknheimur og menning strandarinnar ..... 99

„Lítil sköpun þroska nær”: Rannsókn á mansöngvum Sigurðar Breiðfjörðs ..... 100

Tónlist í háskólaumhverfi 21. aldar: Tónlistarsöguleg og menningarpólitísk afstaða tónlistarstjórnenda í Háskólanum í Oxford ..... 101

## *Málstofan: Fötluð börn og foreldrar*

Upplifun foreldra af þeirri þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra ..... 102

Upplýsingahegðun foreldra eða annarra aðstandenda fatlaðra og langveikra barna ..... 103

Samfélagsþátttaka og umhverfi barna með og án einhverfu: Mat foreldra ..... 104

Þátttaka og umhverfi barna með og án einhverfu heima fyrir: Mat foreldra ..... 105

Í átt að settu marki: Menningarsöguleg starfsemiskenning sem verkfæri við þróun fjölskyldumiðaðrar þjónustu ........ 106

## *Málstofan: Þróun í ferðaþjónustu - möguleikar og álitamál*

Fjöldi ferðamanna á náttúrustöðum: Þekking er forsenda skipulags ........ 107

Tourism data collection at the sub-national level in Iceland* ........ 108

Heilsa og vellíðan: Möguleg vöruþróun í hestatengdri ferðaþjónustu? ........ 109

Shades of Pink: Reykjavík a gay-friendly destination ........ 110

## *Málstofan: Afbrotafræði*

Réttartilfinning borgaranna: Vilja Íslendingar refsa fyrir vændi og neyslu fíkniefna?* ........ 111

Ótti við afbrot á Íslandi: Skiptir aldur máli?* ........ 112

Fangar sem afplána dóm fyrir ofbeldisbrot* ........ 113

"...Ég hefði getað staðið uppréttur með það en ekki með þetta helvíti á bakinu...": Um viðhorf og upplifanir íslenskra kynferðisbrotamanna* ........ 114

## *Málstofan: Rannsóknir og aðferðir*

Blandaðar rannsóknaraðferðir: Styrkleikar og veikleikar ........ 115

An Icelandic translation and validation of the revised 19-value Portrait Values Questionnaire ........ 116

Þýðing og staðfæring matstækis: Verklagsreglur fyrir Hlutverkalistann (Role Cheklist) ........ 117

Mannvélar og miðlun: Um ábyrgar vísindarannsóknir og samtal við almenning* ........ 118

## *Málstofan: Kvótakerfið*

Individual Transferable Quotas Allocation in Icelandic Fisheries: A Community - Oriented Inequality Analysis* ........ 119

Profit and invisible resource rent in fisheries – revisited (Dreifing auðlindarentu í sjávarútvegi) ........ 120

Efnahagsleg áhrif loðnunnar ........ 121

## *Málstofan: Réttarheimspeki og félagaréttur*

Rétturinn til ritunar firma hlutafélags* ........ 122

Lagarökfræði: Kenningar um lögfræðilegar röksemdafærslur ........ 123

Skýrleiki lögfræðilegra úrlausna ........ 124

## *Málstofan: Mannréttindi, mannúðarhreyfingar og flóttafólk*

Konur á faraldsfæti ........ 125

Hverjir taka þátt í sjálfboðastarfi mannúðarhreyfinga? Sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi ........ 126

Þrenns konar skýringar á auknu vægi alþjóðlegra mannréttinda ........ 127

## *Málstofan: Druslusksömm, ofbeldi og valdefling*

Að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi ........ 128

„Ég vil helst ekki labba ein heim...“: Upplifun kvenna af öryggi í miðbæ Reykjavíkur. ........ 129

Drusluskömmun og reynsla kvenna af fóstureyðingum ........ 130

„Ég fékk svona KABÚMM“: Áhrif femínískrar þekkingarsköpunar á meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands* ........ 131

## *Málstofan: Stjórnun og stefnumótun*

Viðhorf stjórnenda til straumlínustjórnunar* ........ 132

Jón Gnarr - Skemmtikraftur sem varð leiðtogi: Áhrif leiðtogastíls hans á forystu Reykjavíkurborgar ........ 133

Hefur vægi jafningjastjórnunar breyst innan íslenskra háskóla? ........ 134

Upplifun stjórnenda og starfsfólks á innleiðingu straumlínustjórnunar ........ 135

Framtíðarfræði og notkun sviðsmynda: Staðan hérlendis og framvinda* ......... 136

## *Málstofan: Trú og helgisiðir*

Hverjir eru múslimar? Skilgreiningar á því hvað felst í því að vera múslimi* ... 137

The background, nature and performance aspects of the annual and occasional rituals of the Ásatrúarfélag in Iceland (Helgi verður til: Bakgrunnur, tilurð og þróun helgiathafna og helgisiða Ásatrúarfélagsins)* ...... 138

## *Málstofan: Þjóðkirkjan*

Kristnitökuafmælishátíðin á Þingvöllum og staða Þjóðkirkjunnar í opinberu rými ........ 139

Staða íslensku þjóðkirkjunnar í aðdraganda og kjölfar hrunsins ........ 140

## *Málstofan: Fötlun og menning*

Líkami og orðræða í mótun sjáfsskilnings hjá heyrnarlausum ungmennum á Íslandi ........ 141

Fötlun í íslenskum kvikmyndum ........ 142

Seinfærir foreldra og forsjárhæfni ........ 143

## *Málstofan: Landslag og umhverfi ferðaþjónustu*

Valuing Landscape: A perspective from tourism ........ 144

Jarðbundin hönnun ferðamannastaða ........ 145

Viðhorf ferðamanna til vindmylla* ........ 146

Vindmyllur, íbúar og ferðaþjónusta* ........ 147

## *Málstofan: Fjölmiðlafræði*

Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða: „Götublaðavæðing“ og einsleitni?* .... 148

Norðurslóðir í íslenskum fjölmiðlum* ........ 149

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi: Fjölmiðlar og „lekamálið“ ........ 150

Fréttir á markaði ........ 151

Siðareglur blaðamanna í 50 ár: Áhrif tíðarandans ........ 152

## *Málstofan: Afreksíþróttafólk: Hugarfar og aðstæður*

Hugarfar atvinnumannsins. Rannsókn á áhugahvöt, stjórnunarstíl og umgjörð íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu* ........ 153

„Strákarnir okkar": Hvað einkennir leik íslenska handboltalandsliðsins? ........ 154

Leynist ofbeldi í íþróttum? ........ 155

## *Málstofan: Eldri borgarar*

Farsæld og frelsi: Reynsla hjóna af starfslokum ........ 156

Þjónusta við eldri borgara, góð eða ennþá betri? ........ 157

Tómstundir og eldra fólk ........ 158

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“: Færni og gildi karla á aldrinum 45-66 ára ........ 159

## *Málstofan: Þroskaþjálfun*

Ný framtíðarsýn fagstéttar þroskaþjálfa í fjórum löndum Evrópu* ........ 160

Starfsþróun fagstéttar þroskaþjálfa í ljósi nýrra áskorana* ........ 161

## *Málstofan: Höfunda- og hugverkaréttur*

Hvað er hugverkaréttur og hvernig snertir hann atvinnulífið? ........ 162

Áskoranir höfundaréttarsamtaka í stafrænum heimi ........ 163

Hvað þurfa fyrirtæki að hafa í huga við val á vörumerki? ........ 164

Um skilyrði til að fá útgefið einkaleyfi ........ 165

## *Málstofan: MARK: Elítur, fagfólk og fjölmiðlar*

Hvers kyns elíta? Hvað einkennir forystufólk í íslensku atvinnulífi? ........ 166

Mótsagnakenndar framfarir? Jafnrétti kynjanna í íslenskri utanríkisþjónustu ... 167

Fjölmiðlavöktun í þágu jafnréttis ... 168

Krítískir gerendur innan tónlistariðnaðarins á Íslandi ... 169

The road to venerability: A research based guide on how to become the perfect academic ... 170

## *Málstofan: Klasar, nýsköpun og atvinnuþróun*

Landbúnaðarklasi á Íslandi ... 171

Stjórnun á forstigi nýsköpunar: Áhrif nokkurra mikilvægra eiginleika á árangur ... 172

Helgar meðalið tilganginn? ... 173

Skráning menningarminja í stafrænu umhverfi: Samvinna, samþætting og framtíðarþróun* ... 174

Tónlistarklasi á Íslandi ... 175

## *Málstofan: Fjármál*

Sjálfbærni alþjóðlega fjármálakerfisins: Þróun og umbætur í framhaldi af kerfishruni ... 176

Eigið fé í húfi í fasteignum* ... 177

## *Veggspjaldamálstofa A*

Viðhorf íbúa til lögreglunnar og þjónustu hennar (Public attitudes towards the police and evaluation of police work 2013-2014) ... 178

Hamingja og félagsleg tengsl hægri og vinstrisinnaðra í Evrópu ... 179

The Contemporary University: Excellence and the Aura of Gender Equality ... 180

Academic career making and the double-edged role of academic housework ... 181

Verfallsvilji ... 182

Capital Asset Pricing Model – Why is it still around? ... 183

The Impact of Wind Farms on Tourism in Iceland's Highland ... 184

## *Veggspjaldamálstofa B*

Relationships in later life: Grandparents and grandchildren.....185

Heilsulæsi eldra fólks: Hindranir í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl.....186

Staðgöngumæðrun á Indlandi: Forboðin atvinna þurfandi kvenna.....187

Upplifun kvenna sem tókust á við móðurhlutverkið ungar.....188

Umhyggja og ást feðra.....189

Vanræksla í æsku og reynsla af líkamlegu og andlegu ofbeldi.....190

Staða barns við andlát foreldris: Rannsókn á aðstæðum barna, sjónarhorni fagfólks, ásamt lagaramma.....191

„Vox viva docet": Um tengslanet milli safnara og heimildarmanna við þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar.....192

Innleiðing rafrænna skjalastjórnarkerfa með hliðsjón af aðferðum Kotter.....193

## *Veggspjaldamálstofa C*

Fjárfestingarverkefni lífeyrissjóða.....194

Eiginfjárferlar einstaklinga.....195

Hver munurinn á vörustjórnun og stjórnun aðfangakeðja?.....196

Innleiðing og upplifun stjórnenda.....197

Managing seal watching: An investigation of codes of conduct for tourist behavior.....198

Music-making in a Northern Isle: Iceland and the "village" factor.....199

Gendered Value Chain Analysis of Small-Scale Fisheries and Fish Processing by Lake Tanganyika.....200

From rhetoric to reality in protected area governance: Institutions and conservation discourses in Mount Elgon National Park Uganda.....201

Krúttin og skrímslin: Japanskt Cosplay á Íslandi.....202

Íslensk borgarasamtök og mannúðaraðstoð: Litið á úthlutunarferlið.....203

Höfundalisti ........ 204

# Óhefðbundið hér, hefðbundið þar: Hvað eru „óhefðbundnar lækningar"?

Aukinn áhugi íslensks almennings og heilbrigðisstarfsmanna er á því sem í daglegu tali er gjarnan nefnt „óhefðbundnar lækningar". Þó óhefðbundnar lækningar í heild séu oft skilgreindar sem andstæða eða jafnvel ógn við lækningar sem byggja á vestrænum raunvísindum má skipta þeim í fjölda undirflokka sem hver byggir á eigin hugmyndafræði og meðferðarúrræðum. Umræðan er því mun flóknari en gjarnan er látið og ólíkar meðferðir sem margar eiga ekki margt sameiginlegt eru settar undir sama hatt. Erindið er hluti af stærri umræðu í tengslum við rannsókn á viðhorfum lækna og hjúkrunarfræðinga til óhefðbundinna lækninga og heildrænnar heilsu á Íslandi. Rannsóknin er eigindleg í grunninn og byggir á viðtölum og þátttökuathugunum en einnig er notast við opinber skjöl og skrif um efnið. Hér verður lögð áhersla á umræðu heilbrigðisyfirvalda, lækna og hjúkrunarfræðinga um efnið í opinberum skrifum og skýrslum og eigindleg gögn rannsóknarinnar höfð til hliðsjónar. Markmiðið er að rýna í útskýringar fræðimanna, heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisyfirvalda á „óhefðbundnum lækningum". Hvernig hefur verið tekist á við efnið og á hvaða forsendum? Hvað eru óhefðbundnar lækningar? Hvað eru hefðbundnar lækningar? Hver ákveður hvað er hefðbundið og hvað er óhefðbundið?

Sveinn Guðmundsson

# Viðbótarmeðferðir í heilbrigðisþjónustu

Viðbótarmeðferðir hafa lengi verið vinsælar innan hjúkrunar. Átt er við meðferðir eins og nudd, slökun og ilmolíur. Markmiðið með notkun þessara meðferða er fyrst og fremst að draga úr einkennum og bæta líðan sjúklinga. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum viðbótarmeðferða innan heilbrigðisþjónustunnar hérlendis en gagnsemi þeirra hefur sífellt verið að koma betur í ljós í rannsóknum erlendis. Af þeim sökum hefur fjöldi heilbrigðisstofnana erlendis innleitt slíkar meðferðir og samþætt þær hefðbundinni heilbrigðisþjónustu. Hérlendis hafa hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sýnt þessum meðferðum vaxandi áhuga og kallað eftir aukinni fræðslu um þær. Margir hafa aflað sér þekkingar til að beita þessum meðferðum og hafa til þess tilskilin leyfi. Nýleg könnun á notkun viðbótarmeðferða innan Landspítala bendir til þess að talsvert sé verið að veita viðbótarmeðferðir eins og nudd og slökun til sjúklinga. Ekki hefur verið skoðað hver notkunin er annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Í sömu könnun kom í ljós að áhrif þessara meðferða eru ekki alltaf metin og skráð. Í þessum fyrirlestri verður farið yfir hvernig hjúkrunarfræðingar á Íslandi nota viðbótarmeðferðir, hvort meðferðir sem þessar skipti einhverju máli og hvaða leiðbeiningar eru til um notkun þessara meðferða.

Þóra Jenný Gunnarsdóttir

# Upplifun af núvitundariðkun

Núvitund (*mindfulness*) er hugarástand, hugleiðsluform, sem notið hefur vaxandi vinsælda og hafa rannsóknir sýnt að nútvitund getur haft jákvæð áhrif á líðan fólks. Upplifun einstaklinga af núvitundariðkun hefur þó lítið verið rannsökuð. Tilgangur þessarar rannsóknar er að auka skilning á upplifun einstaklinga af núvitundariðkun. Rannsóknarspurningin er: Hver er upplifun einstaklinga af því að iðka núvitund? Rannsóknaraðferðin er eigindleg, byggð á túlkandi fyrirbærafræði. Úrtakið var þægindavalið, tekin voru viðtöl við sex núvitundariðkendur. Gagnagreining byggði á grunnlífsþemum van Manens. Niðurstöður gefa til kynna að þeir sem iðki núvitund verði meðvitaðri um sjálfa sig og umhverfi sitt, að hin aukna meðvitund fáist með innsýn í sjálfvirkni hugsana og tilfinninga sem svo leiðir til aukinnar sjálfsstjórnar. Þátttakendur voru meira hér og nú, þeir áttu auðveldara með að leyfa öllu að vera eins og það er og þeir upplifðu dýpri tengsl við aðra. Góðvild gagnvart sjálfum sér var lykill að þessum árangri. Álykta má að núvitundariðkunin hafi verið gagnleg til að hjálpa þátttakendum þessarar rannsóknar að öðlast aukna sjálfsstjórn, sátt og góðvild gagnvart sjálfum sér og öðrum.

Ingibjörg Kristín Eiríksdóttir
Þóra Jenný Gunnarsdóttir

# Handanheimar alþýðulækninga

Alþýðulækningar hafa verið skildar og skilgreindar sem andheiti hinna opinberu og viðurkenndu læknavísinda og þá sem lækningar fólksins, almúgans. Alþýðulækningar eru helst hefðbundnar, bundnar í hefð, og byggðar á reynsluvísindum sem berast áfram samhliða tímanum, mann fram af manni. Einn hluti alþýðulækninga teygir anga sína og rætur yfir í ókunna heima, inn í aðrar víddir og skýra hið óskýrða sem fyrir hefur borið í tilvist mannsins. Í þessu erindi verður skyggnst inn í handanheima, lækningaaðferðir kynntar og einhverju ljósi varpað á hugmyndafræðina að baki. Byggt verður á rituðum heimildum, svo sem þjóðsögum, frásögnum í bókum og tímaritum, en einnig á viðtölum við alþýðulækna. Þegar rýnt er í hugmyndafræðina má sjá birtast sjálfstætt kerfi hugmynda, greininga og aðferða til lækninga og að fleira ræður för en tilviljun ein þegar kemur að því að nema slík fræði.

Elsa Ósk Alfreðsdóttir

# Bæjarsollurinn og sveitasælan: Reykvísk börn send í sveit um aldamótin 1900

Seint á nítjándu öld átti sér stað ritdeila í dagblöðum um mikilvægi þess að senda reykvísk börn í sveit yfir sumartímann. Deilt var um hver væri ástæða ills uppeldis barna bæjarins, en þau ráfuðu um götur bæjarins í flokkum og þótti hegðun þeirra ábótavant. Var þeirri hugmynd varpað fram að mæður sinntu ekki uppeldisskyldu sinni sem skyldi og eyddu frekar tíma sínum í kaffidrykkju og slúður. Lausn vandans væri að senda öll börn í sveit. Í erindinu verður umræðan um mikilvægi sveitavistar fyrir börn sem ólust upp í þéttbýli greind og borin saman við seinni tíma umræðu um siðinn. Stuðst er við fréttir og frásagnir í dagblöðum og öðrum rituðum heimildum. Mestan hluta 20. aldar voru börn sem ólust upp í þéttbýli send í sveit til ættingja og vina, gjarnan í heimasveit foreldra, og sum til vandalausra. Því var haldið fram að þeim væri hollt að anda að sér fjallaloftinu, borða hollan mat, læra að vinna og umgangast dýr. Eins var bent á að sveitavist barna myndi bæta samskipti bæjar og sveita. Umræðan um sveitavist barna verður rædd í ljósi breyttra félags- og efnahagslegra aðstæðna allt eftir því sem leið á 20. öldina.

Jónína Einarsdóttir

# Sjónræn miðlun dvalar í sveit

Viðfangsefni fræðimanna sem byggja á reynslu fólks einskorðast um of við textalega framsetningu og er óhætt að segja að það geti haft það í för með sér að smætta viðfangsefnin. En reynsluheimur fólks byggir á sjónskynjun og hljóðum, svo eitthvað sé talið, sem er órjúfanlegur hluti af hversdagslegri lifun og þekkingarmyndun. Í þverfaglega rannsóknarverkefninu *Óháður flutningur íslenskra barna á 20. öldinni* er gerð tilraun með aðferðafræði sjónrænnar mannfræði til að miðla reynslu fólks af sveitadvöl barna og fræðilegum niðurstöðum í kvikmynd. Slík nálgun býður upp á ítarlegri miðlun en hefðarveldi fræða segir til um. Í kvikmyndinni er unnið með ljósmyndir, kvikmyndir, hljóð, viðtöl og prentefni sem lið í því að tefla saman fræðilegri greiningu á sveitadvöl og lifaðri reynslu fólks. Í erindinu verður fjallað um hvernig kvikmyndaformið nýtist til að miðla með heildstæðum hætti minningum og lifaðri reynslu fólks sem og veröld út frá sjónarhorni barna. Jafnframt verður fjallað um framlag sjónrænnar aðferða í þverfaglegri rannsóknarvinnu á sveitadvöl íslenskra barna sem byggir á félagslegri mannfræði, barnafræði, rannsóknum á fólksflutningum, félagsráðgjöf og bókmenntum.

Sigurjón B. Hafsteinsson
Tinna Grétarsdóttir
Emma Ævarsdóttir
Hörn Kristbjörnsdóttir

# Sveitadvöl barna eins og hún birtist í íslenskum bókmenntum

Sá siður að senda börn úr þéttbýli í sveit yfir sumartímann er rótgróinn íslenskri sögu og menningu og birtist t.a.m. mjög víða í bókmenntum. Frásagnir af sveitadvöl barna fá verðskuldað rými í barnabókum, skáldsögum fyrir fullorðna og ýmiss konar sjálfsævisögulegum skrifum, janvel í ljóðum. Þessir textar eru gaumgæfðir og í erindinu verða kynnt ákveðin stef eða þemu sem birtast ítrekað þegar fjallað er um sveitadvöl barna í íslenskum bókmenntum. Að fara í fyrsta sinn ein(n) að heiman er reynsla sem oft er lýst og mikið er skrifað um ýmiss konar menningarmun á borg og sveit, svo sem annað málfar, öðruvísi mataræði og meiri kröfur til vinnu barna í sveit en í borg. Algengt er að greint sé frá einhvers konar trámatískri reynslu úr sveitinni, allt frá því að barn sér skepnur aflífaðar og bregður óþyrmilega, til þess að barn verður vitni að dauðaslysi eða er beitt alvarlegu ofbeldi. Heimþráin herjar á borgarbörnin og getur verið æði sár, en sveitadvölinni er ennfremur oft lýst sem ævintýralegri. Í íslenskum bókmenntum hefur dvöl borgarbarna í sveit ýmist mannbætandi áhrif eða er börnunum erfið reynsla.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

# Sumardvöl í sveit sem úrræði félags- og barnaverndaryfirvalda

Að senda börn úr þéttbýli til sumardvalar í sveit er gamall siður sem hefur tíðkast á Íslandi allt fram til dagsins í dag þó verulega hafi dregið úr þeirri hefð. Markmiðið með slíkri dvöl var meðal annars að koma börnum úr iðjuleysi kaupstaðalífsins og kenna þeim að vinna. Þörf var fyrir aukinn vinnukraft í sveitum yfir sumartímann og var sumardvöl kaupstaðabarna því ákjósanlegur kostur fyrir bændur. Flest börn voru send í sveit af fjölskyldu sinni en einnig voru börn send í sveit af barna- og félagsmálayfirvöldum sem þá greiddu með börnunum. Í erindinu verður gerð grein fyrir tveimur meistararannsóknum sem eru í vinnslu. Rannsóknirnar byggja á eigindlegum aðferðum. Tekin verða hálfstöðluð viðtöl við fólk sem var sent í sveitadvöl á vegum barna- og félagsmálayfirvalda á árunum 1985-1995. Einnig verða tekin viðtöl við fólk sem tók börn í sveit á sama tímabili. Markmiðið er að fá innsýn í upplifun og reynslu fólks af sveitadvölinni. Rannsóknirnar eru hluti af stærra verkefni um sumardvöl barna í sveit undir stjórn Jónínu Einarsdóttur o.fl. Niðurstöður rannsóknarinnar verður mögulega hægt að nýta til þess að auka stuðning við þá einstaklinga sem taka á móti börnum á vegum félagsmála- og barnaverndarnefnda. Það gæti síðan orðið til þess að bæta aðstæður þeirra barna sem koma til með að nota þetta úrræði í framtíðinni.

Margrethe Þórhildur Andreasen
Sara Lind Kristjánsdóttir
Hervör Alma Árnadóttir

# Strönduð í sveit

Siðurinn að senda börn í sveit er flestum kunnur enda um að ræða áratugalanga íslenska hefð sem náði um tíma til allflestra heimila með einum eða öðrum hætti. Reynsla fólks af því að vera sent í sveit er æði misjöfn, allt frá því að vera sök alls ills og að því að vera það sem bjargaði viðkomandi frá glötun, flest höfum við heyrt sögur af hvoru tveggja. Minna er þó rætt um reynslu þeirra sem tóku á móti börnunum, sinntu þeim og kenndu þeim að vinna; ýmist af ástúð eða hörku. Hér verður sagt frá reynslu þeirra sem tóku á móti börnum sem send voru í sveit á Ströndum. Skýrt verður frá sjónarhorni bænda, húsfreyja, vinnumanna og barna sem fyrir voru á bæjunum í máli og myndum. Frásögnin byggir á nýlegum viðtölum og gagnaöflun á svæðinu en Strandir voru lengi einangrað landsvæði þar sem nútímaþægindi á borð við rafmagn, vegasamgöngur og rennandi vatn bárust seint til ýmissa bæja. Því má ætla að upplifanir borgarbarna sem send voru á Strandir hafi verið æði dramatískar og áskorunin að venja þau við nýja lifnaðarhætti meiri en víða annars staðar.

Esther Ösp Valdimarsdóttir

# „Það dugar skammt að vita hvað eru góðir kennsluhættir ef þú hefur ekki efni á þeim“

Erindið greinir frá tilviksrannsókn sem hafði að meginmarkmiði að kanna í fyrsta lagi hugmyndir háskólakennara um einkenni „góðrar háskólakennslu“ og í öðru lagi hvað þeir álíta hafa áhrif á möguleika sína til að halda úti slíkri kennslu. Hér verður athyglinni beint að síðarnefnda markmiðinu. Rannsóknin tók til einnar háskólastofnunar á Íslandi. Skjöl voru skoðuð frá stjórnvöldum og stofnuninni, viðtöl tekin við kennara og stjórnendur og spurningalisti lagður fyrir fasta kennara. Helstu niðurstöður eru að framgangsviðmið eru ekki álitin gefa kennslu nægjanlegt vægi samanborið við rannsóknarþáttinn. Vísbendingar eru um að ákvarðanir stjórnvalda hafi mótandi áhrif á gæði kennslu. Þannig er reiknilíkan stjórnvalda almennt álitið hindra að hægt sé að halda úti góðri kennslu. Bologna ferlinu er aftur á móti almennt lýst sem jákvæðu breytingaafli. Rannsóknin vekur spurningar um hvort hugmyndir kennaranna um góða háskólakennslu, sem byggðar eru á sérfræði þeirra og námsgreinamenningu, vegi nógu þungt til að skilgreina gæði kennslu og leiða umræðuna um þau. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um svo sé ekki, þ.e. að ytri áhrifaþættir skilgreini og ákvarði gæði háskólakennslu. Meginniðurstaða er að mikilvægt sé að efla skilning þeirra sem koma að ákvörðunum um málefni og starfsemi háskóla á gagnvirkni ákvarðana sem teknar eru á stjórnvaldsstiginu, stofnanastiginu og einstaklingsstiginu.

Anna Ólafsdóttir

# Hvað eru eiginlega fjölbreyttir kennsluhættir? Raddir nemenda í sjálfsmati Háskóla Íslands

Í kennslufræðilegri umræðu um háskólastigið er hugmyndum um mikilvægi þess að nemendur séu virkir í námi (*student active learning; student engagement*) haldið mjög á lofti. Áhersla á virkni nemenda í námi er einnig sýnileg í stefnu Háskóla Ísland 2011-2016 þar sem m.a. er kveðið á um fjölbreytta kennsluhætti. Fyrr á þessu ári lauk viðamikilli úttekt á gæðum náms við Háskóla Íslands. Úttektin var liður í eftirliti Gæðaráðs með gæðum íslenskra háskóla með áherslu á nemendur, námsumhverfi og prófgráður. Kennslumiðstöð Háskóla Íslands aðstoðaði deildir skólans við sjálfsmat með því að kanna viðhorf nemenda til gæða kennslu. Í viðtölum við rýnihópa nemenda voru hugmyndir þeirra um kennsluhætti kannaðir. Hér verður gerð grein fyrir sýn nemenda á kennsluhætti við Háskóla Íslands og hvernig kennsluhættir nemendur telja að styðji þá best í námi. Gagna var aflað með viðtölum í rýnihópum nemenda við þrettán deildir svo og með greiningu á sjálfsmatsskýrslum deilda. Niðurstöður sýna að kennarar og nemendur eru ekki alltaf á einu máli um hvernig skilgreina eigi fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur telja kennsluhætti við skólann oft einsleita og kalla eftir mun virkari þátttöku í eigin námi.

Guðrún Geirsdóttir
Elva Björg Einrsdóttir

# Góðir hlutir gerast hægt: Að nota kennsluaðferðir leiklistar við að auka orðaforða tvítyngdra unglinga

Fjölgun tvítyngdra nemenda í grunnskólum á Íslandi kallar á rannsóknir á kennsluháttum og markvissum náms- og kennsluaðferðum sem notaðar eru í skólum landsins. Rannsóknir hafa sýnt fram á að nemendur með annað móðurmál en það sem ríkir í skólasamfélaginu eiga oft í námserfiðleikum vegna ófullnægjandi orðaforða. Rannsókn var gerð í einum af grunnskólum landsins og var tilgangur og meginmarkmið að skilja og öðlast þekkingu á hvort og hvernig kennsluaðferðir leiklistar geti haft áhrif á orðaforða tvítyngdra unglinga. Spurt var: Geta kennsluaðferðir leiklistar haft áhrif á orðaforða tvítyngdra unglinga í grunnskólum? Í rannsókninni var notuð eigindleg aðferðafræði þar sem rannsakandi var í lykilhlutverki. Framkvæmd var starfendarannsókn á vettvangi (*action research*) og var hluti af henni etnógrafía (e*thnography*). Þátttakendur voru fjórar asískar stúlkur í sama grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu haustmisserið 2014. Vettvangurinn var kennslustofa kennara sem kennir tvítyngdum nemendum og notaði kennarinn kennsluaðferðir leiklistar eftir að hafa lært þær undir leiðsögn háskólakennara sem er sérfræðingur í aðferðinni. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur meðal annars fram að kennsluaðferðir leiklistar auka orðaforða tvítyngdra unglinga, jafnframt efla þær sjálfstraust þeirra.

Ása Helga Ragnarsdóttir
María Lovísa Magnúsdóttir

# Information literacy instruction: Theory and practice*

The purpose of the paper is to present and discuss theory of information literacy instruction and its implementation and transfer into practice. Furthermore best practices in the field are brought in and introduced. The methods used are a literature overview and content analysis. In the ever changing world of the present time students in schools and the general public as well need to be equipped with skills to be able to cope with the challenges of the rapid innovations in technology and communication and the rising globalization as well. It is widely recognized that information literacy – the ability to identify information need, seek, locate, critically evaluate and use information in an ethical manner – is among the cornerstones in education and underpins active and informed participation in the information and knowledge society. Iceland does neither have a formal national policy on information literacy nor is information literacy strongly repesented in the National curriculum guidelines for the secondary school. Therefore it is interesting to study the emphasis scholars and other nations place on information literacy for that school level and its instruction as well as the teaching methods and ideology used. Among other the The Big6TM program, introduced by Eisenberg and Berkowitz, is under consideration. The objective of the study is mainly to see if there is a difference between Iceland and other countries concerning the emphasis placed on information literacy and to draw conclusions from the findings.

Þórdís T. Þórarinsdóttir
Ágústa Pálsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

# The creation and features of the online archive devoted to Sigurður Guðmundsson, the Painter, and the “Evening Society”*

“Inventing Culture: Defining Sources of Theory and Inspiration and the Long-Term Results of Culture Creation by Icelandic Intellectuals 1857–1874” is an interdisciplinary project which brought together specialists from a variety of fields, including folkloristics, literature, theatre and museum studies, history and design. Carried out between 2011 and 2014, it resulted in the creation of an extensive archive which maps out the intellectual history and the widespread cultural influence of the “Evening Society“ (Kveldfélagið) and one of its founding members, the artist and designer Sigurður Guðmundsson (1833–1874). The project, supported by Rannís – The Icelandic Centre for Research, was a unique collaboration between Icelandic scholars at home and abroad and key Icelandic archive institutions. This paper presents the main features of the wide-ranging digital archive produced by the project. It underlines, among other things, the need to consider the international context of romantic nationalism for the development of Icelandic culture at this time. The paper will also discuss the theoretical and practical considerations that pertain to a large digital humanities project of this kind.

Olga Holownia

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri: Tilurð, samhengi og söfnun

Sagt verður frá rannsóknarverkefni þar sem fjallað verður um söfnun og útgáfu þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri (1862-1864). Búið verður til ítarlegt, aðgengilegt og notendavænt stafrænt gagnasafn með fræðilegri umfjöllun og beinum tengingum við önnur skyld gagnasöfn, stafræn handrita- og bókasöfn, gagnagrunna og vefsíður. Árið 2014 voru 150 ár liðin frá því að lokabindi frumútgáfu þjóðsagnasafnsins kom út og 2019 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Árnasonar. Tilefni gefst til að fagna þeim tímamótum með slíkri rannsókn og birtingum á niðurstöðum hennar. Hið mikilsmetna verk Jóns Árnasonar verður skoðað með því að beina ljósi að hinu þjóðernislega samhengi, sem hluta af hreyfingu sem miðaði að því að skapa grundvöll þjóðmenningar og endurspeglast m.a. í baráttu fyrir stofnun þjóðleikhúss og þjóðminjasafns. Í því samhengi verður samband Jóns og bréfaskipti við fólk sem skráði og sendi honum sögur athugað. Reynt verður að sjá viðhorf þessa fólks, sem bjó víða um land og tilheyrði mismunandi stéttum þjóðfélagsins, þó að prestar og embættismenn séu í meirihluta. Ekki er síður mikilvægt að setja þjóðsagnasöfnunina í alþjóðlegt samhengi með því að skoða hana í tengslum við það sem gerðist hjá nágrannaþjóðunum þar sem söfnun þjóðsagna hófst fyrr en hér á landi.

Rósa Þorsteinsdóttir

# Konrad Maurer og íslensk þjóðsagnasöfnun

Í erindinu verður fjallað um aðkomu Þjóðverjans Konrads Maurers að útgáfu Íslenzkra þjóðsagna og æfintýra á árunum 1858–64. Í rannsókninni var lögð áhersla á að leita uppi frumgögn, auk annarra heimilda sem gætu varpað ljósi á hlut Maurers í þessari útgáfu. Maurer var lögfræðingur að mennt en hafði einnig áhuga á bókmenntum, sögu og máli. Hann lærði íslensku og kom hingað árið 1858 til að ferðast um landið, en við það tækifæri safnaði hann þjóðsögum. Í Íslandsferðinni kynntist hann Jóni Árnasyni og hófu þeir samstarf um að gefa út veglegt safn þjóðsagna, sem Maurer fann útgefanda fyrir í Þýskalandi. Það kom síðan út í tveimur bindum á árunum 1862–64. Á meðan samstarfinu stóð skrifuðust þeir mikið á til að ræða um tilhögun safnsins. Jón hélt utan um söfnunina á Íslandi og sendi efnið til Maurers, sem sá um allt sem sneri að útgáfunni í Þýskalandi. Maurer hafði milligöngu milli Jóns og forlagsins og sá um prófarkalestur, en í bréfum þeirra má sjá að hann hjálpaði Jóni við margt annað er viðkom útgáfunni. Maurer var vel að sér um söfnun þjóðsagna og hafði sjálfur reynslu af henni, og studdi hann við bakið á Jóni með ráðleggingum og hvatningu við söfnun hans. Rannsóknin sýnir að aðkoma Maurers að Íslenzkum þjóðsögum og æfintýrum var meiri en menn hafa áður gert ráð fyrir.

Sigrún Gylfadóttir
Aðalheiður Guðmundsdóttir

# „Maðurinn á mótorhjólinu“: Vonir og Mótorhjólasafn Íslands

Í kjölfarið á fjármálahruninu haustið 2008 var hafist handa við byggingu Mótorhjólasafns Íslands á Akureyri. Framkvæmdir við nýbygginguna hófst í janúar 2009 og opnaði safnið dyr sínar fyrir gestum þann 15. maí 2011. Safnið er reist í minningu Heiðars Þórarins Jóhannssonar, Heidda, sem var forfallinn áhugamaður um mótorhjól og átti mörg slík sem mynda kjarnann í safnkosti safnsins. Heiddi lést í mótorhjólaslysi árið 2. júlí 2006, en ári síðar tóku vinir og vandamenn sig til og einsettu sér að koma safninu á laggirnar. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir tilurð og væntingum manna til safnsins í ljósi kenninga þýska heimspekingsins Ernst Bloch um vonina. Leitað verður svara við því hvaða vonir menn báru til stofnunar safnsins og minningarinnar um Heidda. Rannsóknin byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að vonir leika stórt hlutverk í stofnanlegri uppbyggingu safna eins og Mótorhjólasafns Íslands. Um leið eru vonir einnig helstu hindranirnar í félagslegum samskiptum og þar með grundvöllur að átökum.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

# The factors of disability and socio-economic class in permanent child custody removal

This presentation draws upon some initial findings from the ongoing project Fjölskyldulíf og fötlun (*Family life and disability*), a multi-year research project supported by the University of Iceland's Research Fund. The aim of this project is to gain knowledge of the status and protection of the human rights of disabled parents in Iceland through a study of the implementation of child protection measures. Existing research from abroad shows that parents with intellectual disabilities face significant risks of losing the custody of their children, despite intellectual disability being a poor predictor of parenting ability. The focus on individual parents and their supposed 'deficiencies,' ascertained through IQ, parenting and personality assessments, overlooks important social, economic and environmental factors as issues where parents need support in order to retain the custody of their children. Socio-economic class is an often unrecognised thread that runs through the custody cases that we have examined. However, what appears to be even less acknowledged is the factor of the class biases of the professionals who evaluate and assess parenting ability, and which appears to play a role in the trajectory and outcomes of these custody removal cases.

James G. Rice
Hanna Björg Sigurjónsdóttir

# Vímuefnaneysla og önnur áhættuhegðun unglinga með þroskahömlun

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þau vandamál sem unglingar með þroskahömlun geta glímt við, með áherslu á vímuefnanotkun. Rannsóknin skiptist í tvennt, annars vegar voru gögn frá meðferðarstöðinni Stuðlum skoðuð út frá greind og áhættumati. Seinni hluti rannsóknarinnar fól í sér viðtöl við fjóra fagaðila um málefni unglinga með þroskahömlun sem eiga einnig við önnur vandamál að stríða, til dæmis vandamál á borð við vímuefnamisnotkun, hegðunarerfiðleika og aðra áhættuhegðun. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að ungmenni með þroskaraskanir sem hafa farið á Stuðla voru líklegri til að hafa átt við vímuefnavanda að stríða en önnur ungmenni sem hafa farið í meðferð þar. Nánar tiltekið voru þau ungmenni sem mældust með undir 70 í greindartölu líklegri til að hafa misnotað vímuefni en þau sem voru með 70 eða yfir í greindartölu af þeim sem höfðu verið í meðferð á tilteknu tímabili. Niðurstöðurnar benda til þess að þroskahömlun geti verið áhættuþáttur varðandi vímuefnaneyslu og afbrotahegðun. Niðurstöður benda jafnframt til þess að meðferð og stuðningur við unglinga með þroskahömlun ætti að vera sértækari og á annan hátt en fyrir unglinga sem ekki eru með þroskahömlun og miðast betur við þeirra getustig.

Ásgeir Pétursson
Freydís Jóna Freysteinsdóttir

# Áhrif vímuefnasýki á fjölskyldur

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort vímuefnafíkn einstaklings í fjölskyldu hafi áhrif á fjölskylduánægju, samskiptiog sveigjanleika milli annarra fjölskyldumeðlima og fjölskyldukerfisins. Alþjóðlegar rannsóknar hafa sýnt að vímefnafíkn getur haft alvarleg áhrif á samskipti og líðan innan fjölskyldukerfisins (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin). Í rannsókninni er megindlegri aðferðarfræði beitt, samsettir spurningalistar voru lagðir fyrir 115 þátttakendur í fjölskyldumeðferð hjá SÁÁ veturinn 2014 til 2015. Spurningalistarnir tveir sem lagðir voru fyrir eru hluti af Family Adaptability and Cohesion Evaluation Scales (FACES IV) spurningalistanum sem mælir samheldni, sveigjanleika og samskiptahæfni í fjölskyldum Family Communication Scale (FCS) og Family Satisfaction Scale (FSS). Í erindinu verður fjallað um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sem benda til að það vímuefnafíkn einstaklings í fjölskyldum hafi áhrif á aðra fjölskyldumeðlimi og félagslegt umhverfi fjölskyldunnar, og þessar niðurstöður eru settar í alþjóðlegt samhengi.

Jóna Margrét Ólafsdóttir
Steinunn Hrafnsdóttir

# Að koma reiðu á óreiðu: Etnógrafísk nálgun að upplifun ferðamanna af eyðibýli

Erindið fjallar um upplifun ferðamanna af því að ganga um í eyðibýli. Helsta einkenni yfirgefinna bygginga er hið tvíræða eðli sem þær bera sem felst í samtali milli fortíðar og nútíðar, menningar og náttúru, nærveru og fjarveru. Það er þetta samtal sem einblínt var á í þessari rannsókn þar sem frásagnir 16 ferðamanna og upplifun þeirra af tilteknu eyðibýli voru til skoðunar. Notast var við aðferðafræði sem nefnist sjón- og skynræn etnógrafía og var markmiðið að kanna heildarupplifun ferðamanna í óreiðukenndu umhverfi eyðibýlisins, en aðferðin nýtist vel til að fanga samband umhverfisins og líkamlegrar iðkunar sem tengd er skynjun. Gengið var með þátttakendum um eyðibýlið og athafnir þeirra teknar upp með myndbandsupptökuvél. Niðurstöður sýna að þátttakendur upplifðu húsið milli margræðra einkenna, efnisleg óreiða varð þess valdandi að sköpuð var saga fyrri íbúa og þeir gerðir sýnilegir með frásögnum. Óreiðan kallaði einnig á minningar og persónulegar sögur og voru frásagnir tilraun til að koma reiðu á óreiðuna. Þátttakendur sköpuðu eyðibýli sem stað með því að ganga sögu fyrri íbúa á sama tíma og þeir sköpuðu sína eigin. Niðurstöður benda til þess að aðferðafræðin gefi djúpan skilning á upplifun fólks og geti þar af leiðandi nýst vel við að nálgast tengsl ferðamanna við tiltekna áfangastaði.

Hafþór Óskarsson
Katrín Anna Lund

# Að setja sálina í pottana: Umsköpun, margbreytileiki og túlkun í hversdagsleika ferðaþjónustueldhússins

Þetta erindi fjallar um hugmyndir, viðhorf og hugsjónir tenga mat og matarmenningu, hjá eigendum lítilla ferðaþjónustufyrirtækja í dreifbýli, og hvernig þessir þættir endurspeglast í matargerð og framboði veitinga í ferðaþjónustu. Matur og matarmenning tilheyrir efnismenningu og fagurfræði hversdagsins í þjóðfræði. Í daglegu lífi hlutgerir fólk gildi sín og viðhorf meðal annars í matargerð. Opinber orðræða miðlar einnig gildismati, sem einatt er ríkjandi viðhorf á hverjum tíma. Markmið verkefnisins er að skoða hvernig fólk í dreifbýlis ferðaþjónustu notar mat og matarmenningu til sköpunar og tjáningar, og hvernig það upplifir og leggur merkingu í sín daglegu störf í ferðaþjónustunni, meðal annars með matreiðslu og þjónustu við ferðamenn. Erindið byggir á viðtölum sem tekin voru við ferðaþjónustuaðila í dreifbýli á Norður-, Vestur- og Suðurlandi þar sem skyggnst var inn í eldhúsið, skoðað hvernig matur og matarmenning er nýtt og hvað hugsanlega liggur að baki vali á hráefni, matargerð og framreiðslu í fyrirtækjunum. Í erindinu eru niðurstöður viðtalanna bornar saman við opinbera orðræðu um íslenskan mat og matvælaframleiðslu, og þær settar í samhengi við fræðilega umræðu, m.a. um rými, stað og gerendahæfni. Niðurstöður benda til flókins samspils opinberrar orðræðu, gildismats og skipulags, við marbreytileika og umsköpun daglegra athafna.

Laufey Haraldsdóttir

# Myrkraverk: Hlutverk leiðsögumanna í norðurljósaferðum

Á síðustu árum hafa norðurljósaferðir þróast yfir í að vera einn helsti stólpi vetrarferðaþjónustu á Íslandi sem og á öðrum norðlægum áfangastöðum. Í þessu erindi verður hlutverk leiðsögumanna í norðurljósaferðaþjónustu gaumgæft. Þær ferðir sem eru í boði fyrir ferðafólk að skoða norðurljós eru afar misjafnar af umfangi og eiginleikum en eiga það þó sameiginlegt að upplifunin sem verið er að selja verður til í samspili fjölmargra gerenda, mannlegra sem og ómannlegra. Hlutverk leiðsögumannsins er oft og tíðum veigamikið, ekki síst þegar hvikul norðurljósin láta ekki að stjórn og birtast jafnvel ekki á næturhimninum. Þá reynir á hæfileika leiðsögumannsins til að spinna upplifunina áfram og gera það besta úr aðstæðum. Kenningar um sameiginlega sköpun upplifunar verða nýttar til að greina ólíkar athafnir leiðsögumanna í norðurljósaferðum. Tekin verða dæmi frá Íslandi og Noregi og þau borin saman með tilliti til mikilvægis leiðsögumanna og ólíkra leiða sem þeir fara til skapa norðurljósaupplifun í ferðum sínum.

Gunnar Þór Jóhannesson
Katrín Anna Lund
Karen Möller Sívertsen

# Velferð og vá: Hlutverk félagsþjónustunnar

Norðurlöndin eru þekkt fyrir víðtæk velferðarkerfi og öfluga félagsþjónustu en norrænar rannsóknir um hlutverk félagsþjónustu á tímum hamfara eru af skornum skammti. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort og þá með hvaða hætti aðkoma félagsráðgjafar á Norðurlöndum er skipulögð í tengslum við náttúruhamfarir og önnur samfélagsleg áföll. Velferðarkerfið gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að draga úr áhrifum áfalla af ýmsu tagi og er ekki síst mikilvægt á uppbyggingartímum samfélaga í kjölfar áfalla. Aðkoma heilbrigðiskerfisins í neyðaráætlunum og í skipulagi almannavarna er skýr en hlutverk félagsþjónustunnar er hins vegar fremur óljós. Félagsráðgjöf hefur í auknum mæli lagt áherslu á sérhæfingu og rannsóknir á sviði hamfarafélagsráðgjafar (*disaster social work*) þar sem félagsþjónusta er talin leika lykilhlutverk í vinnu með hópum sem standa höllum fæti í því skyni að draga úr tjónnæmi (*vulnerability*) þeirra og efla viðnámsþrótt (*resilience*). Í rannsókninni verður blönduðum rannsóknaraðferðum beitt: 1) eigindleg innihaldsgreining á opinberum gögnum og 2) rýnihópa- og einstaklingsviðtöl við fagaðila innan félagsþjónustunnar.

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Guðný Björk Eydal

# Impact of an economic collapse on child health in Iceland

Since late 2008, many European countries have experienced the consequences of a steep economic downturn. Under economic hardship, children and families are the ones most likely to suffer the consequences. The aim of the paper is to identify and discuss child health in Iceland before and after an economic crisis when more than nine tenths of the Icelandic banking system collapsed within two weeks in October 2008. Data was retrieved from diverse sources: national databases to monitor services and healthcare delivery; nationwide survey data on child and adolescent health and wellbeing; policy responses with particular attention to children and families; and contact with selected professionals for their knowledge on policy and child health services. Overall, the economic crisis has not negatively impacted on commonly used child health indicators; one exception is increased prevalence of small-for-gestational age that needs further exploration. Despite deep cuts in costs that still may threaten the future quality of the services, coverage and access to universal healthcare, educational, and social services has been a key pillar in the response to protect the health of children in Iceland. Monitoring of any potential long-term impact on child health has to be put in place with particular attention to increasing inequality and its effect on child health.

Geir Gunnlaugsson

# Getur skýrari löggjöf bætt velferðarþjónustu?

Niðurstöður eru hluti rannsóknar með markmiði að kanna hvort og hver munurinn er á stefnu og löggjöf stjórnvalda varðandi starfsendurhæfingu/starfsmiðuð úrræði í Noregi og á Íslandi og áhrifum þess á skipulag og framkvæmd slíkra úrræða í löndunum. Notast var bæði við eigindlega og megindlega aðferð. Megin niðurstöður sem hér eru kynntar sýna að réttindi og skyldur einstaklinga með skerta starfsgetu sem hafa verið utan vinnumarkaðar og þurfa á fjárhagsaðstoð og stuðningi sveitarfélaga að halda er skýrari í norskri löggjöf en þeirri íslensku. Samkvæmt norskri löggjöf á viðkomandi rétt á að taka þátt í sérstöku starfsmiðuðu úrræði með einstaklingsmiðuðum stuðningi. Auk fjárhagsaðstoðar skal það fela í sér eigið mat á starfsgetu, einstaklingsmiðaða áætlun og eftirfylgd hennar og þverfaglega þjónustu. Sérstaklega er kveðið á um einstaklingsáætlanir þeirra sem eiga við vímuefnasýki að etja. Sambærileg lög á Íslandi kveða á um að einstaklingar skuli fá félagslega ráðgjöf, upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál vegna stuðnings við félagslegum og persónulegum vanda. Sérstök úrræði eru ekki skilgreind. Vímuefnasjúkir sem fengið hafa meðferð og læknishjálp skulu fá stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni. Í Noregi er (virðist) stuðningur þéttari við þátttakendur í starfsmiðuðum úrræðum, en í sambærilegum úrræðum á Íslandi sem endurspeglar löggjöfina að því marki. Brottfall er töluvert hærra í úrræðum í Reykjavík sem rekin eru á grundvelli laga um félagslega þjónustu miðað við sambærileg úrrræði í Þrándheimi í Noregi. Það má álykta að mismunandi löggjöf hafi mismunandi áhrif á framkvæmd úrræða þannig að skýr löggjöf um framkvæmd þjónustu skilar meiri árangri hvað varðar heldni í úrræðum.

Erla Björg Sigurðardóttir

# Viðhorf íbúa Fjallabyggðar til heilbrigðisþjónustu

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða áhrif mikilla samfélagsbreytinga á síðustu árum við sameiningu Ólafs- og Siglufjarðar í sveitarfélagið Fjallabyggð, auk niðurskurðar og hagræðingar innan opinberrar þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu. Rannsóknarspurning er: „Hver er ánægja íbúa Fjallabyggðar með aðgengi, fjölbreytileika og gæði heilbrigðisþjónustu í Fjallabyggð á árunum 2009 og 2012.“ Til að svara rannsóknarspurningunni var notuð blönduð aðferð með umbreytingarsniði. Gagnaöflun var tvískipt og fól í sér tvær spurningalistakannanir og 11 viðtöl alls við sex einstaklinga á árunum 2009 og 2012. Árið 2009 svöruðu 732 íbúar Ólafs- og Siglufjarðar spurningalistakönnun og árið 2012 tóku 416 þátt. Niðurstöður benda til þess að íbúar Ólafs- og Siglufjarðar séu almennt ánægðir með heilbrigðisþjónustuna. Marktækur munur mældist milli ára á ánægju með aðgengi að heilbrigðisþjónustunni og fjölbreytileika. Greining viðtala sýndu að niðurskurður og hagræðing var íbúum áhyggjuefni og að grunnþjónustan skiptir þá afar miklu, auk þess að hafa val um hvert þjónusta er sótt. Traust til heilbrigðisstarfsmanna hefur m.a. áhrif á hvort íbúar upplifa sig örugga. Ályktun er dregin um mikilvægi þess að meta áhrif niðurskurðar og hagræðingar, auk þeirra samfélagsbreytinga sem verða t.d. við miklar samgöngubætur. Til að ná heildarmynd er nauðsynlegt að skoða sem flesta þætti og íbúarnir sjálfir mega ekki gleymast í umræðunni.

Sonja Stelly Gústafsdóttir
Kristjana Fenger
Þóroddur Bjarnason

# Notkun á heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra verkja

Einstaklingar með langvinna verki eru meðal þeirra sem nota heilbrigðisþjónustu mest. Tengsl milli langvinnra verkja, heilsutengdra lífsgæða og notkunar á heilbrigðisþjónustu eru flókin og margþætt, og aðeins hluti þeirra sem þjást af langvinnum verkjum nýta sér heilbrigðisþjónustu vegna þeirra. Almennt er einnig talið að langvinnir verkir séu algengari meðal kvenna og að konur nýti sér heilbrigðisþjónustu í meira mæli en karlar.
Markmið: Að skoða notkun á heilbrigðisþjónustu vegna langvinnra verkja út frá lýðfræðilegum og verkjatengdum þáttum.
Aðferð: Spurningalisti var sendur til 4500 einstaklinga á aldrinum 20-70 ára. Auk lýðfræðilegra upplýsinga var safnað upplýsingum um verki, heilsutengd lífsgæði og notkun á heilbrigðisþjónustu vegna verkja síðustu 6 mánuði. Líkan Ronalds Andersen um notkun á heilbrigðisþjónustu var notað til að-skoða tengsl breyta.
Niðurstöður: Tæplega helmingur þátttakenda (47,5 %) voru með verki sem varað höfðu í 3 mánuði eða lengur. Rúmlega helmingur (53,2%) þeirra sem voru með langvinna verki höfðu leitað eftir heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði vegna verkjanna. Mynstur verkjanna (stöðugir/daglegir), ásamt truflun þeirra í daglegu lífi og neikvæð áhrif á lífsgæði, voru þeir þættir sem höfðu mest forspárgildi um það hvort einstaklingurinn nýtti sér heilbrigðisþjónustu vegna þeirra. Þó að ekki væri tölfræðilega marktækur munur milli kynja á notkun heilbrigðisþjónustu vegna verkja þá voru þessi áhrifaþættir mismunandi hjá konum og körlum.

Þorbjörg Jónsdóttir

# Gagnreyndar aðferðir við félagslega ráðgjöf í málefnum aldraðra

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort gagnreyndum aðferðum sé beitt við félagslega ráðgjöf í málefnum aldraðra á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Könnuð voru mál aldraðra sem fengu sérstakar húsaleigubætur frá Reykjavíkurborg árið 2013 því sýnt hefur verið fram á að fjárhagsstaða getur gefið vísbendingar um vanda á öðrum sviðum. Beiting gagnreyndra aðferða felur í sér að sameina fagþekkingu félagsráðgjafa, sjónarmið notanda og bestu aðgengilegu rannsóknarniðurstöður á hverjum tíma. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur til beitingu gagnreyndra aðferða í velferðarþjónustu, og samkvæmt 7. gr. laga um félagsráðgjöf nr. 95/1990, er hverjum félagsráðgjafa skylt að viðhalda þekkingu sinni. Við rannsóknina var notuð blönduð aðferð; innihaldsgreining á 63 málum úr málaskrá Velferðarsviðs og eigindleg viðtöl tekin við sjö fagaðila. Helstu niðurstöður eru að gagnreyndum aðferðum er ekki beitt við félagslega ráðgjöf í málefnum aldraðra. Unnið er út frá hugmyndafræði málstjórnar í einhverjum tilfellum en ekki öllum. Niðurstöður benda til þess að víða megi auka skráningu í málum aldraðs fólks. Fagfólk í öldrunarþjónustu er jákvætt gagnvart því að viðhalda þekkingu sinni og gerir það eftir bestu getu. Það telur sig skorta tíma og rými til að beita markvisst gagnreyndum aðferðum. Viðmælendur voru sammála um að stofnanaumhverfi þyrfti að vera hvetjandi ef beiting gagnreyndra aðferða við félagslega ráðgjöf í málefnum aldraðra ætti að verða að veruleika.

Sirrý Sif Sigurlaugardóttir
Sigurveig H. Sigurðardóttir

# Þróun í upplýsingahegðun eldra fólks: Öflun og mat á rafrænum upplýsingum um heilsu og lífsstíl?*

Hlutfall eldra fólks vex hratt á Íslandi eins og víða í öðrum vestrænum löndum. Því er nauðsynlegt að huga að því hvernig velferðarsamfélagið getur stuðlað að lífsgæðum eldri borgara og stutt við þátttöku þeirra í samfélaginu. Gott aðgengi að upplýsingum, sem og geta til að afla og notfæra sér upplýsingar, skiptir verulegu máli í því sambandi. Miklar breytingar hafa orðið á upplýsingaflæði á undanförnum árum og þar með möguleikum fólks til að verða sér úti um upplýsingar. Einkum hefur færst mjög í aukana að miðla upplýsingum í gegnum Internetið þar sem aðferðir og leiðir hafa verið í mikilli þróun. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður þriggja kannana sem gerðar voru árin 2002, 2007 og 2012 þar sem rannsökuð er þróun í upplýsingahegðun meðal Íslendinga í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl. Áhersla verður lögð á að kynna niðurstöður um þátttakendur sem tilheyra tveimur elstu aldurshópunum, annars vegar fólk á aldrinum 60 til 67 ára, og hins vegar fólk sem er 68 ára og eldra. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hvernig hefur upplýsingahegðun aldurshópanna tveggja þróast frá 2002 til 2012? 2) Er munur á því hvernig upplýsingahegðun aldurshópanna hefur þróast og ef svo í hverju felst hann? Notaðar voru megindlegar aðferðir og gagna aflað frá 1.000 manna tilviljunarúrtökum fólks á aldrinum 18 til 80 ára árin 2002 og 2007, og 1.200 manna tilviljunarúrtaki fólks á aldrinum 18 ára og eldri árið 2012. Árið 2002 var svarhlutfall 51%, 2007 var það 47% og 2012 var það 58%. Fjallað verður um hvar þátttakendur kjósa að afla upplýsinga þar sem borin verður saman upplýsingaleit í þremur mismunandi miðlum, það er, upplýsingaleit í fjölmiðlum, frá sérfræðingum á heilbrigðissviði og á Internetinu. Ennfremur verða kynntar niðurstöður um hvernig þátttakendur meta gagnsemi og áreiðanleiki upplýsinga í fjölmiðlum, frá sérfræðingum og á Internetinu.

Ágústa Pálsdóttir

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Starfsþróun og gagnreyndar aðferðir

Meðal félagsráðgjafa hefur á síðustu árum verið talsvert fjallað um starfsþróun og það tengt umræðu um gagnreyndar aðferðir, rannsóknir og nýsköpun. Ýmislegt bendir þó til þess að þekking á gagnreyndum aðferðum sé takmörkuð og skilgreining fremur óljós meðal félagsráðgjafa. Rannsóknaniðurstöður hafa bent til þess að með því að beita gagnreyndri nálgun sé líklegra að þörfum notenda sé mætt og eigi það bæði við í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í erindinu verður fjallað um skilgreiningar á starfsþróun, gagnreyndum aðferðum og eru viðhorf starfandi félagsráðgjafa til starfsþróunar og þekkingarsköpunar reifuð. Stuðst verður annars vegar við niðurstöður megindlegrar rannsóknar á viðhorfi félagsráðgjafa til gagnreyndra aðferða og hins vegar við könnun sem framkvæmd var í febrúar 2015 meðal starfandi félagsráðgjafa um hvernig þeir viðhalda þekkingu sinni. Niðurstöður benda til þess að félagsráðgjafar hafa jákvætt viðhorf til gagnreyndrar nálgunar. Þrátt fyrir jákvætt viðhorf virðast félagsráðgjafar eiga í vandræðum með að útskýra hvað felst í gagnreyndum aðferðum og í starfsþróun þeim tengdum. Niðurstöður benda einnig til þess að þörf sé á því að styðja við og efla markvissa starfsþróun með það að markmiði að veita bestu félagsráðgjöf sem völ er á hverju sinni.

Hervör Alma Árnadóttir
Halldór S Guðmundsson

# Forkaupsréttarsniðganga*

Í forkaupsrétti felst almennt að forkaupsréttarhafi eigi rétt á að kaupa eign ef eigandi hefur ákveðið að selja hana til þriðja aðila, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Réttarsamband eiganda og forkaupsréttarhafa er náið en þó kunna þeir að eiga ólíkra hagsmuna að gæta sem eftir atvikum stangast á. Einkum koma hér til skoðunar hagsmunir eiganda af því að njóta eignarréttarverndar og samningsfrelsis og hagsmunir forkaupsréttarhafa af því að forkaupsrétturinn sé ekki að engu hafður og þar með undirliggjandi tilgangur hans. Á þessa hagsmunaárekstra reynir með skýrum hætti þegar til álita kemur hvort með tilteknum gerningum sé verið að sniðganga forkaupsrétt. Sem dæmi má nefna að á seinustu árum hefur verið algengt að á sniðgöngu forkaupsréttar reyni þegar selt er hlutafé í félagi, sem er eigandi forkaupsréttarandlags, í stað forkaupsréttarandlagsins sjálfs. Hefur umfjöllunarefnið því raunhæft gildi og getur haft veruleg áhrif á hagsmuni sem forkaupsrétti er ætlað að standa vörð um. Í ljósi framangreinds vakna þrjú álitaefni og er markmiðið með þessu framlagi að leita svara við þeim. Í fyrsta lagi er álitaefni hvort það hafi yfirhöfuð einhver áhrif á virkni forkaupsréttar þótt ráðstöfun sé gerð í því skyni að sniðganga forkaupsrétt. Í öðru lagi er álitaefni hver séu einkenni ráðstöfunar sem gerð er í þessu skyni, og í þriðja lagi hvernig megi koma í veg fyrir að hægt sé að sniðganga forkaupsrétt.

Þorvaldur Hauksson
Helgi Áss Grétarsson

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Forkaupsréttur sveitarfélaga samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og forkaupsréttarsniðganga

Í 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er fjallað um forkaupsrétt sveitarfélaga að fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Skilyrði er að þau séu seld til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi. Ber að bjóða sveitarfélagi forkaupsrétt við slíkar aðstæður og veita viðkomandi sveitarfélagi allar upplýsingar sem máli geta skipt. Hefur sveitarfélag fjórar vikur til að svara skriflega slíku tilboði annars fellur forkaupsréttur niður í það sinn. Við fyrstu sýn má ætla að þessi lagatexti sé nokkuð skýr en þó hefur reynt á skýringar á þessu ákvæði fyrir dómstólum. Má sérstaklega vísa til Hrd. nr. 475/2014 varðandi umfjöllun um ákvæðið. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að textaskýring á orðinu fiskiskip í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 gæti engum vafa valdið og að kaupsamningurinn hefði ekki verið gerður um fiskiskip heldur hlutabréf í. Er einnig tekið skýrt fram að forkaupsréttur sveitarfélaga nái ekki til aflahlutdeildar fiskiskips. En á það álitaefni reyndi einnig í dómi héraðsdóms Reykjaness nr. E-1165/2014. Þegar skoðaður er forkaupsréttur sveitarfélaga í þessu samhengi verður einnig að hafa hliðsjón af 1. gr. laga nr. 116/2006 sem m.a. segir að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Ólafur Helgi Árnason

# Síldarvinnslumálið: Forkaupsréttur samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða

Í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er kveðið á um forkaupsrétt sveitarfélaga við sölu á fiskiskipi til útgerðar í öðru sveitarfélagi. Í Hæstaréttarmálinu nr. 475/2014, Síldarvinnslan hf. og Q44 ehf. gegn Vestamannaeyjabæ, var tekist á um það hvort sala á öllu í hlutafé í útgerðarfélagi félli undir ákvæði 3. mgr. 12. gr. laganna. Lagði Hæstiréttur til grundvallar að skýra yrði ákvæðið út frá orðanna hljóðan og rýmkandi skýring eða lögjöfnun kæmi ekki til álita í ljósi þess að ákvæði um forkaupsrétt fela í sér skerðingu á eignarrétti. Í málinu togast á tvö grundvallarsjónarmið fiskveiðistjórnunarlaganna; annars vegar sjónarmið um hagkvæmni og hagræðingu, sem eru þungamiðja þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum árið 1990, og hins vegar byggðasjónarmið, en hvort tveggja má ráða af markmiðsákvæði 1. gr. laganna. Vilji löggjafans vegur þar þungt og jafnframt að ákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna í heild sinni séu skýrð þannig að þau myndi heildstætt regluverk, en ekki tilviljanakennt samansafn reglna. Þannig leit Hæstiréttur sérstaklega til þess að í 6. mgr. 12. gr. laganna er kveðið á um að framsal aflaheimilda sé frjálst, en sú regla hefði að engu orðið ef fallist hefði verið á að forkaupsréttur sveitarfélaga næði til aflaheimilda eða hlutafjár en væri ekki einungis bundinn við skip.

Borgar Þór Einarsson

# Nefndir á vegum ríkisins: Frá hefðbundinni stjórnsýslu til stýrinetsstjórnsýslu*

Í þessari grein er fjallað um nefndir, ráð og stjórnir á vegum íslenska ríkisins í ljósi netkerfis-kenninga og almannavalskenninga. Rannsóknin byggir á viðtölum við embættismenn og umfangsmiklum gögnum um fjölda og umfang nefnda innan Stjórnarráðsins á árunum 2011-2013 og sambærilegum fyrirliggjandi gögnum frá árinu 2000. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort að íslenska stjórnsýslan hafi þróast frá hefðbundinni stjórnsýslu í átt að stýrinetsstjórnsýslu, og jafnframt hvort að greiningar styðji sýn almannavalskenninga um hinn eigingjarna og hámarkandi opinbera starfsmann. Niðurstaðan er sú að almannavalskenningar hafi takmarkað skýringargildi þó að ítarlegri rannsókna sé þörf til að mögulegt sé að draga ályktanir varðandi vinnulag og marktækan árangur einstakra nefnda. Á hinn bóginn má sjá þess glögg merki að opinber stjórnsýsla hafi færst í átt til stýrinetsstjórnsýslu, þrátt fyrir að nefndum fari fækkandi á tímabilinu. Greina má að miklar umbætur hafi átt sér stað innan stjórnsýslunnar á undanförnum 15 árum og jafnframt að sterk vitund, metnaður og vilji sé til að bæta gæði nefndastarfs. Þó er bent á að svigrúm sé til að gera betur, og lagt er til að hið opinbera bæti aðgengi að upplýsingum um nefndir, bæði hvað varðar eðli starfsins, framgang og árangur.

Kristbjörg Theodórs Jónsdóttir
Erla Hlín Hjálmarsdóttr

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Moving Iceland forward: The fate of a government initiative to reform municipal cooperation in post-crisis Iceland

In 2008 the Icelandic economy collapsed spectacularly, as was well noted outside this small and peripheral European state. In 2009 the Icelandic government was effectively ousted under the biggest protests the country had ever seen and after a general election that spring Iceland's first pure left-wing government took power. It embarked on a very ambitious program for reforming the country, e.g. by applying for membership of the European Union, by taking steps to have the constitution rewritten and various other projects aimed at righting what it deemed to be the wrongs of Icelandic society. One of its initiatives was the project called 2020 – Moving Iceland Forward. One of its many parts consisted of Regional Plans of Action, which were meant to reform relations between central government and the municipalities by directing funds through eight regional associations instead of to each of the over 70 municipalities in the country. This was supposed to increase transparency and provide a regional consensus on the most important projects for moving the society and economy of the regions forward, formalising a new and simpler level of interaction between the state and the municipalities. Funds were allocated through this structure for the years 2012 and 2013, but with a new right-wing government taking power in spring 2013 this, together with many other reform efforts of the left-wing government was put on hold and its future is uncertain. This paper will describe this initiative as a case study of proposed reforms of the municipal level of government in reaction to the economic crisis.

Magnús Árni Skjöld Magnússon

# Fyrsta íslenska Twitter-byltingin

Samfélagsmiðillinn Twitter hefur á síðustu árum notið aukinna vinsælda á Íslandi, en þá einkum í tengslum við stóra atburði tengda íþróttum og menningu. Áhrif hans á stjórnmála- og þjóðfélagsumræðu hafa hins vegar verið lítil. Þann 25. mars 2015 varð þó grundvallarbreyting á notkun miðilsins þegar #FreeTheNipple átakið hófst. Á örfáum klukkutímum náði myllumerkið gríðarlegri útbreiðslu þegar tugir stúlkna og kvenna birtu myndir af brjóstunum á sér og sköpuðust miklar umræður í fjölmiðlum í kjölfarið. Í greininni er reynt að varpa sjónum á það hvers vegna fólk tók þátt og hvaða leiðir það notaði til þátttöku. Gögnum var aflað með tvennum hætti, í fyrsta lagi var tölfræðilegum upplýsingum safnað í rauntíma um fjölda tísta (*tweets*) og útbreiðslu þeirra, og í öðru lagi var spurningalisti sendur út á netinu sem um 1100 manns svöruðu. Þátttakendur í #FreeTheNipple höfðu skýrar hugmyndir um það út á hvað átakið gekk og voru meðvitaðir um það hvers vegna þeir tóku þátt. Niðurstaða greinarinnar er að Twitter sé hentugur miðill til að skapa í það minnsta tímabundna umræðu um samfélagsleg málefni, þótt ekki sé hægt að fullyrða að svo stöddu að hann stuðli að raunverulegum breytingum. Þá virðist hann henta vel fyrir lítinn en skipulagðan hóp til að vekja athygli á tilteknum málstað.

Baldvin Þór Bergsson

# Að verða og vera: Reynsla ungra karlkyns femínista á Íslandi

Undanfarin ár hefur þátttaka karla í jafnréttismálum aukist og ítrekað hefur verið vakin athygli á mikilvægi þess, að karlmenn taki þátt í baráttunni gegn kynjamisrétti. En hvað þýðir það fyrir baráttuna og hvað felur það í sér fyrir karlmenn? Tekin voru eigindleg viðtöl við 15 unga karlkyns femínista á Íslandi (18-26 ára). Í erindinu verður fjallað um upplifun karlmanna á því að skilgreina sig sem femínista og að taka þátt í femínískri umræðu og aktívisma. Auk þess verður fjallað um hvað fékk þá til að tileinka sér femínisma, hvaða áhrif það hefur haft fyrir sjálfsmynd þeirra og dagleg samskipti að skilgreina sig sem femínista, og hvernig það mótar hugmyndir þeirra um karlmennsku. Loks verður fjallað um hvað er hægt að læra af reynslu þessara karla, og skoðað hvernig nýjar og breyttar karlmennskur geta lítið út. Rannsóknin er hluti af meistaraverkefni í kynjafræði 2014 við Central European University í Ungverjalandi og University of Granada á Spáni.

Hjálmar Gunnar Sigmarsson

# Karlavæðing kvennabaráttunnar? Um karla í jafnréttisbaráttu

Í verkefninu er þátttaka karla í jafnréttismálum og femínísku starfi skoðuð, og er byggt á viðtölum við karla og konur á vettvangi jafnréttisstarfs á Íslandi. Skoðað er hvað býr að baki sjónarmiðum um og eftirspurn eftir aukinni þátttöku karla, og hvernig framkvæmdinni hefur verið háttað á Íslandi. Einnig eru skoðuð möguleg áhrif þátttöku karla á aðferðir, áherslur og menningu jafnréttisbaráttu. Aukin þátttaka og sýnileiki karla hefur átt sér stað samhliða aukinni áherslu á samþættingu kynjasjónarmiða, sem kalla má stofnanavæðingu femínismans, og er samspil þessara þátta skoðað. Enn fremur er gerð tilraun til að greina hvort og hvernig hliðstæður, andstæður og þversagnir birtast þegar jafnréttisbarátta karla er borin saman við kvennabaráttu í gegnum tíðina. Að auki er skoðað hvernig aðkoma karla hefur þróast milli ára, og rýnt í hlutverk þeirra á tilteknum tímaskeiðum („bylgjur“ femínisma). Áhersla er lögð á vettvang jafnréttisbaráttu og hvort aðkoma karla hafi haft teljandi áhrif á þann vettvang, ásamt því að skoða stöðu karla sem forréttindahóps og hvort og þá hvernig forréttindi fylgja körlum sem taka þátt í jafnréttisstarfi.

Arnar Gíslason

# Heimavinnandi húsfeður

Allt frá samþykkt laga um fæðingar- og foreldraorlof vorið 2000 hafa íslenskir feður nýtt sér möguleika sína til fæðingarorlofs í ríkum mæli. Ekki er þó mikið vitað um að hve miklu leyti þeir eru einir heima og að hve miklu leyti þeir eru í orlofi ásamt móðurinni. Erlendar rannsóknir hafa bent til þess að mun djúpstæðari breytingar verði á kynjahlutverkum þar sem feður eru einir heima í nokkra mánuði og ábyrgir fyrir barni og heimilishaldi en þar sem fjölskyldan er öll heima saman. Ég tók viðtöl við 10 feður sem allir hafa þá reynslu að baki að hafa verið einir heima með barn eða börn í að minnsta kosti þrjá mánuði í þeim tilgangi að komast því hvað hefði orsakað þetta, hvernig reynslan hafi verið og hvort þeir teldu þetta hafa breytt einhverju í samskiptum innan fjölskyldunnar eða kynjaskilningi feðranna. Megin niðurstöður eru þær að aðstæður ýttu undir að feðurnir fóru þessa leið en löngun þeirra var einnig til staðar. Þeir lentu hvergi í vandræðum vegna ákvörðunar sinnar og fannst þetta reyndar ekki vera eitthvað verulega sérstakt. Allir voru mjög ánægðir með reynsluna og reiðubúnir til að gera eitthvað svipað aftur ef færi gæfist.

Ingólfur V. Gíslason

# Íslenska ofurfjölskyldan

Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna og karla, sem og fjöldi barna á fjölskyldu, er með því mesta sem þekkist í Evrópu. Rannsóknir benda til þess að vinnuálag hafi aukist á Vesturlöndum og að sífellt erfiðara verði að samræma atvinnu og heimilislíf. Vitað er að streita og álag tengist ýmsum andlegum og líkamlegum sjúkdómum og bent hefur verið á að Íslendingar eiga met í notkun svefn-, kvíða- og þunglyndislyfja. Þær raddir verða sífellt háværari að þörf sé á aðgerðum til að auka samræmi milli heimilislífs og atvinnu. Tilgangur þessarar rannsóknar er að öðlast betri innsýn í hvernig konum og körlum gengur að samræma starf og fjölskyldulíf, hvort merki séu um streitu og álag sem þessu tengist, og þá hvernig fólk tekst á við slíkt álag. Notast var við rýnihópaaðferð og tekin rýnihópaviðtöl við 3 hópa kvenna og 3 hópa karla. Markmið rýnihópanna var að skapa vettvang fyrir umræður um samhæfingu þátttakenda á milli einkalífs og vinnu í hinu daglega lífi, og að hvaða leyti þátttakendur samsama sig þeirri orðræðu sem ríkjandi er í samfélaginu um þessa þætti og velta réttmæti hennar fyrir sér. Rætt var við hópa kvenna og karla til að hægt væri að skoða að hvaða leyti upplifun þeirra og reynsla er lík eða ólík. Hér verða kynntar fyrstu niðurstöður þessarar rannsóknar sem benda til þess að konur upplifi meiri streitu við að púsla saman verkefnum einkalífs og hins opinbera lífs.

Andrea Hjálmsdóttir
Marta Einarsdóttir

# Vellíðan í vinnunni: Hvað segja kenningarleg viðmið og rannsóknir?

Vellíðan er flókið hugtak sem segja má að sé samnefnari bæði fyrir lífsgæði og gæði vinnuumhverfis þegar það er skoðað í samhengi starfa. Það nær til heilsu, öryggis, upplifunar og tilfinninga tengdum bæði sálfélagslegum (*psychosocial*) og manngerðum þáttum í vinnuumhverfinu. Í erindinu verður fjallað um skilgreiningar, líkön og mælitæki sem nýta má við rannsókn á fyrirbærinu vellíðan í vinnunni (*well-being at work*). Vísað verður í niðurstöður íslenskra rannsóknarverkefna sem byggja bæði á eigindlegum og megindlegum gögnum. Þar koma m.a. fram eftirfarandi vísbendingar um atriði sem valda fólki vanlíðan í starfi: a) Viðvarandi vinnuálag sem rekja má til undirmönnunar. b) Vinnufyrirkomulag, þar sem skortur er á sveigjanleika (t.d. tengt starfshlutfalli), og miklar starfskröfur þar sem mistök eru ekki leyfð. Sterkar vísbendingar má einnig finna um að vellíðan í starfi fylgi sjálfræði þar sem er umboð til ákvarðanatöku. Félagslegi samskiptaþátturinn, með stuðningi frá yfirmanni og samstarfsfólki, er mikill áhrifavaldur þess að fólki líði vel í vinnunni. Vísbendingar má sömuleiðis finna um að yfirmaður sem sýnir starfsfólki sínu einlægan áhuga, og beitir til þess virkri hlustun (*active empathetic listening*) sem stjórnunaraðferð, stuðli að betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsmanna sinna sem er einn undirliggjandi þáttur vellíðunar. Birtingarmynd virkrar hlustunar og umhyggju yfirmanns getur verið færri heilsufarsleg vandamál og minni fjarvistir frá vinnu.

Inga Jóna Jónsdóttir

# Félagsauður á vinnustöðum

Rannsóknir hafa sýnt að á vinnustöðum þar sem félagsauður (*social capital*) er meiri er líðan starfsmanna og frammistaða betri. Félagsauður á vinnustað felst meðal annars í trausti, samheldni, samvinnu, skyldum og væntingum sem hafa áhrif á líðan starfsmanna, og getu til þess að standa sig vel í vinnunni. Því má segja að félagsauður sé hornsteinn samheldins vinnustaðar og góðrar samvinnu starfsmanna. Mælitæki sem metur styrk hans innan vinnustaða mætti nota sem greiningartæki við vinnustaðagreiningar, auk þess sem með því mætti kanna tengsl félagsauðs við þýðingamiklar breytur í vinnutengdu samhengi, svo sem áhugahvöt og frammistöðu. Markmið rannsóknarinnar er að semja og prófa nýtt íslenskt mælitæki, Félagsauðskvarðann, með tilliti til kenninga og rannsókna á félagsauði. Próffræðilegir eiginleikar voru athugaðir með því að meta áreiðanleika, þáttauppbyggingu og forspárréttmæti kvarðans. Þátttakendur voru 190 starfsmenn innan opinbers vinnustaðar sem valdir voru til þátttöku af hentugleika. Til þess mögulegt væri að prófa forspárréttmæti mælitækisins svöruðu þátttakendur jafnframt spurningum um starfsánægju. Niðurstaða leitandi þáttagreiningar benti til þess að kvarðinn innihéldi þrjá þætti: samvinnufærni, traust, og hjálpsemi og samheldni. Allir þrír undirkvarðarnir spáðu fyrir um starfsánægju. Félagsauðskvarðann mætti því nota til þess að mæla mikilvæga undirþætti félagsauðs og til þess að spá fyrir um starfsánægju.

Arndís Vilhjálmsdóttir
Eygló Rós Gísladóttir
Daníel Þór Ólason

# Starfshvatning í ólíkum geirum atvinnulífsins

Rannsóknin kannar hvort hvort sömu lögmál gilda um hvatningu starfsfólks í ólíkum geirum atvinnulífsins; hvort starfsmenn ólíkra skipulagsheilda hafa sömu forgangsröðun þegar að hvatningu kemur, auk þess að skoða mismunandi afstöðu stjórnenda til hvatningar starfsmanna, og að athuga hvort munur er á hvatningu eftir kyni, aldri, menntun eða tekjum þátttakenda. Í þessu skyni var spurningalisti lagður fyrir starfsmenn þriggja skipulagsheilda, í heild um 1.300 manna úrtak. Skipulagsheildirnar eru í tæknigeiranum, heilbrigðisgeiranum og fjármálageiranum. Helstu niðurstöður eru þær að verulegur munur virðist vera á milli geira í því hversu meðvitaðir stjórnendur eru um hvað hvetur starfsmenn þeirra. Verulegur munur er auk þess á milli skipulagsheildanna allra á því hvað hvetur starfsmenn mest. Starfsmenn tæknifyrirtækisins hvetjast mest af innri þáttum, en ytri hvatning er efst á blaði hjá fjármálastarfsmönnum. Stjórnendur geta því ekki litið til almennra rannsókna á hvatningu til að komast að raun um hvað hentar best á þeirra vinnustað. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að áhersla þurfi að vera á sértækar rannsóknir fyrir hvern geira atvinnulífsins, jafnvel innan hvers fyrirtækis.

Einar Guðbjartur Pálsson
Þóra Christiansen

# Er samræmi milli gilda fyrirtækja og grunnhvata starfsmanna samkvæmt Reiss-Motivational-Profiling hvataprófinu

Fjölmargar rannsóknir benda til þess að innri hvati starfsmanna sé mikilvægur til að fyrirtæki ná árangri. Ef að persónuleg gildi starfsmanna samræmast gildum fyrirtækisins er það talið skila sér í auknum árangri fyrirtækisins, skilvirkni og starfsánægja eykst, sem og skuldbinding þeirra við fyrirtækið. Hins vegar hafa fáar rannsóknir verið gerðar á því hvort samræmi sé á milli innri hvata starfsmanna og gilda fyrirtækja. Við setningu gilda innan fyrirtækis er oftast nær stuðst við tvær aðferðir, annars vegar ákveða stjórnendur hvaða gildi fyrirtækið vinnur eftir og því er svo miðlað til starfsmanna. Hins vegar er notuð aðferð þar sem starfsmenn taka þátt í mótun þeirra. Með þeirri aðferð er líklegra að starfsfólk skilji gildi betur og séu sammála þeim og þ.a.l. starfi betur í samræmi við þau. Í þessari grein er kynnt tilviksrannsókn á fyrirtæki í nýsköpunar- og tæknifyrirtæki. Stuðst er við blandaða rannsóknaraðferð, þ.e. eigindlega- og megindlega aðferðafræði. Tekin voru hálfopin viðtöl, sem og framkvæmd var þátttökuathugun og í framhaldinu var starfsmönnum sendur aðgang að rafrænu hvataprófi, Reiss Motivation Profile. Alls svöruðu 11 af 17 starfsmönnum eða 64,7% þáttaka. Niðurstöður gefa til kynna að þó nokkurt samræmi sé á milli gilda fyrirtækisins og innri hvata starfsmanna. Stjórnunarhættir fyrirtækisins eru nýstárlegir sem hefur haft áhrif á mótun gilda fyrirtækisins og þar af leiðir að starfsmenn taka mikinn þátt mótun gilda fyrirtækisins.

Sigrún Halldórsdóttir
Árelía Eydís Guðmundsdóttir

# Ber er hver að baki nema sér systur eigi: Kortlagning valdatengsla og félagsauðs í tengslum við markaðsvæðingu á menntakerfinu

Frá því um aldamót hafa orðið breytingar á íslensku menntalandslagi. Meðal þeirra eru áherslur sem víða um heim eru raktar til nýfrjálshyggju og markaðsvæðingar menntunar. Ball og Youdell hafa bent á nokkur andlit markaðsvæðingarinnar, en í þessu erindi verður hjúpuð markaðsvæðing (*exogenous privatisation*) til umfjöllunar þar sem áherslan er á að tryggja einkaaðilum aukið fjárhagslegt og pólitískt aðgengi að opinberu menntakerfi. Skilgreindir verða helstu forkólfar og gerendur á íslenskum menntamarkaði og valdatengsl þeirra í millum. Ball telur að til að kortleggja tengsl áhrifaaðila geti verið nauðsynlegt að beita ýmsum óhefðbundnum rannsóknaraðferðum (*network ethnography*). Hann bendir á möguleika þess að kortleggja bæði valdatengsl og tilurð félagsauðs innan ákveðinna hópa og nýtingu hans í þágu ákveðinna hagsmuna og hugmynda. Meðal þess sem fram kemur við greiningu er að forkólfar hafa nýtt sér orðræðu nýfrjálshyggju-femínisma (*neoliberal feminism*) til að skapa tiltrú og tækifæri. Jafnframt kemur fram að víða eru krosstengsl og þessir sömu aðilar eru margtengdir margvíslegum hugveitum, félagasamtökum, stofnunum og fyrirtækjum á menntamarkaði.

Kristín Dýrfjörð

# Menntun, markaðshyggja og lýðræðislegur skóli

Í grein í Skírni vorið 2007 skrifaði Páll Skúlason grein sem ber titilinn „Menning og markaðshyggja". Í greininni gagnrýnir hann vaxandi markaðshyggju á sviði menningar og menntunar. Páll segir m.a. að markaðshyggjan hafi orðið ríkjandi hugmyndafræði um mannlífið í heild – allt skuli lúta lögmálum framboðs og eftirspurnar – og vegna þess að hún sé ríkjandi hugmyndafræði en ekki bara ein kenning af mörgum, t.d. um það hvernig rétt sé að skipuleggja og reka skóla, þá þyki sjálfsagt að skóla skuli reka eins og hvert annað fyrirtæki. Þetta gagnrýnir Páll og segir m.a.: Skóli er staður þar sem kennari leitast við að koma nemanda til nokkurs þroska með því að aðstoða hann við að tileinka sér tiltekið námsefni. Að útbúa námsefni fyrir nemanda er ekki að selja honum það, og að tileinka sér námsefnið, er ekki að kaupa það. Að láta umræðu og ákvarðanir í menntamálum ráðast af því að hér sé um viðskipti og rekstrarmál að ræða er gagnrýnisvert vegna þess að með því er horft framhjá því sem er í húfi í skólastarfi, menntuninni sjálfri, þeim hugsunarhætti og kunnáttu sem í henni felst (Páll Skúlason, 2013, bls. 37). Í erindinu mun ég fjalla um hugmyndir Páls um markaðshyggju sem ríkjandi hugmyndafræði og setja hana í samhengi við stefnumörkun og stefnuleysi í menntun og áherslu laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla á lýðræðislega skóla.

Ólafur Páll Jónsson

# „Lok, lok og læs og allt í stáli." Staða frjáls og opins hugbúnaðar í skólastarfi og námsgagnagerð

Hér á Íslandi, eins og víðast hvar, hafa fyrirtæki sem selja lokuð hugbúnaðarleyfi skapað sér sterka stöðu á menntamarkaði. Stallman telur þetta meinfýsna áætlun stórfyrirtækja um að nýta skólann sem vettvang til að gera nemendur háða ákveðnum séreignahugbúnaði og þar með að tryggum viðskiptavinum. Árið 2011 gaf Forsætisráðuneytið út stefnu um innleiðingu opins og frjáls hugbúnaðar. Erindið byggir á rannsókn sem fólst í að kanna hvort markmið aðgerðaráætlunarinnar hafi náðst í skólastarfi og námsgagnaútgáfu, og hvaða hindranir stæðu í veginum. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við fagaðila, og innihalds- og orðræðugreiningu stefnuskjala. Rætt var við starfsmenn skóla og opinberra stofnanna er tengjast málefninu með einum eða öðrum hætti. Niðurstöður benda til þess að stefna stjórnvalda hafi ekki skilað sér með kerfisbundnum hætti inn í skóla eða námsgagnaútgáfu, en þó með mikilvægum undantekningum. Það var mat viðmælenda að vanahugsun, vanþekking og ranghugmyndir opinberra aðila um frjálsan og opinn hugbúnað sé helsta hindrunin. Sinnuleysi í innleiðingu á opnum og frjálsum hugbúnaði kostar þjóðarbúið gríðarlegt fjármagn, ásamt ónýttum námstækifærum nemenda í stafrænu læsi og hnignandi stöðu íslenskunnar sem samskiptatækis í skólastarfi, en hún á sér fáa málsvara meðal markaðsráðandi hugbúnaðarafla.

Sverrir Hrafn Steindórsson
Berglind Rós Magnúsdóttir

# Parental leave and the division of care between parents: The case of Iceland
## (Fæðingarorlof og þátttaka feðra í umönnun barna sinna þremur árum eftir fæðingu fyrsta barns)*

In 2000 the Icelandic parliament adopted a new law that provided both parents an equal right to take paid parental leave. The aim of this study is to investigate whether the law has had the intended effect to increase both parents' participation in caring for their children. The findings are based on three surveys on childcare and labour market participation, conducted in 2003, 2007 and 2013 among parents who had their first child in 1997, 2003 and 2009. The data provides a picture of how parents divided care before and after the law was enacted. As well as analysing the change in the division of childcare over the past years, linear regression analysis will be applied to assess the association between the length of fathers' leave and their involvement in childcare four years after birth. The results indicate that the division of care between parents has changed in the intended direction, as the division is more equal after the law was put into practice. Furthermore, there is an association between the length of leave taken by fathers and their involvement in childcare four years after the birth of the child when controlling for background variables such as age, education and line of work. Even though one cannot come to the conclusion that fathers' uptake of parental leave has a causal effect on their involvement in childcare, it is of great relevance for policy makers to identify an association between these two factors.

Ásdís A. Arnalds
Gudný Bjork Eydal
Ingólfur V. Gíslason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Reynsla feðra sem ekki deila lögheimili með barni. „Þú átt engin börn“

Barn getur aðeins haft skráða búsetu á einum stað og nefnist það lögheimili barns. Löggjafinn skilgreinir réttindi og skyldur foreldra sem ekki búa saman með barni sínu með ólíkum hætti eftir því hvort þau deila lögheimili með barni eða ekki. Löggjafinn skilgreinir annað foreldrið sem lögheimilisforeldri og hitt sem umgengnisforeldri. Heimili umgengnisforeldra er hvergi nefnt í lögum. Það kallar á umræðu um stöðu þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka opinbera stefnumótun og reynslu feðra sem ekki deila lögheimili með barni sínu.
Unnin var stefnugreining á tillögum nefnda sem starfað hafa á vegum stjórnvalda frá síðustu aldamótum og skoðað hver hafa verið afdrif þessara tillagna. Niðurstöður stefnugreiningar sýna að tillögur nefnda fjalla um fyrirbyggjandi ráðgjöf, sameiginlega forsjá, jafna ábyrgð foreldra á umönnun og framfærslu barna og opinberan stuðning til beggja heimila. Niðurstöður viðtalsrannsóknar við feður sýna að feðurnir hafa þá reynslu að kerfið gerir ráð fyrir því að lögheimili barna sé hjá móður og faðir greiði meðlag. Þeir upplifa sterkt að kerfið geri ekki ráð fyrir barni á heimili feðranna, og þrátt fyrir að þeir framfæri börn sín á tveimur heimilum séu þeir ekki viðurkenndir framfærendur barna.

Heimir Hilmarsson
Guðný Björk Eydal

# Þróun fæðingarorlofstöku kvenna og samspil fæðingarorlofstöku feðra og mæðra 2003-2011

Með lögum um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000 var feðrum og mæðrum á Íslandi tryggður mun jafnari réttur til fæðingarorlofs en í öðrum Evrópulöndum. Fæðingarorlof var lengt í áföngum, og frá árinu 2003 var fæðingarorlof níu mánuðir; þrír mánuðir komu í hlut hvors foreldris en foreldrar gátu skipt þremur mánuðum að eigin vild. Til að byrja með fengu foreldrar í fæðingarorlofi 80% tekna en árið 2006 var sett þak á greiðslur. Þakið var hátt í upphafi en með efnahagshruninu 2008 var þakið lækkað þannig að greiðslur til einstaklinga undir meðaltekjum skertust. Framan af nýttu flestir foreldrar orlofsrétt sinn að fullu, yfirleitt með þeim hætti að feður nýttu sína þrjá mánuði en mæður jafnframt sameiginlegan rétt. Nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að feður nýta nú mun minni hluta fæðingarorlofsins en áður, og er það rakið bæði til áhrifa hrunsins og lækkunar á greiðsluþaki. Í þessari rannsókn verður sjónum beint að fæðingarorlofstöku kvenna og samspili fæðingarorlofstöku feðra og mæðra. Rannsóknin leiðir í ljós að konur í öllum tekjuhópum nýta fæðingarorlofsrétt sinn og sameiginlegan rétt að auki. Minnkuð fæðingarorlofstaka feðra hefur haft í för með sér að konur lengja fæðingarorlof sitt með þeim hætti að þær dreifa því yfir fleiri mánuði og eru því lengur frá vinnumarkaði. Áhrif þessa mynsturs á jafnrétti kynjanna verða rædd.

Heiða María Sigurðardóttir
Ólöf Garðarsdóttir

# Jöfn búseta: Forsendur foreldra - þarfir barna

Í erindinu er sagt frá rannsókn um reynslu uppkominna skilnaðarbarna af jafnri búsetu hjá foreldrum eftir skilnað. Samstarfsaðilar eru Sólveig Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur. Rannsóknin er framhald á fyrri rannsóknum höfundar um forsjá, búsetu, foreldrasamstarf og kynslóðasamskipti. Markmiðið þessu sinni er að fá fram sjónarhorn skilnaðarbarna um styrkleika og veikleika þessa búsetuforms fyrir börn, og að geta greint helstu áhrifaþætti í því efni. Rannsóknarsniðið er tvískipt: megindlegur hluti um umfang og sýn 18-59 ára einstaklinga á landsvísu með reynslu af skilnaði foreldra og jafnri búsetu hjá þeim eftir skilnaðinn. Hins vegar er eigindlegur hluti með persónulegum viðtölum við 16 skilnaðarbörn um uppvaxtarreynslu þeirra og sjónarmið um jafna búsetu. Helstu niðurstöður í báðum hlutum benda til almennt jákvæðrar reynslu af jafnri búsetu. Vísbendingar eru um jákvæðari reynslu og sýn meðal yngri svarenda en eldri. Jafnframt komu fram skýr gagnrýnin sjónarmið um fyrirkomulagið, einkum fyrir öryggiskennd barna og vellíðan. Það átti sérstaklega við þegar foreldrar höfðu valið þetta fyrirkomulag út frá eigin hagsmunum, frekar en þörfum barnanna, og án tillits til þess hvort foreldrar gátu unnið saman eða hvernig þeir höguðu eigin búsetu. Draga má þá lærdóma af niðurstöðunum að þörf sé á fræðslu, leiðbeiningum og stuðningi fyrir skilnaðarforeldra ásamt lagabreytingum.

Sólveig Sigurðardóttir
Sigrún Júlíusdóttir
Dögg Pálsdóttir

# Föðurbetrungar

Á síðustu áratugum hefur hlutverk feðra breyst talsvert frá því að vera öðru framar fyrirvinna fjölskyldu og heimilis, til þess að taka ríkari þátt í uppeldi barna sinna. Feður sem taka þátt í lífi barna sinna á jákvæðan hátt eru taldir mikilvægir fyrir velferð þeirra. Einnig virðist slík þátttaka feðra hafa jákvæð áhrif á þá sjálfa. Þrátt fyrir slíkar niðurstöður hafa feður fengið mun minni athygli í áranna rás en mæður sem uppalendur. Markmið rannsóknarinnar er því að öðlast dýpri þekkingu og skilning á uppeldissýn feðra og skoða hvernig lífsreynsla þeirra tengist henni. Einnig var greiningarlíkan um uppeldissýn feðra þróað. Við söfnun og greiningu gagna var fyrirbærafræðilegri nálgun beitt. Ein megin niðurstaðan, um hvernig lífsreynsla feðranna tengist uppeldissýn þeirra, kom fram í löngun þeirra um að standa sig betur en feður þeirra gerðu: Þeir vilja vera virkari við uppeldi barna sinna og hafa betra samband við þau. Þeir vilja verja meiri tíma með börnum sínum, vera tilfinningalega nánari þeim og eiga fleiri og innihaldsríkari samræður við þau en þeir sjálfir áttu með feðrum sínum. Menning, félagslegar aðstæður og sögulegt samhengi tengjast einnig sýn þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að vera mikilvægt framlag til þekkingar á föðurhlutverkinu og uppeldissýn feðra, og hafa gildi fyrir fagfólk sem starfar með foreldrum. Jafnframt er vonast til að niðurstöðurnar vekji áhuga foreldra á uppeldissýn sinni, og geri þá og aðra uppalendur meðvitaðri um mikilvægi þessa hlutverks.

Hrund Þórarins Ingudóttir
Sigrún Aðalbjarnardóttir

# Blind spots and a search for legitimacy in museum education: Review of literature

Museums are complex, dynamic, and empowering spaces that have great potential for informal and interdisciplinary learning. Museum educators make museums relevant for visitors however their profession is in constant flux as museum educators' practices are viewed as controversial within museums themselves. I argue that museum education, as a profession, faces serious challenges and ask what conditions and qualities attribute to a pedagogically successful museum education? 'Blind spots' and a continuous search for legitimacy is revealed in the museum education literature. I contend that the literature and practices need to shift focus and situate the work of museum educators within a broader theoretical context. I also contend that viewing museum education from a leadership perspective establishes a sense of synergy between the worlds of education and museums. I propose alternative practices of museum education that rely on notions of sustainability, need supportive organizational structures and adopt museum learning theories. The literature review is based on seventy museum education resources from 1980 to 2015 and is presented from the perspective of a former museum educator turned researcher. The findings indicate that organizational structures inhibit the growth of the museum education profession.

AlmaDís Kristinsdóttir

# Söfn sem rannsóknastofnanir: Vandamál og væntingar

Rannsóknum er gjarnan lýst sem mikilvægri grunnstoð safnastarfs, til jafns við aðrar grunnstoðir eins og söfnun, varðveislu og miðlun (Alþjóðasiðareglur ICOM). Á sama tíma má merkja töluverða óreiðu í kringum rannsóknastarf á söfnum, og afar mismunandi hvaða skilning söfn leggja í hugtakið „rannsóknir" og hvernig þau skipuleggja rannsóknastarf sitt í samhengi við safnkost og sýningarstarfsemi. Þar að auki nálgast yfirvöld og stefnumótandi aðilar þessa starfsskyldu á afar mismunandi hátt eftir löndum og jafnvel sviðum, sem aftur leiðir til ólíkrar rannsóknamenningar frá safni til safns. Í fyrri hluta erindisins mun ég fjalla almennt um safnarannsóknir og setja þær í samhengi við háskólastarf annars vegar og menningarstarf hins vegar. Þá mun ég ræða ólíkar skilgreiningar á hugtakinu „safnarannsóknir“, velta upp gagnrýnum spurningum um ferli þekkingarsköpunar annarsvegar og hinsvegar hefðir í framsetningu rannsóknaniðurstaðna. Í síðari hlutanum mun ég fjalla um úttekt á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi, sem unnin var fyrir Safnaráð í lok árs 2014. Úttektin var unnin sem hluti af doktorsverkefni mínu sem ég stunda í safnafræði við Háskóla Íslands, þar sem ég leitast við að beita aðferðum sem taka mið af eigin stöðu sem þátttakanda í þeim vettvangi sem rannsóknin er framkvæmd á. Ég leitast við að varpa ljósi á þá óreiðu sem ríkir á rannsóknavettvangi safna hérlendis, um leið og ég bendi á þau tækifæri sem í óreiðunni felast

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

# Húsgögn miðborgarinnar: Merking og gildi gamalla timburhúsa í Reykjavík

Á síðustu áratugum hefur umræða um húsavernd í miðborg Reykjavíkur ekki síst beinst að timburhúsum sem flest eru frá síðasta fjórðungi nítjándu aldar og fyrstu árum þeirrar tuttugustu. Viðhorf til þessara húsa hafa verið fjölbreytileg, allt frá því að teljast skammarlegur arfur fátæktar og nýlendukúgunar til þess að þykja merkur menningararfur, aðdráttarafl fyrir ferðamenn og efnisleg kjölfesta reykvískrar menningarsögu. Þótt almenn viðhorf til þessara húsa hafi tekið stakkaskiptum frá því að Torfusamtökin hófu baráttu fyrir verndun Bernhöftstorfunnar á áttunda áratug síðustu aldar, virðast talsmenn þeirra eiga í stöðugri varnarbaráttu gegn fjárfestum sem vilja auka nýtingu verðmætra lóða í miðborginni. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til að sætta sjónarmið verktaka og verndarmanna, s.s. með tilflutningi húsa og samþættingu þess gamla og nýja. En hvaða skilning leggja almennir borgarar í húsin, einstaklingar sem vegna búsetu eða vinnu umgangast þessi húsgögn miðborgarinnar í sínu daglega lífi? Í erindinu verða kynntar fyrstu niðurstöður viðtalsrannsóknar á mati Reykvíkinga á gildi timburhúsaarfleifðarinnar og merkingar einstakra húsa í borgarlandslaginu. Í þessum hluta rannsóknarinnar er sjónum sérstaklega beint að húsum við Aðalstræti og horft til áhrifa endurgerða, eftirlíkinga, húsaflutninga og hugmyndar um hið upprunalega á mat og skilning einstaklinga á borgarumhverfinu og hlutverks húsanna í hversdagsumhverfi borgarbúa m.t.t. þátta eins og persónulegra minninga, mats á sögulegu gildi og fagurfræði.

Ólafur Rastrick
Snjólaug G. Jóhannesdóttir

# Hrif sundlaugarinnar

Það er kalt í veðri, um núll gráður og vindasamt. Ég geng ofan í heitasta pottinn í lauginni, finn stingi fara um líkamann en eftir augnablik næ ég að slaka á. Lygni aftur augunum og nýt mín í þessu ástandi. Nokkrum mínútum síðar er stefnan tekin í átt að sundbrautinni. Líkaminn herpist og ég geng hratt áfram vegna kuldans, stekk ofan í laugina og spyrni mér frá bakkanum í flótta frá kuldahrollinum. Ég slaka á um leið því nú mun ég fljótt ná hita og því þægindaástandi sem ég sækist eftir. Þetta er dæmi um hrif (*affect*) sem sundferð getur haft á sundgestinn. Hrif sem þessi geta verið allt frá því að vera ómeðvituð og léttvæg í að umbreyta hugarástandi og líkamsvitund einstaklingsins. Í erindinu er hugtakinu hrif beitt til að greina reynslu fastagesta af sundlaugaferðum og skýra líðan og upplifun í lauginni. Erindið er unnið í tengslum við meistaraprófsverkefni í þjóðfræði á sundlaugamenningu á Íslandi og snýr meðal annars að upplifun og líðan fólks í almannarými sundlauga. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við fastagesti sundlauga á ýmsum stöðum á landinu. Sýnt verður fram á það hvernig hugtakið hrif skiptir máli í rannsóknum á líðan fólks í almannarými og hvernig hugmyndafræðin þar að baki getur reynst gagnleg í því að greina og skilja eigindleg gögn?

Katrín Dröfn Guðmundsdóttir
Ólafur Rastrick

# Frá Ofurmenninu til Bíldalíu: Birtingamyndir og textatengsl búningamenningar á Íslandi

Það fer vart framhjá neinum að búningamenning á Íslandi hefur stóraukist á síðari árum. Óháð öskudegi eða hrekkjavöku þá streyma stórir hópar uppáklæddra ofurhetja á sérstaklega þar til ætlaðar kvikmyndasýningar, teiknimyndapersónur lifna við á CosPlay keppnum, og fólk klætt í stíl gufupönks flæðir til Bíldalíu í júní. Sú menning sem þarna kemur fram fellur undir áhangendamenningu og eru frægustu dæmi búningamenningarnar á heimsvísu að finna á alþjóðlegum ráðstefnum eða con, líkt og World-con, Dragon-con eða Comic-con. Rannsóknin byggir á þátttökuathugunum sem gerðar voru á síðustu 3 árum á ýmsum viðburðum hérlendis, ásamt viðtölum. Skoðuð verða þau textatengsl sem liggja að baki hönnunar búninganna, vægi tengslanna og birtingamynda. Annars vegar verða skoðaðar þær áherslur sem oftast einkenna reynsluna, og lagðar eru á upprunaleika og persónusköpun, sem og viðhorf til þeirra sem breyta út af. Og hins vegar þegar vísvitandi er lagt í endurhönnun, tileinkun, og þegar mismunandi textatengslum er fléttað saman. Einnig verður rýnt í þau samfélög sem skapast í kringum viðburðina og við hönnun og smíði búninganna. Allt bendir til þess að þessi menning sé stöðugt að styrkjast og aukast hér á landi en þetta sérstaka form áhangendamenningar hefur enn sem komið er lítt verið skoðað hér á landi, en er afar áþreifanlegt form hennar og því kjörið til rannsóknar.

Gunnella Þorgeirsdóttir

# Að fá samtíð annarra að láni

Hvað er það sem fær listamenn og þjóðfræðing til að eiga athvarf í afskekktu þorpi vestur á fjörðum og skrifa um það skáldsögur, kvikmyndahandrit og lokaritgerð? Hvað er líkt með þessum hópum, rannsóknaraðferðunum sem þau nota, og hvaða mynd draga þau upp af sjávarþorpinu? Hvernig breytist rannsókn og staða þjóðfræðings þegar hann verður hluti af íbúum staðarins? Sumarið 2013 hófst eigindleg rannsókn á Flateyri. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á staðartengsl íbúanna og innbyrðis tengsl hópanna sem búa þar. Tengslin eru flókin, enda margir sem gera tilkall til þorpsins, s.s. innfæddir, brottfluttir og aðfluttir frá Reykjavík, A-Evrópu og Asíu. Margir telja ímynd Flateyrar markast af innflytjendum og listamönnum sem eiga hús í þorpinu en hafa fasta búsetu annars staðar. Flateyri hefur orðið að viðfangi sumra þeirra. Bæði í kvikmyndum og skáldsögum en spurningin er: Hvaða fengur er í því fyrir Flateyringa að ljá listamönnum og þjóðfræðingi ímynd sína og tilveru? Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að sjónarhornið sem listamenn og þjóðfræðingar beita er að mörgu leyti sambærilegt, sem og myndin sem þeir draga upp af viðfangi sínu. Hvoru tveggja einkennist af rómantísku, en þó eilítið dapurlegu raunsæi, sem endurspeglar ekki endilega hvernig viðfangið, íbúarnir, sjá tilveruna á Flateyri.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir
Valdimar Tr. Hafstein

# Sjálfræði og fólk með þroskahömlun: Aðferðafræðilegar áskoranir

Rannsóknin sem hér er byggt á beinist að því að kanna hvaða þættir ýmist stuðla að eða draga úr/hindra sjálfræði fólks með þroskahömlun sem þarf mikla aðstoð í daglegu lífi. Gagna var aflað með þátttökuathugunum inni á heimilum 23 einstaklinga og var sú aðferð valin vegna þess að hópurinn sem hér um ræðir á erfitt með að tjá sig með orðum og því henta viðtöl ekki. Um er að ræða viðkvæman hóp sem lítið hefur verið fjallað um í rannsóknum og því eru ýmsar aðferðafræðilegar áskoranir sem taka þarf tillit til. Í fyrsta lagi má nefna þá siðferðilegu kröfu að upplýst samþykki þátttakenda þurfi að liggja fyrir í rannsóknum, sem getur svo aftur á móti verið í mótstöðu við þau mannréttindi að fá að tjá skoðanir sínar, hvort sem er í rannsóknum eða á öðrum vettvangi. Hvernig eða er hægt að svara þessari kröfu í rannsóknum með fólki sem tjáir sig ekki með orðum? Er hægt að tryggja að vilji þátttakenda til þátttöku sé fyrir hendi? Hvaða atriði má fjalla um í slíkum rannsóknum án þess að hallað sé á virðingu þátttakenda? Þessar aðferðafræðilegu áskoranir ásamt fleirum verða ræddar í erindinu og fjallað verður um hvernig reynt vara að mæta þessum áskorunum í rannsókninni.

Guðrún V. Stefánsdóttir

# Er tungumálið nauðsynleg forsenda sjálfræðis?

Í þessu erindi mun ég rekja grunn þeirrar siðfræðilegu nálgunar sem unnið er með þegar fjallað er um sjálfræði í starfi og rannsóknum með fólki með þroskahömlun. Sérstaklega mun ég beina sjónum að þeim hópi sem þarf mikinn stuðning og getur ekki tjáð sig með hefðbundnum hætti. Ég mun byrja á því að útlista hvernig ýmsir höfundar hafa fjallað um þennan hóp og sett fram hugmyndir sem sýna ljóslega siðferðilegt mikilvægi og gildi þeirra til jafns við allar aðrar manneskjur. Í framhaldi af því verður fjallað um hvernig hægt er að skilja sjálfræði sem siðferðilegt gildi hjá þessum hópi. Gengið verður út frá þeirri sýn að til þess að sjálfræði sé í raun það mikilvæga siðferðilega gildi sem jafnan er gengið út frá þá þarf það að geta átt við um alla. Til að svo geti verið má ekki skilgreina sjálfræði þannig að það byggi á eiginleikum sem einungis sumir búa yfir í nægjanlegum mæli. Slík sýn útilokar t.a.m. þá sem ekki búa yfir skilgreindu tungumáli. Til að leggja upp þann hugmyndafræðilega grunn sem hægt er að ganga út frá þegar unnið er með sjálfræði með fólki sem ekki tjáir sig á hefðbundinn máta verður byggt á hugmyndum Lauru Davy um aðstæðubundið sjálfræði með hliðsjón af fólki með þroskahömlun.

Ástríður Stefánsdóttir

# Sjálfræði yfir eigin líkama: kvenleiki og konur með þroskahömlun

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar sem framkvæmd var á árunum 2011-2015. Markmið rannsóknarinnar er að greina sjálfræði í lífi fólks með þroskahömlun út frá hugmyndum um aðstæðubundið sjálfræði og styðjandi kvenleika. Í fyrirlestrinum er sjónum sérstaklega beint að tíu konum á aldrinum 26-66 ára og reynslu þeirra og upplifun af ófrjósemisaðgerðum og fóstureyðingum, en margar þeirra höfðu ekki val um að hafna þessum aðgerðum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingu um að sú forræðishyggja sem einkenndi þjónustu við fatlað fólk fyrr á tímum sé á undanhaldi. Þrátt fyrir það virðast viðhorf aðstandenda, starfsfólks og kerfisins oft einkennast af vanmati á hæfni fólks með þroskahömlun til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í daglegu lífi. Allar konurnar sem fjallað verður um í erindinu höfðu farið í ófrjósemisaðgerðir og þrjár án þeirrar vitundar. Konurnar höfðu ekki fengið upplýsingar um rétt sinn og skortur var á fræðslu og stuðningi sem miðaði að því að gera þeim kleift að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Nokkrar kvennanna höfðu einnig orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og áreiti, og ekki fengið viðeigandi stuðning til að vinna úr þeirri reynslu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að konur með þroskahömlun geti með viðeigandi aðstoð og stuðningi þróað með sér sjálfræði og tekið ákvarðanir um líf sitt.

Kristín Björnsdóttir

# Umfang svefns og sálfélagslegir erfiðleikar leikskólabarna*

Umfang svefns og sálfélagslegra erfiðleika íslenskra barna á leikskólaaldri hefur lítið verið rannsakað. Niðurstöður erlendra rannsókna benda til að svefnerfiðleikar hafi áhrif á hegðun og líðan barna. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á svefn og sálfélagslega erfiðleika barna á aldrinum 1½-5 ára. Unnið var með fyrirliggjandi gögn um 307 börn sem aflað var með ASEBA spurningalistum frá foreldrum og kennurum. Niðurstöður sýna að 13% barna áttu í erfiðleikum með svefn og 20% reiknast á jaðar- og klínísku viðmiði heildarerfiðleika. Niðurstöður sýndu einnig að samhliða svefnvanda aukist einkenni kvíða/þunglyndis, einbeitingarerfiðleika og ýgi. Í ljósi niðurstaðna vakna spurningar um að svefnvanda barna þurfi að skoða nánar með tilliti til áhrifa á aðra sálfélagslega erfiðleika en þá sem voru til skoðunar í rannsókninni. Mikilvægt er að leikskólabörn verði ekki undanskilin í umræðu um sálfélagslega erfiðleika því upphaf geðraskana má oftar en ekki rekja til leikskólaaldurs. Þá er lagt til að hugað verði að snemmtækri íhlutun á svefn- og sálfélagslegum erfiðleikum barna í leikskólum.

Guðbjörg Björnsdóttir
Halldór S. Guðmundsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Samvinna í tengslum við börn sem þarfnast sérstaks stuðnings í skóla

Góð samvinna milli foreldra, starfsfólks skóla og sérfræðinga er mikilvæg forsenda þess að vel takist til með að mæta þörfum barna sem þarfnast sérstaks stuðnings í bæði grunnskóla og leikskóla. Hér verða kynntar niðurstöður tveggja lítilla forrannsókna (*pilot studies*) á slíkri samvinnu. Annars vegar voru tekin viðtöl við 7 sérkennara í grunnskólum á Reykjavíkursvæðinu, og hins vegar við 6 leikskólakennara/aðra starfsmenn leikskóla í Reykjavik sem sinntu sérstaklega börnum með sérþarfir. Stuðst var við vinnulag grundaðrar kenningar við úrvinnslu og niðurstöður túlkaðir í ljósi kenningar Bronfenbrenner. Markmið rannsóknanna er að veita innsýn í reynslu og viðhorf þátttakenda af samvinnu í tengslum við börn sem þarfnast sérstaks stuðnings. Meðal helstu niðurstaðna er að starfsfólk grunnskóla leitaðist við að koma til móts við margar og fjölbreyttar þarfir barna í fjölmennum bekkjum, og sótti í því skyni gjarnan stuðning og þekkingu til vinnufélaga, þ.e. innan míkrókerfis. Aðstoð frá sérfræðingum (exokerfi) var oft gagnleg, en það kerfi býr við mikið álag og aðstoðin ekki alltaf nægilega vel sniðin að þörfum skólans að mati viðmælenda. Þátttakendur úr leikskóla voru á hinn bóginn ánægðari með samvinnu við sérfræðinga og þar var áhersla á samvinnu við foreldra (mesokerfi) meira áberandi. Rætt verður um þýðingu niðurstaðna og hvernig megi nýta þær í skólastarfi.

Jónína Sæmundsdóttir

# Stuðningsúrræði starfsmanna barnaverndar: „Þetta er í raun bara það sem hefur alltaf verið gert"

Aukin krafa um sannreynda þekkingu undirstrikar nauðsyn þess að rannsaka stuðningsúrræði barnaverndarnefnda svo unnt sé að meta hvað felst í þeim, árangur þeirra og hvort að útfæra eigi þau á annan hátt. Í þessari rannsókn er skoðað hvernig barnaverndarstarfsmenn skilgreina vinnu sína og stuðning sem þeir veita skv 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Eigindlegri rannsóknaraðferð var beitt og viðtöl tekin við átta félagsráðgjafa. Samkvæmt handbók Barnaverndarstofu (2006) þarf sá sem veitir leiðbeiningar um uppeldi og aðbúnað barns m.a. að hafa góða þekkingu á uppeldismálum. Allir viðmælendur sögðust beita þessu úrræði samhliða annarri vinnu í ráðgjafaviðtölunum. Enginn viðmælandi taldi sig þó beita úrræðinu markvisst og sjö viðmælendur sögðust vísa annað ef þörf væri á reglulegum leiðbeiningum. Niðurstöður benda til að barnaverndarstarfsmenn styðjist að miklu leyti við huglæga þætti í tengslum við útfærslu vinnunnar og lítil áhersla er lögð á skipulega notkun kenninga og aðferða í vinnu með skjólstæðingum. Niðurstöður rannsóknarinnar vekja áhuga rannsakanda á að kanna frekar hvort börn og fjölskyldur telji viðtölin fela í sér stuðning en viðtölin eru oft stopul og í þeim er meginástersla lögð á mat og eftirlit.

Halla Dröfn Jónsdóttir
Anni G. Haugen

# Hver er þörfin fyrir óháða ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir?

Rannsóknir hafa ítrekað bent á þörf fyrir aukna samhæfingu mismunandi úrræða og fagaðila þegar kemur að þjónustu við börn með færniskerðingar og fjölskyldur þeirra. Engin þjónustustofnun hefur lögbundið hlutverk samræmingaraðila. Það hvílir því oft á herðum foreldra að halda utan um hina ýmsu þræði þjónustunnar, leita upplýsinga og hafa yfirsýn. Til að aðstoða foreldra og styðja þá meðal annars í þessu hlutverki, stofnuðu fjögur hagsmunasamtök ráðgjafarmiðstöðina Sjónarhól með landssöfnun árið 2004. Á þeim rúma áratug sem liðinn er frá stofnun Sjónarhóls hefur ýmislegt breyst í þjónustuumhverfinu. Til að varpa ljósi á hvort, og þá hvernig þörf fyrir óháða ráðgjöf hefur breyst, er nú unnið að starfendarannsókn þar sem Sjónarhóll rýnir í eigin þjónustu. Í kjölfarið er ætlunin að gera umbætur á þjónustunni og kanna áhrif þeirra. Niðurstöðurnar sem hér eru til umfjöllunar koma úr fyrri hluta rannsóknarinnar sem felur í sér mat á núverandi stöðu og þörf fyrir breytingar. Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum og þjónustukönnun en starfsemistölur Sjónarhóls voru einnig nýttar. Niðurstöður gefa til kynna ríka þörf fyrir þjónustu Sjónarhóls í núverandi mynd. Nauðsyn þess að skerpa á hlutverki og stöðu ráðgjafarmiðstöðvarinnar í þjónustukerfinu kemur skýrt fram ásamt því að efla samstarf félagasamtaka sem vinna að hagsmunum barna.

Bergljót Borg

# Þjóðhagfræði og geirajöfnuði

Rannsóknin snýr að því byggja einfalt þjóðhagslíkan fyrir Ísland með því að nota geirajöfnuði (*sector balances*). Geirajöfnuðir byggja á því að umskrifa grunnjöfnu þjóðhagsreikningana: Y = C + G + I + X – M, og leiða út samhengi fjárhagslegs sparnaðar einkageirans, opinbera geirans og viðskiptajafnaðar. Út frá þessum fæðistærðum er hægt að greina breytingar á eigna- og skuldastöðu viðkomandi geira og þar með hagkerfisins í heild. Þessi aðferðafræði tengir saman hefðbundna þjóðhagsreikninga og fjármálareikninga og býður upp á möguleika að þróa þjóðhagslíkan sem tekur tillit til þróunar, bæði stöðu og flæðistærða. Þessar stærðir verða leiddar út fyrir Ísland og gerður samanburður við önnur OECD lönd. Metnar verða mikilvægustu hegðunarjöfnur fyrir einstaka geira til unnt verði að setja upp þjóðhagslíkan sem skýrir samhengi þessara geira í hagkerfinu. Með þjóðhagslíkani af þessu tagi er hægt að kanna hvaða þættir það eru sem mestu máli skipta varðandi ákvörðun á þróun viðskiptajafnaðar annars vegar, fjárhagslegs sparnaðar innlendra aðila hins vegar. Jafnframt gefur líkan af þessu tagi möguleika að meta samhengi skuldastöðu mismunandi geira í hagkerfinu og efnahagslegrar þróunar.

Björn Rúnar Guðmundsson

# Snemmtekinn lífeyrir*

Vitneskjan um væntanlegt aðgengi að sjóði, t.d. arfi, meðlagi, lífeyri o.s.frv., skapar möguleika á neyslu samstundis. Væntingar um framtíðargreiðslur úr til dæmis lífeyrissjóði getur haft áhrif á neyslu dagsins í dag. Ákvörðunin um upphaf töku lífeyris getur bæði verið beinn áhugi sjóðfélaga, hagræðing vinnuveitanda, eða áhrif stjórnvalda. Vitneskja vinnuveitanda um rétt starfsmanns í lífeyrissjóði getur haft áhrif á hvaða tilboð um starfslok sjóðfélaga eru boði. Það blasir því við að samspil ástands á vinnumarkaði og staða einstaklings hjá lífeyrissjóði getur haft áhrif á ákvarðanir um það hvenær skuli hefja töku lífeyris. Ástand ríkisfjármála getur einnig haft áhrif. Á Íslandi hafa á árunum eftir 2009 verið í boði skattfríðindi ef einstaklingsbundinn réttur, séreignarsparnaðurinn, er nýttur á ákveðinn hátt. Vel er hugsanlegt að hið opinbera verði með svipuð inngrip í framtíðinni. Farið er yfir líkön sem lýsa ævilengd, fjárfestingar- og sparnaðarkostum og samspili vinnumarkaðar og lífeyriskerfis. Gengið verður út frá valréttarlíkönum fyrir hönd lífeyrisþega og rætt um þvingaða lífeyristöku vegna ástands í efnahagskerfinu.

Helgi Tómasson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Hagkvæm og sjálfbær erlend skuldastaða*

Erlend skuldstaða þjóðarinnar er sem kunnugt er erfið. Skuldirnar eru sennilega langt umfram það sem hagkvæmast er fyrir þjóðarbúið. Á hinn bóginn er ekki unnt að lækka þær nema draga samsvarandi úr ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar til neyslu og fjárfestinga. Minni neysla þýðir lakari lífskjör. Minni fjárfestingar rýra getur þjóðarbúsins til að framleiða gæði og þar með halda uppi lífskjörum í framtíðinni. Lakari lífskjör ýta á hinn bóginn undir brottflutning fólks frá landinu og þá fyrst og fremst þess hluta vinnuaflsins sem framleiðnast er og hefur hæsta markaðsvirði. Þar með minnkar mannauður þjóðarinnar sem aftur rýrir getu þjóðarbúskaparins til að halda áfram að greiða niður lánin og halda uppi lífskjörum í framtíðinni. Það er því augljóslega mikilvægt að átta sig á hversu mikil erlend skuldstaða getur verið sjálfbær í þeim skilningi að hún sligi ekki viðkomandi samfélag. Í þessari grein er reynt að grafast fyrir um þetta. Beitt er hagfræðilegum greiningaraðferðum til þess að draga fram aðalatriði málsins og lýsa því hvernig þau tengjast saman. Fundin er líking fyrir bæði hagkvæmustu erlendu skuldstöðu og sjálfbæra erlenda skuldstöðu. Skýrgreindur er sá afborgunarferill lána sem hagkvæmastur er og lagður mælikvarði á þá lækkun erlendra skulda sem nauðsynleg er til að tiltekin ósjálfbær skuldstaða verði sjálfbær.

Ragnar Árnason

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Er skattkerfið meitlað í stein: Náttúrulögmál eða tímaskekkja?

Á síðustu árum, eða allt frá haustinu 2008, hefur uppbygging og markvirkni skattkerfis fengið meiri athygli en áður. Má rekja það til þess að hin mismunandi þjóðríki hafi vantað skatttekjur til þess að standa undir ríkisútgjöldum. Á þetta við um flestar vestrænar þjóðir. Skattkerfið í vestrænum skilningi byggðist upp í gegnum iðnbyltinguna í lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar. Síðan eru liðin mörg ár. Skoðað verður hvernig tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja hefur þróast í gegnum tíðina, til dagsins í dag. Ekki er ætlunin að taka afstöðu til hvað telst „hátt“ eða „lágt“ skatthlutfall. Meiri áhersla verður lögð á að lýsa uppbyggingunni á skattkerfinu sjálfu og hvernig samfélagið kemur inn í þá mynd, t.d. verður rætt um beina skattlagningu á einstaklinga og fyrirtæki. Tekjuskattur á einstaklinga í hinum vestræna heimi á „rætur að rekja“ til breytingar á bandarísku skattalöggjöfinni 1913. Þá var lagður viss grunnur að forsendum fyrir tekjuskatti einstaklinga. Er skattkerfið meitlað í stein? Það virðist vera mikli tregða til þess að breyta skattkerfinu, þrátt fyrir það að samfélagið, atvinnulífið og hinar ýmsu iðngreinar hafi breyst mjög mikið frá því um 1900. Nýjar atvinnugreinar hafa komið, aðrar hafa horfið, verklag hvers konar breyst og heilu samfélögin eru ekki þau sömu og fyrir 100 árum. En skattkerfið virðist alltaf halda strikinu og breytast lítið. Er tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja nauðsynlegur? Er hægt að einfalda innheimtuleiðir og daga úr flækjustigi?
Er skattkerfið eins og það er uppbyggt eitthvert náttúrulögmál? Er skattkerfið „hagstjórnartæki“, „tekjujöfnunartæki“ eða „fjáröflunartæki“ eða eitthvað annað eða sambland af öllu þessu?. Fjallað verður um sögu tekjuskattsins í Bandaríkjunum frá 1913 til dagsins í dag. Samhliða þessu verða einnig skoðaðir hinir ýmsu skattstofnar sem hafa áhrif á hegðun einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Hefur skattkerfið mikil eða lítil áhrif á einstaklinga og fyrirtæki? Ef svo er hvernig? Hefur skattkerfið fylgt breytingum í samfélaginu og í hagkerfinu sem heild, frá því að vera lokað staðbundið kerfi í það að vera opið og alþjóðlegt. Á síðari tímum hefur það þótt „sjálfsagt“ að hafa tekjuskattskerfi, en minna hefur verið spurt um hvort skattkerfið hafi nokkurn tíma þjónað markmiði sínu í seinni tíð, t.d. með að einfalda innheimtuleiðir.

Einar Guðbjartsson

# Over-indebtedness of consumers: Towards a European strategy?

Over-indebtedness is becoming one important problem in Europe. It has grown with the financial crisis, the rising cost of living, the loss of income and use of cash/quick credit. In this context, it is necessary to explore a possible European strategy. While causes have been identified, there is no harmonised definition of the concept which makes it very difficult to get an accurate picture of the situation in the EU/EEA Member States. A common definition is an essential step. However, a holistic approach is also needed to fight against over-indebtedness. Some ideas are explored: measures ex-ante to prevent it and ex-post to avoid social exclusion, cleaning the market from unfair practices and toxic products, building effective tools to detect and tackle debt-issues at early stage, education and prevention. A move from a “punishment model“ to a “pragmatic and solution-oriented“ paradigm when defaults, arrears occur and/or when abusive clauses/practices are detected. A European common standard for reintegrating over-indebted people into normal economic life as well as an effective framework for supervision/ enforcement of market abuses and usurary practices. In a nutshell, the concept of "responsible credit" could replace the current “main protection by information“ paradigm, requiring fair and ethical credit practices.

M. Elvira Mendez Pinedo

# Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010

Eitt meginhlutverk umboðsmanns skuldara er að annast ferli greiðsluaðlögunar skv. lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010. Lögin tóku gildi þann 1. ágúst 2010, á sama tíma og embætti umboðsmanns skuldara var sett á stofn. Markmið greiðsluaðlögunar er að endurskipuleggja fjármál einstaklinga í verulegum greiðsluerfiðleikum með því að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Reynt er að ná þessu markmiði með frjálsum samningaviðræðum við kröfuhafa. Lög um greiðsluaðlögun fjalla í meginatriðum um hverjir eiga rétt til að leita greiðsluaðlögunar, hvernig haga skuli samningaviðræðum við kröfuhafa, hvernig samningar um greiðsluaðlögun skuli uppbyggðir og hvaða reglur gilda um þá. Í þessu erindi verður fjallað um helstu ágalla sem eru á lögunum sem embættið hefur þurft að glíma við og hvaða afleiðingar þessir ágallar hafa haft við framkvæmd laganna. Rætt verður um hvernig vanhugsað orðlag eða ónákvæmni í lagasetningu getur leitt til mikilla vandkvæða og þann lærdóm sem megi draga af því. Að lokum verður greint frá tölulegum upplýsingum um greiðsluaðlögun, m.a. um fjölda mála og eftirgjöf á skuldum, til þess að varpa ljósi á mikilvægi úrræðisins í íslensku samfélagi.

Lovísa Ósk Þrastardóttir

# Eru reglur um neytendavernd óhreinu börnin í íslensku réttarfari?

Hagsmunasamtök heimilanna voru stofnuð 15. janúar 2009 og eru frjáls og óháð hagsmunasamtök á neytendasviði, til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Samtökin byggja á lýðræðislegum grunni þar sem félagar hafa jafnan rétt til áhrifa. Stjórn samtakanna er lýðræðislega kjörin og baráttumál eru lýðræðislega samþykkt á félagsfundi. Tilgangur samtakanna er að veita fólkinu í landinu möguleika til að sameinast um og að taka þátt í að verja hagsmuni heimilanna með þátttöku sinni, vera talsmaður og málsvari í umræðum um hagsmuni heimilanna til. Íslensk lög og reglur á sviði neytendaverndar á fjármálamarkaði eru að stóru leyti byggð á útfærslum á EES-reglum sem íslensk stjórnvöld hafa frá árinu 1993 verið skuldbundin til að innleiða í íslensk lög. Hagsmunasamtök heimilanna hafa að talsverðu leyti helgað starf sitt rannsóknum á þessu sviði og beitingu þeirra reglna innan íslenska réttarkerfisins, einkum hvað varðar fasteignaveðlán til kaupa á íbúðarhúsnæði og aðra neytendalánasamninga. Það hefur leitt til höfðunar dómsmáls sem gæti orðið það eitt það veigamesta í réttarþróun á sviði neytendaverndar á Íslandi, eða ekki?

Pálmey Gísladóttir
Guðmundur Ásgeirsson

# "The Bear and the Maiden Fair": Why does Armenia side with Russia?*

The Caucasus is often described as a cauldron of multiple contradictions: history, culture, languages, religion. It is also a nexus between east and west, between Europe and Asia, between Christianity and Islam, and it is a venue for live and/or 'frozen' conflicts. The small state of Armenia stands in the middle in every sense, and is party to a major 'frozen' conflict in Nagorno-Karabakh. In Western discourse Russia is often depicted as the 'bad guy' on the international scene, whilst the West itself constitutes the 'good guy'. Drawing on the small states literature and general IR theories, this paper seeks to explain Armenia's choice to seek shelter with Russia at the same time as its neighbouring Georgia nourishes aspirations to join NATO, and Azerbaijan has committed to a neutrality-policy. The main findings are that Armenia's policy is one of conscious balance and 'complementarity', keeping up close cooperation with and dependency on Russia but simultaneously, to some extent at least, fostering relations with Western structures. While the Nagorno-Karabakh conflict is unresolved this policy will persist – with a clear tilt towards Russia at present – and will in turn prevent any rapprochement with Armenia's main adversaries, Azerbaijan and Turkey.

Árni Þór Sigurðsson
Alyson J.K. Bailes

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# The shelter alliance theory: The basic features of the relationship between small states and their larger neighbors

The lecture will argue that the concept of alliance "shelter" better explains small state alignment. The theory of alliance shelter has been developed to explain the alliance choices of Western small states, including Iceland and Estonia, and serves as an important addition to alliance theory. Shelter is the diplomatic, economic, societal, and political alignment response of structurally weak states. Alliance shelter theory differs from traditional alliance theories for six reasons. First, it regards small states as fundamentally different political, economic and social units than large states. Second, their alliance shelter relationships are distinctly shaped by domestic as much as international factors. Third, small states benefit disproportionately from international cooperation, including institutional membership, compared with large states. Fourth, shelter theory claims that small states/entities need political, economic, and societal shelter (as well as strategic protection) in order to thrive. Fifth, the social and cultural relationships of the small states with the outside world are elements that have been neglected by alliance theory; but sixth, shelter may also come at a significant cost for the small state/entity.

Baldur Þórhallsson
Bradley Thayer

# The "Myth of Venice" and the "Myth of Scotland"

This presentation engages with prior scholarship on small states and political, social, and financial shelter by looking at the cases of Renaissance Venice and modern Scotland in a comparative perspective. I argue that the emergence and dissemination of the vision of Venice as a mixed constitution incorporating elements from diverse regime types ("Myth of Venice") was the crystallization of a series of attempts to vindicate the Serenissima's efforts to consolidate its position and role vis-à-vis other Italian cities, the Papacy, and foreign powers, such as the Ottoman Empire. I also show that the Venetian example provides a precedent for recent debates about Scottish independence and Scotland's relations with the United Kingdom and the European Union and the nature and prospects of Scotland's EU membership. The ultimate objective of the paper is to canvass and analyze some of the key features of Venetian and Scottish political discourse on the importance of alliances for small states and outline a new analytical framework for exploring medieval and modern articulations of the concept of "shelter".

Vasileios Syros

# Proposals to Sell, Annex or Evacuate Iceland, 1518–1868*

Iceland, a remote country with a harsh climate, and a Norwegian-Danish dependency since 1262, was not much coveted by European powers, despite her fertile fishing grounds, technologically accessible since the early 15th Century. In 1518 and 1524, Danish King Christian I unsuccessfully tried to pledge Iceland against a loan from English King Henry VIII. In 1535, King Christian III also tried to do this, but again Henry VIII turned down the request. In 1645, King Christian IV tried to pledge Iceland against a loan from Hanseatic merchants, but yet again, there was not sufficient interest. Indeed, so harsh seemed Iceland's climate that in 1784–5, after a massive vulcanic eruption and an earthquake, it was seriously contemplated in Copenhagen to evacuate the Icelandic population to other parts of the Danish realm. However, during the Napoleonic Wars the British government briefly considered annexing Iceland. Sir Joseph Banks, who had toured Iceland, wrote three reports, in 1801, 1807 and 1813, recommending this. Ultimately, the British government decided against it: Iceland was not sufficiently attractive. In 1868, a report was written at the initiative of the U.S. Secretary of State William H. Seward on a possible purchase of Iceland, but the idea was so ill-received that Secretary Seward made no further move. The conclusion is that Iceland was a marginal society until it became, in the 20th century, strategically important, enjoying the military and political protection of the U.S. from 1941 to 2006. After that, Iceland became marginal again and thus expendable.

Hannes H. Gissurarson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Réttarstaða transfólks: Nýlegar breytingar á danskri löggjöf og þýðing þeirra fyrir stefnumótun á Íslandi

Réttarstaða transfólks er tiltölulega lítt rannsakað málefnasvið á Íslandi, en engu að síður er hér um að ræða málaflokk í hraðri þróun. Rannsóknin sem hér er kynnt varpar ljósi á þennan málaflokk með því að skýra þá leið sem Danir kusu að fara við endurskoðun sína á lagareglum um réttarstöðu transfólks. Lagabreytingin, sem gekk í gildi í september 2014, veitir transeinstaklingum í Danmörku greiðari aðgang að lagalegri kynleiðréttingu og hefur skýra tengingu við hliðstæðar lagabreytingar annars staðar í Evrópu. Markmið rannsóknarinnar er að skýra þær hugmyndir, sjónarmið og rök sem fram komu við undirbúning breytingarinnar og setja þau í samhengi við þróun viðhorfa í öðrum löndum. Stefnumörkunargreining (*policy analysis*) var gerð á gögnum úr stjórnsýslu og frá meðferð málsins á danska þinginu og jafnframt voru blaðagreinar úr dönskum dagblöðum sem fjölluðu um breytinguna greindar. Viðtöl voru einnig tekin við helstu aðila sem komu að undirbúningi lagabreytingarinnar. Í rannsókninni var einnig könnuð afstaða Dana til reglna nágrannalandanna um réttarstöðu transfólks. Allt eru þetta lönd sem Íslendingar bera sig hvað helst saman við. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa þýðingu við mótun stefnu og endurskoðun laga um réttarstöðu transfólks á Íslandi og fyrir alla þá sem láta sig málefni transfólks varða.

Sigrún Inga Garðarsdóttir
C. M. Roggeband

# Réttur transfólks til friðhelgi einkalífs og líkamlegs sjálfræðis

22. apríl 2015 samþykkti þing Evrópuráðsins ályktun nr. 2048 2015 um mismunun gagnvart transfólki í Evrópu. Í ályktuninni kemur m.a. fram að þingið hafi áhyggjur af mannréttindabrotum sem transfólk verði fyrir þegar það sæki um lagalega kynleiðréttingu og er þar einkum vísað til friðhelgi einkalífs og líkamlegs sjálfræðis. Bent er á að víða séu sett skilyrði fyrir slíkri leiðréttingu, þ.e. gerð krafa t.d. um ófrjósemisaðgerð, skilnað, greiningu geðsjúkdóms, skurðaðgerð og/eða aðrar læknisfræðilegar meðferðir. Að auki geri flókið ferli í stjórnsýslu og viðbótarskilyrði, eins og að umsækjandi hafi lokið reynslutímabili í kynhlutverki þess kyns sem hann samsamar sig, leiðréttingarferlið íþyngjandi. Ályktunin hefur að geyma tilmæli til aðildarríkja Evrópuráðsins um breytingar og aðgerðir til að bæta réttarstöðu transfólks. Í erindinu er ætlunin að rýna í ályktun þings Evrópuráðsins og setja hana í samhengi við þróun í dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu varðandi 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þá verður gerð grein fyrir tilmælum þeim sem ályktunin hefur að geyma og þýðingu þeirra fyrir íslenska löggjöf.

Aagot Vigdís Óskarsdóttir

# Í leit að hinsegin rými í Tehran: Hvernig skapa íranskir hommar sér rými á jaðri samfélagsins?

Hugtakið „heterótópía" sem þýða má sem hinsegin rými eða jaðarrými, var sett fram af Michel Foucault. Samkvæmt honum einkennast heterótópíur af óreiðu og skipulagsleysi. Þar getur öðruvísi samfélag, hegðun og/eða rými mótast og fundið sér farveg. Í raun má segja að heterótópíur þrífist á jaðrinum og lúta þær öðrum valdaafstæðum og lögmálum heldur en gerist og gengur annars staðar innan samfélagsins. Skilgreindi Foucault ýmsar tegundir af heterótópíum sem ræddar verða í erindinu. Ég mun byggja erindi mitt á fyrstu niðurstöðum etnógrafískrar rannsóknar á því hvernig íranskir hommar, aðallega í Tehran, skapa sér rými, hinsegin rými á jaðri samfélagsins. Rannsóknargögn samanstanda af viðtölum við átta unga karlmenn, sem skilgreindu sig allir sem hommar. Enn fremur byggi ég erindi mitt á vettvangsnótum og öðrum gögnum sem safnað var á vettvangi. Gögnin voru greind út frá þemagreiningu og stuðst var við kenningar og nálgun hinsegin- og kynjafræða. En jafnframt voru hugmyndir Foucault um heterótópíur notaðar við að túlka og greina rannsóknargögnin, sem og aðrar kenningar um rými og félagslega mótun þess (sjá t.d. Bell, Binnie, Cream og Valentine 1994; Massey 2005). Niðurstöður benda til þess að íranskir hommar, jafnt innan hins opinbera rýmis sem og einkarýmisins, finna sér leiðir til að vera þeir sjálfir og veita tilfinningum sínum útrás. Þeir eru hins vegar stöðugt meðvitaðir um kúgun og valdbeitingu samfélagsins í garð þessa minnihlutahóps og urðu oft fyrir barðinu á yfirvöldum þegar þeir reyndu að skapa sér hinsegin rými. Verður það rætt frekar í erindinu og komið með dæmi.

Jón Ingvar Kjaran

# „Þetta er dálítið eins og svart og hvítt“: Hinsegin innflytjendur á Íslandi

Hlutfall innflytjenda á Íslandi hefur hækkað umtalsvert á undanförnum tuttugu árum, samhliða verulegum lagalegum breytingum varðandi réttindi hinsegin fólks á Íslandi. Á þessum tíma hafa almenn viðhorf til þessara tveggja hópa, hinsegin fólks og innflytjenda, einnig tekið stakkaskiptum. Kynningin fjallar um reynslu hinsegin innflytjenda sem koma frá hinu hnattræna Suðri (*global south*), af því að búa á Íslandi. Viðmælendur eru einstaklingar sem hafa mismunandi etnískan uppruna en eru allir frá hinu hnattræna Suðri, eru fyrstu kynslóðar innflytjendur á Íslandi og skilgreina sig sem hinsegin (*same-sex sexualities*). Kenningar er lúta að því að tilheyra verða notaðar til að skýra stöðu þátttakenda í íslensku samfélagi og kenningar er snúa að hvítleika til að gera grein fyrir hvernig þátttakendur geta fundið fyrir útilokun. Sýnt verður fram á hvernig upplifun þátttakenda af því að tilheyra sínu etníska samfélagi, hinsegin samfélaginu og hinu almenna íslenska samfélagi skarast við stöðu þeirra sem hinsegin innflytjenda.

Linda Sólveigar Guðmundsdóttir
Unnur Dís Skaptadóttir

# „En hann er ekki týpiskur Grikki“: Samræður um kynjaímyndir meðal anarkista í Aþenu, Grikklandi

Grísk þjóðarímynd karla er í krísu. Eftir aldalanga baráttu við að sanna sig sem verðuga meðal bræðralags manna í „siðmenntaðri“ Evrópu, eru þeir nú á barmi þess að vera álitnir spilltir, sérhlífnir og villimannslegir í vestrænum fjölmiðlum. Í hversdagslífinu hefur sjálfsmynd þeirra helst byggst á fyrirvinnuhlutverkinu, ásamt hugmyndum um ástríður, hetjudýrkun og jafnræði meðal vina. Í núverandi kreppu reynist samsömun við þessa ímynd flókin. Atvinnuleysi er mikið og sjálfsmorð hafa aukist. Andóf birtist aðallega á tvenna vísu. Annars vegar meðal rasista og hins vegar meðal anarkista. Þaðan fá hinar nýju pólitísku hetjur að miklu leyti fylgi sitt. Hið nýja pólitíska landslag ögrar ýmsum ráðandi karlmennskuhugmyndum en á sama tíma viðheldur það ráðandi stöðu karla. Þessi grein fjallar um hluta af etnógrafískri doktorsrannsókn í miðborg Aþenu á árunum 2012 og 2014-15. Aðalviðfangsefni rannsóknarinnar er mótun kyngervis karla í fólksflutningum sem sækja félagsmiðstöð í Anarkistahverfinu, Exarhia. Til að greina hvaða karlmennskuímyndir karlarnir eiga í samræðum við, voru tekin 25 viðtöl við Grikki og gerðar þátttökuathuganir meðal mótmælanda. Frumniðurstöður benda til þess að þrátt fyrir áherslu á kynjajafnrétti í hverfinu þá sé það samt auðveldara fyrir karla en konur að öðlast hærri félagslega stöðu í gegnum karllæga ástríðu á pólítík og hetjudýrkun.

Árdís Kristín Ingvarsdóttir
Ingólfur V. Gíslason

# Upplifun útsendra starfsmanna af almennri aðlögun á Íslandi

Í kjölfar hnattvæðingar hefur hreyfanleiki fólks á milli landsvæða aukist. Fyrirtæki eiga oft dótturfyrirtæki í fjölmörgum löndum og fólk starfar í auknum mæli við fjölmenningarlegar aðstæður. Hér verður fjallað um rannsókn sem framkvæmd var meðal útsendra starfsmanna á Íslandi þar sem skoða var hvernig útsendum starfsmönnum gekk að aðlagast íslenskri menningu, fyrirtækjamenningu og að eiga samskipti við Íslendinga.

Auður Inga Ísleifsdóttir
Svala Guðmundsdóttir

# Enginn maður er eyland: Útsendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði

Fjallað verður um úttekt á því hvernig haldið hefur verið utan um málefni útsendra starfsmanna í íslenskum fyrirtækjum í sjávarútvegi og -iðnaði. Nánar var skoðað hvernig staðið var að starfsmannavali og þjálfun. Hvernig aðlögunin gekk fyrir sig í hinu nýju starfsumhverfi og hvort hinir útsendu starfsmenn hafi verið vel undirbúnir og fengið nægjanlegan stuðning frá höfuðstöðvunum.

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
Svala Guðmundsdóttir

# Upplýsingar og fjarvinna hjá ríkisstofnunum: Viðtalsrannsókn

Tækninýjungar, s.s. fartölvur, spjaldtölvur og snjallsímar auðvelda skjalavinnu utan skrifstofunnar og vinnan fer í vaxandi mæli fram utan vinnustaðarins. Samkvæmt lögum, sem snúa að upplýsinga- og skjalastjórn, þurfa ríkisstofnanir að varðveita og hafa tiltæk öll skjöl sem varða starfsemina. Viðtalsrannsókn var framkvæmd 2015 hjá tíu ríkisstofnunum og viðmælendur valdir kerfisbundið. Markmið rannsóknarinnar var að skoða meðhöndlun og varðveislu upplýsinga sem urðu til utan skrifstofunnar, svo sem á vettvangi, heimilum eða á hinum svokallaða „þriðja vinnustað". Rannsóknarspurningarnar snérust um hvort starfsfólk stundaði fjarvinnu og ef svo, hvernig farið var með upplýsingar og skjöl sem urðu til í starfi utan skrifstofunnar. Þá var skoðað hvort starfsfólk gæti vistað skjölin í rafrænt skjalastjórnarkerfi viðkomandi stofnunar, hvort stofnunin hefði sett verklagsreglur varðandi slíkt og hvort fylgst væri með því að starfsmenn vistuðu slíkar upplýsingar. Helstu niðurstöður voru þær að flestar stofnananna gerðu starfsfólki kleift að stunda fjarvinnu og stór hluti viðmælenda gaf til kynna að hægt væri að vista upplýsingar í rafrænt skjalastjórnarkerfi. Fæstar stofnananna höfðu sett verklagsreglur um vistun og varðveislu upplýsinga til frambúðar og hjá meirihluta þeirra var ekki markvisst eftirlit með vistuninni. Þá kom í ljós að fyrir kom að skjöl, sem höfðu orðið til urðu til við fjarvinnu, hefðu glatast.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

# Hvaða áhrif hafði efnhagshrunið á starfsöryggi þeirra sem störfuðu hjá sveitarfélögunum?

Það að starfa hjá opinberum aðilum eins og ríki og sveitarfélögum hefur löngum verið talið fela í sér mikið starfsöryggi. Því þótti fróðlegt að fylgjast með hvaða áhrif efnahagshrunið 2008 hefði á starfsöryggi starfsmanna sveitarfélaga og afleiðingar þess fyrir vinnustaði sveitarfélaganna. Notast var við blandað rannsóknarsnið, spurningalistakönnun og rýnihópaviðtöl. Á árunum 2010-2013 var í þrígang lagður fyrir rafrænn spurningalisti meðal starfsmanna 20 sveitarfélaga og árið 2011 voru tekin 9 rýnihópaviðtöl í tveimur sveitarfélögum. Það var 2971 starfsmaður sem svaraði öllum þremur fyrirlögnum spurningalistans og gáfu upplýsingar til að para saman gögnin, 82% konur og 18% karlar. Í rýnihópaviðtölunum tóku 53 starfsmenn þátt, 81% konur og 19% karlar. Kynjaskipting þátttakenda endurspeglar kynjahlutfall starfsfólks sveitarfélaga vel. Niðurstöðurnar sýna að í kjölfar efnahagshrunsins hefur starfsfólk sveitarfélaga búið við vaxandi starfsóöryggi og niðurskurður í starfsmannahaldi hafði haft víðtæk áhrif á vinnustaði sveitarfélaganna. Birtingarmyndir þess mátti sjá í auknu vinnuálagi, veikindafjarvistum, óvissu og þreytu meðal starfsfólksins sem enn var í starfi. Þó kom einnig fram að þrátt fyrir uppsagnir hafði starfsfólkið fulla trú á því að það héldi starfi sínu. Trúin á starfsöryggi starfs hjá sveitarfélagi var enn til staðar en fór þó aðeins minnkandi þegar lengra leið frá efnahagshruninu.

Hjördís Sigursteinsdóttir

# Áhrif bankahrunsins á innleiðingu samfélagsábyrgðar hjá viðskiptabönkum og vátryggingafélögum

Bankahrunið 2008 varð til þess að fjármálafyrirtæki, sér í lagi viðskiptabankar, þurftu að fara í gegnum naflaskoðun á samfélagslegum áhrifum sínum. Fyrir hrunið höfðu viðskiptabankarnir verið með sterka ímynd og samfélaglegar áherslur í rekstri, en þær áherslur voru aðallega á styrkveitingar. Markmið með rannsókn þessari er að skoða ímynd viðskiptabanka og vátryggingafélaga fyrir og eftir bankahrunið, kanna hvort áherslur á samfélagsábyrgð hafi þróast með svipuðum hætti. Til grundvallar verða notaðar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar aftur til ársins 2000, en Capacent ehf., Samtök Iðnaðarins og Stjórnvísi standa að baki Íslensku ánægjuvoginni. Ánægjumælingar eru í höndum Capacent Gallup. Þá voru tekin viðtöl við stjórnendur og sérfræðinga í viðskiptabönkum og vátryggingafélögum árin 2014 og 2015, auk þess sem gögn af vefsíðum fjármálastofnanna voru einnig greind. Helstu niðurstöður eru þær ímynd viðskiptabanka skaðaðist mun meira en ímynd vátryggingafélaga. Í viðtölum, sem og með gögnum af vefsíðum fjármálafyrirtækja, kemur fram að innleiðing á samfélagsábyrgð hjá viðskiptaböknum virðist hraðari og meira í takt við fræðilegar skilgreiningar á samfélagslegri ábyrgð en hjá vátryggingafélögum. Velta má því upp sem lærdómi þeirri spurningu hvort ytri áföll þurfi til svo að samfélagsleg ábyrgð sé innleidd á stefnumiðaðan hátt hjá fyrirtækjum.

Lára Jóhannsdóttir
Snjólfur Ólafsson

# Álit, upplifun og framtíðarsýn ráðgjafa á hvata íslenskra fyrirtækja til aðgerða á sviði samfélagsábyrgðar og umhverfismála*

Rannsóknin miðar að því að varpa ljósi á þá hvata sem ráðgjafar telja mest áberandi í fyrirtækjaumhverfinu á Íslandi varðandi samfélagsábyrgð og umhverfismál og hvað geti orðið til þess að fleiri fyrirtæki leggi áherslu á samfélagsábyrgð eða umhverfisvæna starfshætti. Rannsóknin er gerð samkvæmt eigindlegri aðferðafræði og fólst gagnasöfnun í því að tekin voru hálf-stöðluð viðtöl við fimm ráðgjafa á sviði samfélagsábyrgðar og/eða umhverfismála. Viðmælendur starfa allir hjá ráðgjafafyrirtækjum sem sinna ráðgjöf til annarra fyrirtækja á sviði samfélagsábyrgðar og umhverfismála, til dæmis við innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfum. Ellefu lykilþemu voru greind með opinni kóðun. Þau eru útboð og innkaup, lagasetning, yfirvöld, fjárhagur, neytendur, ímynd, áhugi, upplýsingagjöf og miðlun, sveitarfélög, umhverfisbókhald og gerð samfélagsskýrslna og nýsköpun og vöruþróun. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa innsýn inn í þætti sem hafa haft áhrif á þróun og framgang aðgerða fyrirtækja og stofnana á sviði samfélagsábyrgðar og umhverfismála. Þær gefa einnig hugmyndir um það hvaða hvatar eru líklegir til að hafa áhrif á íslensk fyrirtæki og stofnanir á komandi árum að mati ráðgjafa.

Geirþrúður María Kjartansdóttir
Lára Jóhannsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Aðgreining raforkusölufyrirtækja: Virðisaukning í gegnum samfélagsábyrgð fyrirtækja*

Breytingar á viðskiptaumhverfi íslenskra raforkusölufyrirtækja hafa skapað bæði áskoranir og tækifæri og gert það að verkum að fyrirtækin hafa þurft að endurskoða hlutverk sín til virðissköpunar. Raforkuneytendur skortir vitund og þekkingu um raforkumarkaðinn og við fyrstu sýn virðist verð vera eini þátturinn sem neytendur telja að skipti þá máli við val á milli raforkusölufyrirtækja. Ýmislegt bendir þó til þess að áherslan á verð sé aðeins afleiðing einsleitni og aðgreiningarskorts á milli raforkusölufyrirtækja. Fyrirtækin standa því frammi fyrir þeirri áskorun að skapa sér skýra aðgreiningu frá samkeppnisaðilum sem skapar viðskiptavinum þeirra aukið virði í viðskiptunum og gefur þeim ástæðu til að velja eitt vörutilboð umfram annað. Markmið þessarar greinar er að svara því hvort raforkusölufyrirtæki geti skapað slíkt virði í hugum viðskiptavina með því að aðgreina sig byggt á samfélagsábyrgð fyrirtækja. Helstu niðurstöður eru þær að raforkusölufyrirtæki geta skapað viðskiptavinum aukið virði með aðgreiningu byggðri á samfélagslegri ábyrgð, þó að slíkt sé af og frá sjálfgefið. Fjölmargir þættir geta haft áhrif á það hvort slík stefna sé líkleg til að skapa virði, svo sem orðspor fyrirtækis, skuldbinding þess við stefnuna, hvatinn að baki innleiðingu stefnunnar, hvernig framkvæmd stefnunnar er háttað og hvernig henni er miðlað til neytenda.

Hrafnhildur Árnadóttir
Friðrik Larsen

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Þáttur samfélagsábyrgðar í trausti til íslenskra banka

Traust til íslenskra banka skaðaðist umtalsvert við bankahrunið haustið 2008. Síðan þá hafa bankarnir unnið að því að endurheimta traustið, en miðar hægt á þeirri vegferð. Í erindinu er kannað hvaða áhrif samfélagsábyrgð hefur á traust til bankanna og hvernig málin hafa þróast eftir bankahrunið. Til grundvallar liggja tvö rannsóknarverkefni. Annað rannsóknarverkefnið byggist á spurningalistum sem hafa verið lagðir fyrir almenning í fjöldamörg ár, með spurningum um viðhorf til íslenskra banka, m.a. traust, sem og sýn á samfélagsábyrgð þeirra. Það verkefni sýnir hvernig traust til bankanna hefur þróast frá árinu 2006. Jafnframt kemur fram fylgni milli trausts og samfélagsábyrgðar. Hitt rannsóknarverkefnið fólst í rannsókn á stefnum og áhersluatriðum bankanna varðandi samfélagsábyrgð og var rannsóknin framkvæmd árin 2014 og 2015. Tekin voru hálf-opin viðtöl við fulltrúa bankanna og efni á vefsíðum þeirra skoðað. Ljóst er að ein af ástæðum fyrir áherslu á samfélagsábyrgð er vilji til að endurvinna traust. Í erindinu eru dregin fram meginatriði varðandi það hvernig innleiðing samfélagsábyrgðar í bönkunum er liður í því að endurvinna traust. Það er einkum gert með því að draga þekkingu úr þessum tveimur rannsóknarverkefnum, en einnig með því að bæta efni við, m.a. greina hvað nýlegar fræðigreinar segja um það.

Snjólfur Ólafsson
Þórhallur Guðlaugsson

# Skuldbinding framhaldsskólanema til náms og skóla í tengslum við stuðning kennara og foreldra

Miklu skiptir fyrir framtíð ungmenna að ljúka framhaldsskóla. Skuldbinding til náms og skóla (*student engagement*) tengist námsgengi nemenda og er lykilhugtak í kenningum um brotthvarf frá námi. Unglingsárin eru sérstakt áhættutímabil því skuldbinding nemenda dvínar að jafnaði á þessum árum sem eykur líkur á brotthvarfi. Ópersónulegra skólaumhverfi miðað við fyrri skólastig er álitið möguleg orsök; nemendur hafi fleiri kennara og færri tækifæri gefist til náinna samskipta. Markmið rannsóknarinnar er að kanna tengsl á milli stuðnings kennara og foreldra við skuldbindingu framhaldsskólanema til náms og skóla. Lítil áhersla hefur verið á að kanna þátt foreldra í skuldbindingu barna sinna á unglingsárum. Rannsóknin náði til tæplega 2000 16 og 17 ára nemenda árið 2007 í öllum framhaldsskólum landsins og er hluti af langtímarannsókninni Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla. Niðurstöður fjölbreytu aðhvarfsgreiningar sýndu að bæði stuðningur foreldra og kennara spáði fyrir um hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Því meiri sem hvatning og þátttaka foreldra var í námi barna sinna, og því meiri sem stuðningur var frá kennurum, því betur samsömuðu ungmennin sig skólanum, því jákvæðari var námshegðun þeirra og því minni var neikvæð skólahegðun. Þetta átti við að teknu tilliti til kyns og menntunar foreldra. Sú athyglisverða niðurstaða kom fram að stuðningur foreldra virtist skipta meira máli um námshegðun ungmennanna en stuðningur kennara meira máli um samsömun þeirra við skólann.

Kristjana Stella Blöndal

# „Ávinningurinn er ótvíræður“: Upplifun kennara af kennslu kynjafræði í framhaldsskólum

Tilgangur rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að kanna upplifun kennara af kennslu kynjafræði í framhaldsskóla. Markmiðið var að skoða upplifun þeirra af kennslunni og kennslugreininni sem slíkri, lýsa því hvaða aðferðir og námsefni kennarar nota, ásamt því hvernig námsmat fer fram. Jafnframt var horft til jafnréttisfræðslu innan skólanna og stöðu kynjafræði í framhaldsskólum. Leitast var við að setja kynjafræðikennslu í samhengi við jafnréttisbaráttu kvenna. Horft var til mótunarhyggju og kyngervingar í hinu félagslega rými. Einnig var litið til rannsókna á hlutverki kennara í kennslu samfélagsgreina á framhaldsskólastigi. Rannsóknin leitaðist við að svara eftirtöldum spurningum: Hvernig upplifa kennarar kennslu kynjafræði í framhaldsskóla? Hvaða námsefni nota kennarar og hvernig fer námsmatið fram? Hvert er viðhorf nemenda til jafnréttismála? Hver er staða framhaldsskóla með tilliti til jafnréttisfræðslu og hvert er viðhorf starfsmanna skóla til kennslu kynjafræði? Til þess að svara þessum spurningum var notuð narratíf rannsóknaraðferð sem tilheyrir flokki eigindlegra aðferða. Tekin voru viðtöl við þrjá kennara sem kenna kynjafræði við framhaldsskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að mikil þörf sé á námi í kynjafræði í framhaldsskóla og jafnvel á neðri skólastigum. Kennararnir töldu það mikilvægt fyrir alla nemendur að öðlast þekkingu á efni kynjafræðiáfanganna og að þeirra mati opnaði kennslan nemendum nýja sýn á mismunun í samfélaginu. Kennararnir töldu það skipta máli að ungt fólk sé meðvitað um jafnréttismál í sínum víðasta skilningi.

Berglind Ósk Pétursdóttir
Þorlákur Axel Jónsson aðjúnkt

# Námsgengi ungmenna eftir þjóðernisbakgrunni

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað í grunnskólum og framhaldsskólum á Íslandi undanfarin ár. Samkvæmt PISA rannsókn OECD minnkaði lesskilningur íslenskra grunnskólanemenda á fyrsta áratug nýrrar aldar. Lesskilningurinn minnkaði tvöfalt meira meðal nemenda af erlendum uppruna heldur en nemenda af innlendum uppruna. Úrvinnsla á skráningargögnum Hagstofu Íslands sýnir að námslok á framhaldsskólastigi meðal pilta af erlendum uppruna eru nærri tvöfalt fátíðari en íslenskra jafnaldra þeirra. Kynnt verður tölfræðileg athugun á námsgengi 2006 árgangsins frá lokum grunnskóla og á framhaldsskólastigi fram til 2012. Námsgengið verður skoðað út frá einkennum nemenda og þáttum í umhverfi þeirra. Unnið er með gögn um einkunnir á samræmdum prófum, félagslegan bakgrunn nemenda og viðhorf til skóla ásamt skráningargögnum um nám í framhaldsskóla. Fram kemur að miklu munar á námsárangri og námsgengi nemendahópa með mismunandi þjóðernislegan uppruna. Gerð verður grein fyrir sambandi námsgengis við bakgrunnsþætti á borð við þjóðfélagsstöðu, kyn, búsetu, viðhorf til skóla og viðhorf til náms. Rætt verður hverju munar á þessum samböndum eftir þjóðernisuppruna ungmennanna. Niðurstöðurnar kalla á umræðu um ábyrgð stjórnvalda og yfirlýst markmið um skóla fyrir alla.

Þorlákur Axel Jónsson
Ólöf Garðarsdóttir

# Viðhorf íslenskra unglinga til vísinda

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á viðhorfum unglinga til vísinda. Vísindi og niðurstöður vísindastarfs hefur orðið æ fyrirferðarmeira í samfélagsumræðu og iðulega vitnað til vísindalegra niðurstaðna bæði þegar fjallað er um persónuleg og samfélagsleg viðfangsefni. Því er áhugavert að skoða hvaða merkingu unglingar leggja í vísindi og vísindalegar niðurstöður og hvaða skilning unglingar hafa á vísindalegum aðferðum. Lagður var spurningalisti fyrir íslenska unglinga sem voru að ljúka skyldunámi. Spurningarnar snerust um viðhorf þeirra til gildi vísinda, hverjum vísindi koma að gagni og til áreiðanleika vísindamanna. Spurningalistinn var lagður fyrir um 350 unglinga árið 2015 og um 650 unglinga árið 2003. Samsvarandi spurningalisti var einnig lagður fyrir unglinga í yfir 40 löndum á tímabilinu 2002-2005. Til þátttöku á Íslandi voru valdir árið 2003 af handahófi bekkir úr íslenskum grunnskólum en árið 2015 var leitast við að fá til þátttöku nemendur úr þeim skólum sem valdir höfðu verið í fyrra skiptið. Gerð verður grein fyrir núverandi viðhorfum íslenskra unglinga til vísinda og þau viðhorf borin saman við viðhorf unglinga hér á landi og erlendis fyrir um áratug.

Haukur Arason

# Skóli sem skiptir máli í byggðarlaginu: Menntaskólinn á Tröllaskaga - samspil skóla og samfélags

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi haustið 2010 og þjónar byggðarlögunum við utanverðan Eyjafjörð. Lögð er rík áhersla á að skapa góð tengsl við grenndarsamfélagið og inntak náms tengist oft beint bæði náttúrulegu umhverfi, menningu og atvinnu í byggðarlaginu. Sem dæmi taka allir nemendur áfanga um mikilvægi nýsköpunar sem er skipulagður í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Sá hluti rannsóknarinnar sem sagt verður frá snýst um gildi skólans fyrir samfélagið og mikilvægi framlags fyrirtækja og stofnana í byggðarlaginu til skólans. Rannsóknarspurningar eru: 1. Hvaða gildi hefur skólinn haft fyrir byggðarlagið? 2. Hvaða áhrif hefur samvinna við fyrirtæki og stofnanir haft á námið í skólanum? 3. Hvaða máli skiptir inntak náms, form skólans og hugmyndafræði þegar gildi hans fyrir byggðarlagið er metið? Rannsóknin er byggð á vettvangsheimsóknum árin 2013-2015, hér mest á viðtölum við lykilpersónur í samfélaginu, s.s. fulltrúa fyrirtækja sem hafa átt samvinnu við skólann og lagt honum lið, skólastjóra grunnskóla, foreldra og fullorðna nemendur skólans. Vorið 2015 virtist Menntamálaráðuneytið ætla að leggja skólann niður sem sjálfstæða stofnun en þar sem kröftug mótmæli urðu í samfélaginu var hætt við það. Menningarsögulegri starfsemiskenningu var beitt til að greina hvernig skólinn hefur orðið til í virku samspili við samfélagið en það skýrir samstöðuna um skólann.

Þuríður Jóhannsdóttir

# Þjónustusókn og samfélagsábyrgð í dreifbýli*

Árið 2014 gerði Þekkingarnet Þingeyinga samfélagsrannsókn á svæðinu frá Jökulsá að Bakkafirði og einnig meðal íbúa Húsavíkur. Í rannsókninni var spurt um ýmsa þætti þjónustusóknar, s.s. hvert íbúar sækja matvöruverslun og heilbrigðisþjónustu. Þá var einnig spurt um ábyrgð á heimilisstörfum, aðstoð við heimanám barna, foreldrastarf og samfélagsábyrgð. Þar voru kynjabreytur skoðaðar sérstaklega og hvernig þessi ábyrgð skiptist á milli kynjanna. Oft er rætt um að konur kjósi síður að búa á landsbyggðinni og því er forvitnilegt að skoða þessa þætti. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög áhugaverðar. Meðal annars kom fram að íbúar á svæðinu austan Jökulsár sækja nánast enga þjónustu til Húsavíkur af því sem þó er til staðar heldur fara frekar til Akureyrar. Þá nefna margir að það vanti nýja lágvöruverslun á Húsavík og að slík þjónusta myndi auka viðskipti þeirra þar. Einnig gera margir íbúar Húsavíkur stórinnkaup utan heimabyggðar þó að lágvöruverslunin Kaskó sé á staðnum. Í rannsókninni kom skýrt fram að ábyrgð á foreldrastarfi og almennum heimilisstörfum hvílir enn meira á konum en körlum en svipuð ábyrgð hvíldi á kynjunum þegar kom að pólitískri þátttöku sem endurspeglar samt ekki hlutfall í sveitarstjórnum á svæðinu.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Óli Halldórsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein Skemmunni (www.skemman.is).

# Endurspeglar menntun starfsfólks almenningsbókasafna óskir almennings um þjónustu?

Niðurstöður kannana höfundar á mannafla og þjónustueiningum bóka- og skjalasafna 1989 og 2001 sýndu að hlutfall bókasafns- og upplýsingafræðinga af háskólamenntuðu starfsfólki almenningsbókasafna lækkaði frá 1989 til 2001. Samtímis störfuðu fleiri bókasafnsfræðingar við skjalastjórn. Niðurstöðurnar vöktu eftirfarandi spurningar: 1. Hefur hlutfalli bókasafns- og upplýsingafræðinga af háskólamenntuðu starfsfólki almenningsbókasafna breyst frá 2001 og þá hvernig? 2. Endurspeglar samsetning háskólamenntaðs starfsfólks almenningsbókasafna þjónustuóskir notenda? Eða bendir hún til að bókasafns- og upplýsingafræðingar geti ekki mannað bæði óðal almenningsbókasafna og skjalastjórnar samtímis? Markmið rannsóknanna sem hér er fjallað um er öflun vísbendinga um þróunina í þessum efnum frá 2001. Svars við fyrri spurningunni var leitað með könnun á mannafla bóka- og skjalasafna og fjölda þjónustueininga hér á landi haustið 2014. Svars við seinni spurningunni var leitað með könnun á væntingum almennings til þjónustu almenningsbókasafna vorið 2015. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd kannananna 2014 og 2015. Niðurstöður eru greindar samkvæmt kenningu Abbott‘s um þróun fagstétta og settar í samhengi við fyrri kannanir höfundar. Úrvinnsla gagna 2014-könnunarinnar stendur yfir. Niðurstöður 2015-könnunarinnar benda til þess að notendur leiti helst eftir hefðbundinni þjónustu almenningsbókasafna: útlánum safngagna og upplýsingaþjónustu auk þjónustu við eldri borgara og börn.

Stefanía Júlíusdóttir

# Af hverju þjóðfræði? Þjóðfræði sem kennslugrein í framhaldsskólum

Auðvelt er að fullyrða að það sé fátt sem þjóðfræði sé óviðkomandi og hægt að segja að um sé að ræða stórt fag í litlum kroppi. Þess vegna er þjóðfræði að mörgu leyti fyrirtaks fræðigrein til að kenna og nýta í kennslu á framhaldsskólastigi. Um þessar mundir eru breytingar í vændum í íslenskum framhaldsskólum og því vert að velta fyrir sér hvað fagið hefur upp á að bjóða og hvers vegna það eigi heima í framhaldsskólunum landsins. Fræðigreinin rannsakar fyrst og fremst samskipti fólks, þjóðfræðiefni eins og hefðir, sögur og óskrifaðar reglur eru dæmi um birtingarmyndir þessara samskipta, eitthvað sem finna má í öllum samfélögum bæði í fortíð og nútið. Það er á þeim forsendum sem þjóðfræði á heima sem fag í framhaldsskólum, til að efla skilning nemenda á ólíkum samfélögum og þeim fjölbreytileika sem býr innan þeirra. Með hliðsjón af þeim viðmiðum sem fram koma í nýrri aðalnámskrá með grunnþáttum menntunar er auðvelt að sjá þá möguleika sem þjóðfræði hefur að geyma fyrir framhaldsskólann, bæði sem sjálfstætt fag sem og í samvinnu við önnur fög.

Þórunn Kjartansdóttir

# Þjóðfræðing rekur á fjörur: Táknheimur og menning strandarinnar

Ströndin gegnir margvíslegu hlutverki í upplifunum, athöfnum og heimsmynd fólks. Með aðferðum þjóðfræðinnar má skoða hvernig hún birtist í fortíð og nútíð, t.d. í fornum átrúnaði, þjóðsögum og hversdagslegum frásögnum; nýlist, nytjalist og byggingarlist. Í þessari rannsókn er leitast við að svara því með hvaða hætti fólk skynjar, skilur og upplifir rekafjöruna og gefur henni merkingu. Táknheimur hennar er mótsagnakenndur og dýnamískur og endurspeglar daglegt líf við ströndina, en einnig sérstaka atburði svo sem björgunarafrek og stríðsátök. Fjaran, sem skilur að land og haf, felur í sér í senn takmörk og möguleika. Hún er brú til umheimsins en markar jafnframt endimörk heimaslóðanna; mörk byggðar og hins óbyggilega; menningar og náttúru. Einkenni hennar eru hreyfanleiki, líf og lífsbjörg en það búa einnig hættur, harmur og dauði í táknheim strandarinnar. Það sem „rekur á fjörur“ ber þannig einkenni þessara óljósu marka. Hvort sem um ræðir rekavið, hvalreka, strönduð skip, flöskuskeyti eða sjórekin lík, öndvegissúlur eða smyglvarning, þá endurspeglar „rekinn“ þessi óræðu og dýnamísku mörk. Með vettvangs- og viðtalsrannsóknum, ásamt frásagnafræðilegri greiningu, er hér varpað ljósi á upplifun rekafjörunnar sem kann að felast í þeirri menningarlegu viðleitni að koma reglu á óræðar aðstæður og inngrip utanaðkomandi afla.

Kristinn Schram

# „Lítil sköpun þroska nær": Rannsókn á mansöngvum Sigurðar Breiðfjörðs

Þótt rímur hafi lengi verið vinsælt rannsóknarefni hafa mansöngvar þeirra gjarnan fallið í skugga rímnanna sjálfra. Í mansöngvunum gefst skáldum tækifæri til að yrkja um persónulegri þætti en hægt er í rímunum sem yfirleitt voru ortar út frá fyrirfram gefnum sögum. Á yfirborðinu virka mansöngvar gjarnan persónulegir, en því hefur stundum verið haldið fram að um eintómar formúlur eða ritklif sé að ræða sem eigi sér enga stoð í raunverulegum tilfinningum skáldanna. Í þessari rannsókn voru mansöngvar Sigurðar Breiðfjörðs (1798-1846) rannsakaðir með það fyrir augum að kanna hvort fyrrnefndar fullyrðingar eigi við rök að styðjast í hans tilviki. Sigurður var helsta rímnaskáld Íslendinga á 19. öld. Hann lifði viðburðaríku lífi, var drykkfelldur og komst oft í kast við lögin. Til grundvallar þessari rannsókn lágu um 230 mansöngvar, eða allir mansöngvar Sigurðar sem varðveist hafa. Hver mansöngur var túlkaður í ljósi lífs og starfs Sigurðar á þeim tíma er hann var ortur. Helstu niðurstöður eru þær að Sigurður orti mikið um eigið líf í mansöngvum sínum. Má þá helst nefna að löngun hans í áfengi er áberandi sem og gagnrýni hans á hvers konar yfirvald. Að auki koma vangaveltur hans um hvernig skáldum beri að yrkja fram í mansöngvum hans.

Arndís Hulda Auðunsdóttir
Aðalheiður Guðmundsdóttir

# Tónlist í háskólaumhverfi 21. aldar: Tónlistarsöguleg og menningarpólitísk afstaða tónlistarstjórnenda í Háskólanum í Oxford

Erindi þetta fjallar um hluta af yfirstandandi rannsókn á menningarpólitískum áskorunum í tónlistarstarfi innan Oxford-háskóla í Englandi og skoðar sérstaklega afstöðu tónlistarstjórnenda til þeirra áskorana sem tónlistarstarfið stendur frammi fyrir á 21. öldinni: Annars vegar í ljósi þeirrar hefðar sem starfið byggir á og þeirra breytinga sem orðið hafa á tónlistarstarfinu síðustu áratugi, og hins vegar hvaða áhrif breytingar á aðgengi að almennu tónlistarnámi í bresku skólakerfi hafa skilað sér uppá háskólastigið á undanförnum áratugum. Tekin voru hálf-opin viðtöl við 14 tónlistarstjórnendur og sex orgelleikaranemendur (*organ scholars*) sem sjá um tónlistarstarf innan sinna skóla (*colleges*) í febrúar 2014. Niðurstöður gefa til kynna að tónlistarhefðin við Oxford-háskóla sé nokkuð einstök í sögulegu tilliti og að hægt sé að finna umtalsverðan menningar- og/eða aðstöðumun á milli einstakra skóla. Sá munur felist m.a. í mismun á áherslumálum innan stjórnsýslu einstakra skóla, aðgengi að fjármagni, verklagi við inntöku nemenda, samkeppni um hæfa nemendur, áhyggjur vegna aukinnar elítutilhneigingar (þar sem einkaskólanemendur fái meiri tónlistarþjálfun en nemendur úr opinberu skólunum) og síðast en ekki síst listrænni/ menningarsögulegri stigskiptingu sem byggir á sögulegum grunni.

Sigrún Lilja Einarsdóttir

# Upplifun foreldra af þeirri þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra

Rannsóknin fjallar um upplifun foreldra fatlaðra barna af þjónustunni sem Reykjavíkurborg veitir fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Rannsókn Félagsvísindastofnunar Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga, sem gerð var vegna flutnings þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og birt í ágúst 2014, benti til þess að foreldrar fatlaðra barna í Reykjavík væru ekki nógu ánægðir þegar kæmi að ákveðnum þáttum þjónustunnar. Tilgangur rannsóknarinnar nú er að varpa ljósi á þá þætti sem foreldrar reykvískra fatlaðra barna telja að betur mættu fara í þjónustu við börn sín og fjölskyldu. Þegar á heildina er litið eru viðmælendur nokkuð ánægðir með þjónustuna sem börn þeirra og fjölskylda fá hjá Reykjavíkurborg þegar þjónustan er komin á og þeir telja hana standa jafnfætis þjónustu annarra sveitarfélaga en nefna að bið eftir þjónustunni sé neikvæður þáttur. Varðandi þætti í þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar benda niðurstöður rannsóknarinnar til ákveðinnar óánægju með aðgengi að upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum, s.s. upplýsingar um úrræði í boði, ráðgjöf og réttindi. Foreldrum finnst vanta utanumhald og yfirlit yfir úrræði sem þeir eiga rétt á og aukinn sveigjanleika, því að það sem henti einum henti ekki endilega öðrum. Flestir viðmælendurnir vilja betri tengsl og meiri upplýsingar frá ráðgjöfum þjónustumiðstöðva.

Tinna Björg Sigurðardóttir

# Upplýsingahegðun foreldra eða annarra aðstandenda fatlaðra og langveikra barna

Fjallað verður um frumniðurstöður rannsóknar sem hefur það að markmiði að skoða ýmsar hliðar á upplýsingahegðun foreldra fatlaðra og langveikra barna. Sérstök áhersla er lögð á foreldra barna með sjaldgæfa sjúkdóma eða með tvenns konar fatlanir/sjúkdóma. Lítið er vitað um þetta svið á Íslandi og því gæti rannsóknin skapað nýja og mikilvæga þekkingu. Niðurstöður hennar gætu meðal annars nýst fagaðilum sem vinna með foreldrum, svo sem félagsráðgjöfum, læknum og hjúkrunarfólki svo dæmi séu tekin. Rannsóknin byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum og eru tekin hálfopin viðtöl við þátttakendur. Þegar hafa verið tekin átta viðtöl við mæður og tvö viðtöl við feður. Í erindinu verður greint frá fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar, meðal annars réttindaleitinni, baráttunni við að fá réttindum barnanna og fjölskyldnanna fullnægt, það að vera ein í heiminum og hvernig samfélagsmiðlar skipta máli þegar kemur að upplýsingum.

Sigríður Björk Einarsdóttir

# Samfélagsþátttaka og umhverfi barna með og án einhverfu: Mat foreldra

Greint er frá rannsókn sem beindist að samfélagsþátttöku getumikilla barna með einhverfu og áhrifum umhverfisins á þátttöku barnanna í athöfnum utan veggja heimilis og skóla. Matslistinn Mat á þátttöku og umhverfi barna og ungmenna (PEM-CY) var lagður rafrænt fyrir foreldra 8-17 ára barna með einhverfu (n= 99) og foreldra jafnaldra þeirra í samanburðarhópi (n=241). Notað var lýsandi samanburðar- og þversnið og voru marktektarpróf og áhrifastærðir reiknaðar þegar munur reyndist á milli hópanna. Foreldrar barna með einhverfu reyndust marktækt óánægðari með þátttöku barna sinna utan veggja heimilis og skóla. Börn þeirra tóku þátt í færri athöfnum, sjaldnar og hlutdeild þeirra var minni en hjá jafnöldrum í samanburðarhópi. Mest greindi á milli hópanna í athöfnum sem fólu í sér félagsleg samskipti og hreyfingu. Hærra hlutfall foreldra barna með einhverfu töldu umhverfisþætti hindra þátttöku barna sinna auk þess sem þeir mátu stuðning og úrræði síður nægjanleg. Þar má nefna upplýsingar, þjónustu og fjárráð. Áhrifastærð breytingaskors (Cohen´s d) mældist mikil í flestum tilvikum. Niðurstöður rannsóknarinnar endurspegla tengslin milli þátttöku og umhverfis og varpa ljósi á þætti sem huga þarf sérstaklega að til að stuðla að þátttöku getumikilla barna með einhverfu í samfélaginu.

Snæfríður Þóra Egilson
Gunnhildur Jakobsdóttir

# Þátttaka og umhverfi barna með og án einhverfu heima fyrir: Mat foreldra

Í fyrirlestrinum er greint frá niðurstöðum rannsóknar á þátttöku getumikilla barna með einhverfu og áhrifum umhverfisins heima fyrir. Matslistinn Mat á þátttöku og umhverfi barna og ungmenna (Participation and Environment Measure–Children and Youth [PEM–CY]) var lagður fyrir foreldra 8–17 ára barna með einhverfu (n=99) og foreldra jafnaldra þeirra (n=241). Niðurstöður voru skoðaðar með lýsandi tölfræði og reyndist munur milli hópanna. Var hann kannaður með marktektarprófum og áhrifastærðir reiknaðar. Börn með einhverfu tóku sjaldnar þátt í athöfnum sem fóru fram heima fyrir, hlutdeild þeirra var minni, auk þess sem foreldrar þeirra voru síður ánægðir með þátttöku barnanna. Hærra hlutfall foreldra barna með einhverfu töldu umhverfisþætti hindra þátttöku barna sinna en foreldrar í samanburðarhópi, auk þess sem þeir upplifðu síður að stuðningur og úrræði væru til staðar eða nægjanlegur. Foreldrar barna með einhverfu töldu helst skorta fjárráð til að styðja við þátttöku barnanna og að huga þyrfti sérstaklega að athöfnum er reyna á félagslega, líkamlega og vitræna getu þeirra. Áhrifastærðir á mati foreldra reyndust á bilinu litlar til miklar. Foreldrar sem álitu að umhverfisþættir torvelduðu þátttöku barnanna voru síður ánægðir með þátttöku þeirra. Þannig styðja niðurstöður rannsóknarinnar tengsl umhverfis og þátttöku barna og ungmenna.

Gunnhildur Jakobsdóttir
Snæfríður Þóra Egilson
Kjartan Ólafsson

# Í átt að settu marki: Menningarsöguleg starfsemiskenning sem verkfæri við þróun fjölskyldumiðaðrar þjónustu

Í samræmi við auknar mannréttindakröfur á síðustu áratugum alast flest fötluð börn nú upp hjá fjölskyldum sínum og ganga í almenna skóla. Jafnframt er vaxandi skilningur á mikilvægi fjölskyldumiðaðrar nálgunar innan velferðarkerfisins. Í erindinu verða niðurstöður eigindlegrar fjöltilvikarannsóknar kynntar. Um er að ræða rannsókn sem beinist að sýn foreldra sjö ungra fatlaðra barna í þremur mismunandi sveitarfélögum á landinu á þá þjónustu sem þeim er látin í té. Byggt var á fjölbreyttri gagnaöflun, en megináherslan var á viðtöl við foreldrana. Niðurstöðurnar benda til að þjónustan sé um margt góð, en að kerfið sé sundurlaust og þarfnist innbyrðis samhæfingar sem er í samræmi við aðrar nýlegar íslenskar rannsóknir. Með því að nota menningarsögulega starfsemiskenningu (*Cultural-historical activity theory*) við frekari greiningu rannsóknargagnanna er unnt að sýna fram á hvernig hægt væri að samhæfa kerfið og þróa það þannig að það þjónaði notendunum betur. Samkvæmt starfsemiskenningunni má líta á fjölskylduna og velferðarkerfið sem víxlverkandi kerfi sem í getur myndast spenna eða mótsagnir sem birtast á yfirborðinu sem truflanir eða vandamál. Mikilvægt er að greina þessar mótsagnir og velta fyrir sér hvernig þær geta orðið uppspretta nýrra hugmynda og lausna til að þróa starfsemina og gera hana betri. Niðurstöður þessarar greiningar verða meginviðfangsefnið í erindinu.

Jóna G. Ingólfsdóttir
Þuríður J. Jóhannsdóttir
Rannveig Traustadóttir

# Fjöldi ferðamanna á náttúrustöðum: Þekking er forsenda skipulags

Ferðamenn eru taldir við komuna til landsins. Heildarfjöldi þeirra eftir mánuðum er því þekktur en minna er vitað um hvernig þeir dreifast um landið og hve margir koma á hvern áfangastað. Mikilvægt er að vita hvernig ferðamenn dreifast um landið og hversu margir eru á áfangastöðunum, bæði vegna skipulags ferðamennsku á landsvísu, en einnig vegna skipulags og verndunar einstakra staða. Til að ekki sé hægt að hrekja niðurstöðurnar er mikilvægt að matið sé byggt á áreiðanlegum gögnum en ekki huglægu mati hverju sinni. Í erindinu verður gerð grein fyrir hvernig talningar á ökutækjum eru notaðar til að finna fjölda ferðamanna á hverjum áfangastað. Í Skaftafelli hafa ökutæki verið talin frá vorinu 2009 og síðan hefur talningastöðum fjölgað verulega um allt land. Ökutæki eru nú talin á hálendi yfir sumarmánuðina og á láglendi allt árið og eru talningastaðir um fimmtíu. Upplýsingar um fjölda ferðamanna eru einkum notaðar af stjórnendum náttúrustaða hér á landi vegna skipulags innviða, t.d. stíga og bílastæða og við að skipuleggja vaktir starfsfólks. Einnig hafa gögnin verið notuð til að finna hversu margir koma á einstaka staði vegna verndunar þeirra. Upplýsingar um fjölda ferðamanna á náttúrustöðum landsins eru ein af grunnforsendum skipulags ferðamennsku á landsvísu.

Gyða Þórhallsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson

# Tourism data collection at the sub-national level in Iceland*

The rising importance of tourism in the Icelandic economy calls for a thorough and systematic assembling of tourism statistics in order to regulate and organise the industry. Common language and international definitions are indispensable in this matter. The World Tourism Organization has published international guidelines and recommendations for tourism statistics which is important for each country to follow as international definitions and methods permit countries to measure and understand the scope of the industry at each place, enabling global comparison. The aim of this article is to map up the obtainable tourism data sources in Iceland according to the framework of UNWTO Compendium of Tourism Statistics 2014, and means of linking these to the regional level. This is accomplished through compiling and analysing data produced within Statistics Iceland as well as from other sources. The results show a lack of data at the regional level. The sole systematic data collection by regions is the accommodation statistics by Statistics Iceland. Visitor numbers are not counted on a sub-national level and very few regional statistics can be retrieved from the ITB inbound visitor survey. This lack of data makes statistical analysis of tourism at the regional level in Iceland difficult and expensive.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Heilsa og vellíðan: Möguleg vöruþróun í hestatengdri ferðaþjónustu?

Um aldir hafa jákvæð áhrif þess að sitja á hesti og vera í samvistum við hesta, verið þekkt. Eru hestar víða notaðir til endurhæfingar og þjálfunar fyrir sjúka og fatlaða en rannsóknir hafa bent til þess að þjálfunin og samvistir við hestinn hafi jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. Rannsókn sú sem hér er kynnt miðar að því að rannsaka hvort og að hvaða marki fyrirtæki í hestatengdri ferðaþjónustu líti á og markaðssetji sína þjónustu sem heilsutengda vöru sem og að kanna hvort að slík tenging sé raunhæfur kostur fyrir fyrirtæki í hestaferðaþjónustu hérlendis.

Meginrannsóknarspurningar verkefnisins eru eftirfarandi:

•Eru rekstraraðilar í hestaferðaþjónustu á Íslandi að kynna sína hestatengdu þjónustu sem heilsutengda ferðavöru?

•Er þróun á hestaferðaþjónustu sem heilsu/vellíðunarferðaþjónustu fýsilegur kostur hérlendis?

Rannsóknin byggir annars vegar á innihaldsgreiningu á efni á vefsíðum starfandi fyrirtækja í hestaferðaþjónustu hérlendis og hins vegar á hálfopnum viðtölum við rekstraraðila í hestaferðaþjónustu. Frumniðurstöður benda til þess að vöruþróun og markaðssetning á þessu sviði sé lítil sem engin hérlendis og að rekstraraðilar horfi fremur til þess að skapa upplifun, reynslu og ævintýri fyrir ferðamenn en að veita þeim heilsutengda þjónustu.

Ingibjörg Sigurðardóttir

# Shades of Pink: Reykjavík a gay-friendly destination

The purpose of this paper is to learn from gay men's previous travel experiences and what destination they have experienced as more gay-friendly. This research reviews the concept of destination image, and what influences in creating the image of a destination, to understand what factors play a role in the image creation of a gay destination. The push and pull factors theory is also analyzed to explore the elements that influence gay men to visit a new destination. This research specially focused on finding out how gay welcoming and gay-friendly is the most northern capital of Europe, Reykjavík. For the purpose of this research gay men were interviewed about their travel experiences, the interviews were formulated to explore four themes. All individuals who took part in this study had visited Reykjavík. Through the interviews, Reykjavík seemed to be in gay men's mind as a really welcoming LGBT (Lesbian, Gay, Bisexual and Transgender) destination, and it was LGBT events that played an important role on the decision of visiting Reykjavík. This study analyses gay men's travel experience and emphasis in their visit to Reykjavík to find out how gay-friendly Reykjavík is.

Julio Cesar Leon Verdugo
Friðrik Rafn Larsen

# Réttartilfinning borgaranna: Vilja Íslendingar refsa fyrir vændi og neyslu fíkniefna?*

Margir fræðimenn telja mikilvægt að refsilöggjöfin og dómar séu í samræmi við réttartilfinningu borgaranna. Dómar sem gangi í berhögg við siðferðis- og réttlætiskennd borgaranna geti smám saman grafið undan trausti á réttarríkinu. Mælingar á afstöðu borgaranna á afbrotum eru því brýnar til að varpa ljósi á hvernig þeir skynja og upplifa afbrot og vandamálin sem þau skapa. Hér á eftir verður afstaða til örfárra brota könnuð. Byggt er á netmælingu sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi í apríl 2015. Tekið var 1176 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Alls svöruðu 711 könnuninni og svarhlutfallið því um 60 prósent. Eftirfarandi spurningum verður meðal annars svarað í erindinu? Á varsla og neysla fíkniefna eða sala og kaup á kynlífstengdri þjónustu eins og vændi að vera refsiverð? Er neysla kannabisefna að aukast í samfélaginu? Hvaða brot telja Íslendingar mesta vanda afbrota á Íslandi?

Helgi Gunnlaugsson
Jónas Orri Jónasson

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Ótti við afbrot á Íslandi: Skiptir aldur máli?*

Rannsóknir á ótta almennings við afbrot og reynslu þeirra af þeim hafa verið framkvæmdar með reglulegum hætti hér á landi frá árinu 1989. Hér verða niðurstöður þessara rannsókna skoðaðar, sérstaklega í ljósi tengsla á milli reynslu einstaklinga af afbrotum og ótta þeirra við þau. Í þessu sambandi skipta aldur og kyn miklu máli og verða breytingar til lengri tíma sérstaklega skoðaðar. Fyrri rannsóknir sýna að karlar og þeir sem yngri eru óttast afbrot síður en konur og þeir sem eldri eru. Þá koma fram tengsl á milli reynslu einstaklinga af afbrotum og ótta við þau. Flestir þeirra sem óttast afbrot hafa þó takmarkaða reynslu af þeim, heldur fá upplýsingar um þau í gegnum fjölmiðla. Hér verður gerð tímalínugreining þar sem breytingar á ótta innan árganga verðar skoðaðar og þannig leitast við að fá betri mynd af þróun viðhorfa í tíma. Hægt verður að svara spurningum eins og: Eykst ótti jafnt og þétt með auknum aldri óháð ytri þáttum? Verða tengsl milli reynslu einstaklinga af afbrotum og ótta þeirra við þau sterkari eða veikari með auknum aldri?

Sædís Jana Jónsdóttir
Rannveig Þórisdóttir

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Fangar sem afplána dóm fyrir ofbeldisbrot: Úrræði*

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í reynslu einstaklinga sem sitja inni í fangelsi fyrir ofbeldisbrot, einkum ofbeldisbrot í nánum samböndum. Kannað var hvernig fangar upplifa þau úrræði sem eru í boði. Litið var til fjölda fanga sem sitja inni fyrir slík brot og endurkomu þeirra inn í fangelsin. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferð þar sem tekin voru átta viðtöl við fanga sem sitja inni fyrir ofbeldisbrot. Benda niðurstöðurnar til að ofbeldisfangar viti lítið um þau úrræði sem taka á ofbeldi sem til eru í samfélaginu. Allir viðmælendurnir nema einn höfðu beitt maka eða fyrrverandi maka ofbeldi. Enginn vildi gera mikið úr því ofbeldi og fannst flestum þolandinn hafa til þess unnið. Niðurstöður gefa vísbendingar um að ofbeldisfangar telji sig ekki ofbeldishneigða í eðli sínu og telji sig ekki þurfa á úrræðum við ofbeldishneigð að halda. Afneitun virðist vera ríkjandi varnarháttur meðal þessara einstaklinga. Þrátt fyrir að telja sig ekki þurfa á aðstoð að halda, kváðust flestir viðmælendur vilja nýta sér úrræði á meðan afplánun stendur ef þau væru markviss og tíðari en þau eru í dag. Ljóst er að takmarkað fjármagn er veitt til úrræða fyrir fanga og telja þeir sig líða fyrir það.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Agnes Þorsteinsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# "...Ég hefði getað staðið uppréttur með það en ekki með þetta helvíti á bakinu...": Um viðhorf og upplifanir íslenskra kynferðisbrotamanna*

Einstaklingar, sem brjóta kynferðislega gegn börnum, verða fyrir mikilli stimplun og brennimerkingu og því er félagsleg staða þeirra mjög slæm. Í greininni er fjallað um nýlega MA rannsókn sem beindist að upplifunum og viðhorfi einstaklinga sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot gegn börnum, á menningarlegri og félagslegri stöðu sinni. Innlendar og erlendar rannsóknir sýna að almenningur kallar eftir harðari viðurlögum við þessum brotum og sumstaðar hafa skorður verið settar á búseturétt og félagslega þátttöku gerenda. Hins vegar sýna rannsóknir að slíkar hömlur skila ekki tilætluðum árangri. Efnið var nálgast út frá kenningum í tilvistarmannfræði, sjónarhorni stimplunar, og hugmyndum um kyngervi og karlmennsku. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við tíu einstaklinga sem hlotið hafa dóm fyrir kynferðisbrot og sátu níu þeirra í fangelsi meðan á rannsókn stóð. Einnig var rætt við fjóra einstaklinga sem tengjast kynferðibrotamönnum í gegnum störf sín. Orðræðugreining var einnig framkvæmd á umræðum á spjallborði hjá hópi sem krefst nafn- og myndbirtinga kynferðisbrotamanna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að viðmælendur voru meðvitaðir um neikvætt viðhorf samfélagsins í sinn garð, að auki upplifa þeir mikinn vanmátt gagnvart þeirri félagslegu stöðu sem þeir eru í, og í sumum tilvikum gagnvart sínum kynferðislegu löngunum. Þeir upplifa mikla skömm og reiði vegna sinna brota og dóma og þeir fundu einnig fyrir fordómum innan fangelsiskerfisins sem birtist í mismunun milli brotaflokka.

Vala Hrönn Isabel Pétursdóttir
Helga Þórey Björnsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Blandaðar rannsóknaraðferðir: Styrkleikar og veikleikar

Fyrirlesturinn fjallar um reynsluna af blöndun megindlegra og eigindlegra aðferða við rannsókn á launavinnu 13-17 ára íslenskra ungmenna. Rannsóknin byggði á spurningakönnun og hópviðtölum. Sjónarhorn blandaðra rannsóknaraðferða (*mixed methods research*) byggir á þeim pragmatísku forsendum að rannsóknarspurningarnar skuli ákvarða rannsóknaraðferðina, en ekki öfugt, og að blöndun megindlegra og eigindlega aðferða gefi færi á að nýta styrkleika beggja rannsóknarhefða. Í samræmi við hefðbundna túlkun á styrkleikunum var megindlegum gögnum ætlað að mæla umfang vinnunnar og styrk sambanda en eigindlegu gögnunum að fá fram sýn ungmennanna sjálfra á vinnunna. Niðurstöðurnar leiddu í ljós annmarka þessarar túlkunar. Þannig vörpuðu eigindlegu niðurstöðurnar ljósi á sveigjanleika launavinnu ungs fólks og óreglulegan vinnutíma, jafnvel hjá þeim sem að nafninu til eru fastri vinnu. Niðurstöður sem kalla á endurskoðun á megindlegum mælingum á vinnutíma. Hins vegar varpa megindlegu niðurstöðurnar ljósi á mun eftir aldri og vinnureynslu á sýn íslenskra ungmenna á lögin um vinnu barna og unglinga. Niðurstöður sem kalla á endurskoðun og umræðu um þann tilgang eigindlegra rannsóknaraðferða að skapa ákveðnum minnihlutahópum (einróma) rödd. Sú ályktun er dregin að styrkleikar og veikleikar megindlegra, eigindlegra og blandaðra rannsóknaraðferða þurfi að vera í sífelldi endurskoðun og að erfitt sé að gefa sér fyrirfram hvers konar niðurstöður hvaða aðferð fyrir sig leiði af sér.

Margrét Einarsdóttir

# An Icelandic translation and validation of the revised 19-value Portrait Values Questionnaire

The talk will discuss the translated and validated Icelandic version of the revised 19-value Portrait Values Questionnaire (PVQ-RR) (Schwartz et al., 2012). The Schwartz values model is the most fully elaborated, empirically grounded and widely used theory of basic values. The revised PVQ-RR was developed to measure both the 19 values in the refined value theory and the original 10 values. The only previously existing Icelandic instrument is a version of the 21-item PVQ of the European Social Survey, which is too short to discriminate satisfactorily between all 10 of the original broad values. The translation was tested and validated using a student sample (n = 833). Results from a series of confirmatory factor analyses as well as multidimensional scaling support the overall discriminant validity of the 19-value partitioning of the Schwartz values continuum. We consider both the individual items and the instrument as a whole to be well-validated and suitable for further use in Iceland and among the Icelandic-speaking population.

Jamie McQuilkin
Ragna B. Garðarsdóttir
Þröstur Þorsteinsson
Shalom H. Schwartz

# Þýðing og staðfæring matstækis: Verklagsreglur fyrir Hlutverkalistann (Role Cheklist)

Aðferðir við þýðingar matstækja eru margvíslegar, sumum matstækjum fylgja strangar leiðbeiningar um þýðingu en öðrum ekki. Hlutverkalistinn er sjálfsmatslisti, hannaður í Bandaríkjunum af Oakley og félögum árið 1986 til að meta virkni í 10 hlutverkum og gildi þeirra. Hann hefur verið þýddur á mörg tungumál með ólíkum aðferðum en einungis verið sýnt fram á áreiðanleika og réttmæti fimm þeirra. Alþjóðlegur hópur sérfræðinga hannaði verklagsreglur fyrir þýðendur matstækisins árið 2015. Verklagsreglurnar fela í sér: (1) grundvallaratriði við þýðinguna, (2) lýsingu á þýðingarferlinu, og (3) prófun á þýddri útgáfu matstækisins. Markmið rannsóknarinnar sem hér um ræðir er tvíþætt. Í fyrsta lagi að gagnrýna og bæta verklagsreglurnar um leið og þær voru prófaðar við þýðingu og staðfæringu annarrar útgáfu Hlutverkalistans yfir á íslensku, en þar hefur mati á frammistöðu verið bætt við. Í öðru öðru lagi að prófa sýndar- og innihaldsréttmæti íslensku útgáfunnar þar sem fimm iðjuþjálfar og 25 notendur endurhæfingarþjónustu svara spurningakönnun varðandi innihald, gagnsemi og útlit listans. Í ljós kom að verklagsreglurnar þurfti að skýra, þá sérstaklega liði tvö og þrjú, en könnun á sýndar- og innihaldsréttmæti er ólokið. Sams konar rannsókn fer fram í Kína. Verklagsreglur til nota á alþjóðlegum vettvangi verða byggðar á niðurstöðum þessara tveggja rannsókna.

Kristjana Fenger
Margrét Sigurðardóttir

# Mannvélar og miðlun: Um ábyrgar vísindarannsóknir og samtal við almenning*

Framfarir á sviðum vísinda vekja oft upp vandasamar siðferðilegar spurningar sem taka þarf afstöðu til. Þessar spurningar varða meðal annars hversu langt megi ganga í rannsóknum og hvernig nota eigi nýja tækni sem kemur fram á sjónarsviðið. Mikilvægt er að rannsóknir séu gerðar með ábyrgum hætti og nýttar á þann hátt að þær komi samfélaginu öllu til góða. Vandinn er sá að oft eru þessi siðferðilegu álitamál samofin flóknum tæknilegum eða vísindalegum forsendum, sem ekki er endilega auðvelt að skilja og eru jafnvel ekki að fullu komnar í ljós. Af þessum sökum hafa ákvarðanir um rannsóknirnar oftast verið teknar af vísindamönnum eða sérfræðingum án aðkomu almennings. Siðfræðistofnun hefur undanfarin 2 ár tekið þátt í NERRI (Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation) samevrópsku verkefni þar sem fjallað er um nýjustu rannsóknir á sviði heila- og taugaeflingar og þau siðferðilegu álitamál sem þær vekja. Í verkefninu er einnig fjallað um það hvernig ný tækni á þessu sviði getur haft áhrif á samfélagið og jafnræði borgaranna. Eitt af markmiðum verkefnisins er að efna til umræðu við almenning um þessar mikilvægu siðferðilegu spurningar. En hvernig er best að standa að slíkri umræðu og hvernig er það gert án þess að hafa of mikil áhrif á innihald umræðunnar? Í þessari grein eru aðferðir sem reyndar hafa verið í verkefninu til umfjöllunar og athyglinni beint að spurningum eins og þeim hvernig best er að stofna til samtals við almenning og hvað beri að varast þegar fengist er við flókin vísindaleg viðfangsefni í almennri umræðu.

Salvör Nordal

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Individual Transferable Quotas Allocation in Icelandic Fisheries: A Community - Oriented Inequality Analysis*

Fishing quotas are key parameters not only to manage fish stocks in a sustainable way but also for rural development issues in littoral communities. Therefore, inequalities in quotas allocation between "fishing villages" might lead to social and economic dizziness. In this context, the aim of this work is to measure harbors quotas allocation inequality at country and regions scales using Gini-coefficients for the period 2002-2014. Results highlight an increasing concentration of Individual Transferable Quotas, namely increasing allocation inequalities, in 5 Icelandic regions and at the scale of the whole country.

Þórólfur Matthíasson
Florent Giry
Sveinn Agnarsson

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Profit and invisible resource rent in fisheries – revisited

## (Dreifing auðlindarentu í sjávarútvegi)

In fisheries, as well as in other natural resource based industries, there is a difference between the concepts of profit and rent. The former is a basic indicator for gauging business performance of firms and the latter is for evaluation of the economic welfare contribution of resource and industry. Economists are mainly concerned about resource rent and the managers of the industry with the objective of maximising rent – often conditional on ecological and social issues. Business economists are mainly concerned about the profitability of the firms. In the academic literature and in costs and earnings studies there are not always clear definitions of the profit and rent concepts and the use of them in actual analyses. This paper will discuss and clarify differences and similarities of profit and rent concepts, theoretically and based on data from the Norwegian and Icelandic fish harvesting industries. The empirical part will be conducted for the overall industries of the two countries as well as for specific fisheries with different management, user rights and property rights regimes. It is expected that for policy purposes the importance of distinguishing between profit and rent is greater for fisheries under strict management control, like ITQs, than those closer to open-access.

Ola Flaaten
Þórólfur Matthíasson
Knut Heen

# Efnahagsleg áhrif loðnunnar

Loðnan hefur lengi verið mikilvægur fiskistofn á Íslandsmiðum. Loðnuafli Íslendinga hefur verið sveiflukenndur, sum ár nær enginn, en önnur yfir milljón tonn. Vægi loðnunnar hefur þó lækkað síðustu ár, enda hefur aflinn minnkað, og veiðar á öðrum uppsjávartegundum hafa aukist. Loðnan hefur yfirleitt verið unnin í bræðslu, öfugt við flestar aðrar uppsjávartegundir – enda hentar hún síður til manneldis. Loðnan hefur of skilað miklu til þjóðarframleiðslu Íslendinga. Hæsta var loðnan um 1,5% af landsframleiðslunni árin 1984-1985 þegar loðnuveiðar náðu hámarki. Mikil samþjöppun hefur orðið í loðnuiðnaðinum á Íslandi. Árið 1981 höfðu um 40 fyrirtæki veiðiheimildir í loðnu. Þessum fyrirtækjum hefur síðan fækkað jafnt og þétt og einungis 12 fyrirtæki höfðu loðnukvóta árið 2012. Af þeim réðu 6 fyrirtæki yfir 90% af loðnukvótanum. Afkoma í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska hefur yfirleitt verið góð og hefur farið batnandi. Einkum hefur afkoma vinnslunnar (bræðslnanna) batnað samhliða hagræðingu og hærra afurðaverði. Horfur í þessari atvinnugrein eru góðar og er hún nú ein sú arðbærasta í íslenskum sjávarútvegi.

Stefán B. Gunnlaugsson

# Rétturinn til ritunar firma hlutafélags*

Á sviði hlutafélagaréttar reynir á margvísleg álitaefni í tengslum við hvaða stjórnareiningar og einstaklingar á vegum félaga geti skuldbundið félög svo bindandi sé í lagalegu tilliti. Þannig hefur fjöldi mála rekið á fjörur dómstóla þar sem deilt hefur verið um hvort þeir, sem ritað hafa undir löggerning í nafni félags, hafi haft til þess nægilegt umboð og hvort viðkomandi löggerningur kunni að vera óskuldbindandi af þeim sökum. Víðamest þeirra umboða sem til álita koma er það umboð sem felst í svokölluðum firmaritunarrétti stjórnar, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, en rétturinn felur í sér víðtækasta umboðið sem af lögunum leiðir og veitir stjórnarmönnum, og eftir atvikum öðrum sem réttarins njóta, heimild til þess að skuldbinda hlutafélag í sérhverju tilliti. Markmið þessarar rannsóknar er að greina eðli og inntak firmaritunarréttarins ásamt þeim takmörkunum hann sætir. Um er að ræða lögfræðilega rannsókn þar sem leitast er við að greina með lögfræðilegri aðferðafræði þau viðmið sem lögð eru til grundvallar í tengslum við álitaefnið. Í því sambandi verður sjónum einkum beint að dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands svo og íslenskra og erlendra fræðirita.

Halldóra Þorsteinsdóttir
Eyvindur G. Gunnarsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Lagarökfræði: Kenningar um lögfræðilegar röksemdafærslur

Kenningar um lögfræðilega röksemdafærslu lýsa viðmiðum um hvernig best sé að haga slíkri orðræðu svo að aðrir geti skilið og lagt mat á forsendur hennar og niðurstöður. Ganga má út frá því að kenningarnar myndi þverfaglega fræðigrein sem fæst við framsetningu og greiningu lögfræðilegra röksemdafærslna með verkfærum annarra greina á borð við rökfræði, mælskulist, lögfræði, málfræði og réttarheimspeki. Markmiðið með ástundun greinarinnar er að tryggja eins og frekast er unnt að réttar ályktanir verði dregnar af forsendum, bera kennsl á góð lögfræðileg rök og hafna þeim slæmu. Ef til vill má nefna greinina „lagarökfræði“ á íslensku. Markmið erindisins er að lýsa þýðingu rökfræðinnar við úrlausn lögfræðilegra álitaefna, einkum í dómaframkvæmd. Þetta er gert með því að lýsa nokkrum aðferðum, leiðbeiningarreglum og mælikvörðum við greiningu og framsetningu lögfræðilegra röksemdafærslna. Þá verður fjallað um hugtökin afleiðslu, aðleiðslu og rökvillur og kannað hvort beita megi slíkum verkfærum við greiningu á lagalegum úrlausnum.

Oddur Þorri Viðarsson
Hafsteinn Þór Hauksson
Róbert H. Haraldsson

# Skýrleiki lögfræðilegra úrlausna

Það er eitt frumskilyrði lögfræðilegra röksemdafærslna að þær séu skýrar og skiljanlegar. Það er því mikilvægt að aðferðirnar og staðreyndir sem máli skipta komi skýrt fram í texta þeirra. Gera verður sérstaklega strangar kröfur í þessum efnum til niðurstaðna dómstóla og annarra aðila sem hafa það hlutverk að skera úr um rétt og skyldur manna í samfélaginu. Traust almennings á þessum stofnunum hvílir á því að fólk geti áttað sig á niðurstöðunum og fordæmisgildi sem í þeim felst. Í erindinu verður gerð grein fyrir nokkrum leiðbeiningarreglum til að tryggja að lögfræðileg röksemdafærsla verði skýr og skiljanleg. Þá verður fjallað um ólíkar leiðir til að ná þessum markmiðum. Bornar verða saman aðferðir nokkurra dómstóla til rökstuðnings, þar á meðal Mannréttindadómstóls Evrópu, Evrópudómstólsins og Hæstaréttar Íslands og annarra ríkja. Þá verður litið til framkvæmdar umboðsmanns Alþingis í álitum og ákvörðunum hans.

Hafsteinn Þór Hauksson

# Konur á faraldsfæti

Í fyrirlestrinum eru kynntar niðurstöður rannsókna sem fjalla um stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og þá sérstaklega þeirra sem koma frá fátækari ríkjum og hafa flúið stríð, ofsóknir eða fátækt. Konur á flótta hafa alla jafna verri stöðu en karlar þegar kemur að aðstæðubundnum hreyfanleika. Það er erfiðara fyrir þær en karla að flýja slæmar aðstæður og leita hælis í öðru landi. Staða erlendra kvenna mótast þó ekki aðeins af kyni þeirra, heldur einnig af stöðu þeirra sem innflytjendur í komulandinu. Lengi vel var ekki fjallað um konur sem virka gerendur í fólksflutningum, heldur sem fórnarlömb eða sem eiginkonur og dætur, og þá sérstaklega þegar fjallað var um konur frá suðrinu og flóttakonur. Í dag hefur flótti kvenna og barna aukist til muna. Við veltum upp spurningum um það hvort konur á flótta á Íslandi sem koma frá fátækari löndum utan EES séu sérlega viðkvæmur hópur, og í hverju sú viðkvæma staða gæti falist. Með eigindlegum viðtölum við konur á flótta viljum við þannig varpa ljósi á hvar skóinn kreppir að. Þó leggjum við áherslu á mikilvægi þess að alhæfa ekki um konur frá mjög ólíkum löndum og menningarsvæðum og viljum skoða marbreytilega stöðu þeirra og hvernig þær eru ekki einungis fórnarlömb hnattrænna ferla heldur einnig gerendur í eigin lífi.

Unnur Dís Skaptadóttir
Karólína Helga Símonardóttir

# Hverjir taka þátt í sjálfboðastarfi mannúðarhreyfinga? Sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi

Í fyrirlestrinum er fjallað um niðurstöður nýlegrar spurningakönnunar á sjálfboðastarfi innan Rauða krossins á Íslandi. Könnunin var lögð fyrir með rafrænum hætti í desember 2014. Markmið hennar var m.a. að greina áhugahvöt sjálfboðaliða skv. samnefndum kenningum. Svarað er hverjir gerist sjálfboðaliðar hjá félaginu og hvers vegna. Einnig er fjallað um þjálfun sjálfboðaliða og reynslu þeirra af verkefnum innan félagsins. Niðurstöður eru settar í samhengi við alþjóðlega þróun sjálfboðastarfs hjá félagasamtökum sem starfa að mannúðarmálum og breytingar á formlegri félagsþátttöku á undanförnum áratugum. Einnig er gerður samanburður á könnun sem lögð var fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins fyrir tæplega 10 árum og niðurstöður bornar saman.

Steinunn Hrafnsdóttir
Ómar H Kristmundsson

# Þrenns konar skýringar á auknu vægi alþjóðlegra mannréttinda

Eftir miðjan áttunda áratug síðustu aldar hafa réttarbætur í auknum mæli verið rökstuddar með tilvísun til alþjóðlegra mannréttinda. Það er til marks um þessa sókn mannréttindanna hér á landi, að frá árinu 1900 til ársins 1975 kom orðið „jöfnuður" um fjórfalt oftar fyrir í íslenskum blöðum en orðið „mannréttindi". Eftir 1975 urðu þessi orð álíka algeng og á síðustu árum kemur orðið „mannréttindi" mun oftar fyrir en „jöfnuður". Eftir 2007 er það til dæmis næstum tvöfalt algengara í þeim ritum sem vistuð eru á timarit.is. Ég reifa tvenns konar skýringar fræðimanna á því að mannréttindi eiga sér hljómgrunn. Önnur gerir ráð fyrir að mannréttindahugsjónir uppfylli þörf sem áður var svalað með kristindómi eða pólitískum staðleysum. Hin vísar á atburði í stjórnmálasögu síðustu áratuga sem hafa gefið mannréttindum meira vægi en þau áður höfðu. Ég bendi á að þessar tvenns konar skýringar útiloki ekki hvor aðra. Þær spila saman og þriðja skýringin, sem mun minna hefur verið fjallað um, kann einnig að skipta máli. Þessi þriðja skýring er þróun innan akademískrar siðfræði sem veldur því að hugmyndum um alþjóðleg mannréttindi er miklu síður andmælt af fræðimönnum nú en fyrir fjörtíu árum.

Atli Harðarson

# Að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi

Markmið rannsóknarinnar er að skoða þau félagslegu ferli sem farið geta af stað þegar nauðgun er kærð innan lítils bæjarfélags á Íslandi. Rannsóknin skoðar bæði reynslu stúlkna sem kært hafa nauðgun og viðbrögð bæjarbúa við kærunni.
Um er að ræða tilviksrannsókn (*case study*), en um er að ræða tvö tilvik. Gagnasöfnun fór fram með viðtölum. Þátttakendur voru tvær konur sem kært höfðu nauðgun þegar þær voru á unglingsaldri. Jafnframt voru tekin viðtöl við einstaklinga sem bjuggu í bæjarfélaginu þegar atburðurinn átti sér stað. Niðurstöður sýna að konunum var refsað í kjölfarið af öðrum bæjarbúum, svo sem með líkamlegu ofbeldi, hunsun, svipbrigðum, nafnaköllum og illu umtali. Hluti bæjarbúa tóku ekki afstöðu með stúlkunum af ótta við afleiðingarnar. Athygli vekur að aðrar stúlkur voru einna virkastar í að refsa stúlkunum. Stúlkurnar fluttu báðar í burtu úr bæjarfélaginu vegna þess mótlætis sem þær upplifðu.

Guðrún Katrín Jóhannesdóttir
Jón Gunnar Bernburg

# „Ég vil helst ekki labba ein heim...“: Upplifun kvenna af öryggi í miðbæ Reykjavíkur

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að konur upplifa sig frekar óöruggar í borgum eftir myrkur á meðan karlmenn gera það almennt ekki. Ótti kvenna beinist þá oftast að kynferðislegu ofbeldi eða áreiti í almenningsrými af hendi ókunnugra karlmanna. Rannsókn sem þessi getur varpað ljósi á valdaójafnvægi kynjanna og hvernig það birtist m.a. í mismunandi notkun þeirra á miðborginni. Öryggi í borgum er umfjöllunarefni sem hefur verið mikið í deiglunni hérlendis sem erlendis síðustu misseri og segja má að ákveðin vitundarvakning sé að eiga sér stað víðsvegar um heiminn. Rannsóknin beinir sjónum að upplifun kvenna af öryggi í miðborg Reykjavíkur. Aðal áhersla rannsóknarinnar beinist að þeim þáttum sem ýmist draga úr eða auka á öryggiskennd viðmælenda, hvort heldur sem er í efnislegu umhverfi borgarinnar eða félagslegu. Tekin voru 14 viðtöl við konur sem búa í miðborg Reykjavíkur auk þess sem 151 konur svöruðu rafrænni, eigindlegri spurningaskrá á veraldarvefnum. Almennt virðast þættir eins og myrkur, einangruð rými og samtímasagnir draga úr öryggiskennd viðmælenda á meðan fjölmenni og upplýstar leiðir auka á öryggiskennd. Skiptar skoðanir voru meðal viðmælenda og svarenda spurningaskrárinnar hvort eftirlitsmyndavélar hefðu jákvæð áhrif á öryggiskennd en meirihluti viðmælenda var á því að eftirlitsmyndavélar hefðu engin áhrif, hvorki jákvæð né neikvæð, á öryggiskennd þeirra. Rannsóknin er meistaraverkefni í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Björk Hólm Þorsteinsdóttir
Valdimar Tr. Hafstein

# Drusluskömmun og reynsla kvenna af fóstureyðingum

Femínistar hafa notað hugtakið drusluskömm sem skilgreiningartæki fyrir framkomu gagnvart þolendum kynferðisofbeldis, þar sem ábyrgð og skömm þeirra sem brjóta á fólki er sett á rangan stað, á þolanda í stað geranda. Í erindinu er fjallað um hvernig drusluskömm birtist í samhengi við upplifun kvenna af því að velta fyrir sér möguleikanum eða taka ákvörðun um að fara í fóstureyðingu. Byggt er á frásögnum kvenna af því að fara í fóstureyðingu, en þeim var safnað við ritun bókar um það efni. Niðurstöður leiða í ljós að drusluskömmun gagnvart konum sem hafa farið í fóstureyðingu endurspeglar væntingar samfélagsins um að þeim sem fari í fóstureyðingar líði illa, allaf sé um að ræða erfiða og sársaukafulla ákvörðun og tilfinningaleg átök. Konur lýsa því að það að verða þunguð án þess að ætla sér það geti kallað yfir þær skammartilfinningu vegna þess að þær hafi ekki sýnt aðgát. Rót þessarar skömmunar er sú sama og drusluskömmunar varðandi kynferðisofbeldi – það er að konurnar hafi sýnt af sér kynferðislegar langanir. Margar konur hafna drusluskömminni og upplifa hvorki að um erfiða ákvörðun hafi verið að ræða né að reynslan hafi varanleg neikvæð áhrif á þær.

Silja Bára Ómarsdóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir

# „Ég fékk svona KABÚMM“: Áhrif femínískrar þekkingarsköpunar á meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands*

Femínismi er í senn fræðigrein og barátta. Pólitískt markmið femínismans er að vera liður í vitundarvakningu sem er forsenda þróunar í átt að jafnrétti. Slagorðið „hið persónulega er pólitískt“ er kjarni femínisma og að deila reynslu af misrétti er álitin uppspretta mikilvægrar þekkingar. Í femínískri kennslufræði er lögð áhersla á tengsl menntunar og samfélagsumbóta. Á þeim grundvelli fjallar bell hooks (1994) um hina femínísku kennslustofu. Hlutverk hennar er að styrkja sjálfsvitund nemenda og gera þeim kleift að beita sér fyrir jafnrétti. Í femínísku námi eru hin svokölluðu kynjagleraugu sett upp. Að setja upp kynjagleraugun felur í sér að kenningum um valdatengsl kynja og kyngerva er beitt á það viðfangsefni sem er til skoðunar hverju sinni. Hér eru áhrif femínískrar þekkingarsköpunar á meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands skoðuð. Um er að ræða eigindlega rannsókn sem byggir á viðtölum við tíu kvenkyns núverandi og fyrrverandi nemendur. Upplifun þeirra af námi í kynjafræði við Háskóla Íslands er í anda hinnar femínísku kennslustofu. Niðurstöður benda ennfremur til að femínismi sé ekki aðeins fræðigrein baráttunnar heldur einnig fræðigrein persónulegrar vitundarvakningar sem jafnframt styður við samfélagslega þróun í átt að jafnrétti vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á sjálfsvitund nemenda, sýn þeirra á stöðu sína í samfélaginu og þess umbreytandi afls sem vitneskjan skapar.

Karen Ásta Kristjánsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Viðhorf stjórnenda til straumlínustjórnunar*

Skilgreining á hugtakinu straumlínustjórnun gengur út að verið sé að auka virði fyrir viðskiptavininn með lágmarkskostnaði. Til að ná markmiðinu þurfa fyrirtæki og stofnanir að gera sér grein fyrir því að auka þarf flæði vörunnar og/eða þjónustunnar í gegnum alla virðiskeðjuna. Koma þarf í veg fyrir alla sóun sem á sér stað í ferlinu, frá upphafi til enda þar sem ekki er nægilegt að eyða henni einungis á einangruðum svæðum. Því er mikilvægt að búa til ferla sem krefjast minna handafls, minna pláss, minna fjár, valda síður mistökum eða göllum og krefjast styttri tíma við afgreiðslu á vöru og/eða þjónustu. Með notkun á straumlínustjórnun myndast önnur nálgun á það hver vinnuafköst eru þar sem þetta er fjölbreytt og margbrotið ferðalag í áttina að bættum rekstri og því ekki einungis ferli. Hægt er að nota straumlínustjórnun í hvaða starfsemi sem er og með því að innleiða aðferðafræðina hefst ný og stefnumörkuð vinna. Markmið rannsóknar er að kanna viðhorf stjórnenda til straumlínustjórnunar og reynt að svara rannsóknarspurningunni: Upplifa stjórnendur að þeir hafi fengið fullnægjandi fræðslu og þjálfun í aðferðafræði straumlínustjórnunar? Er innleiðing aðferðafræði straumlínustjórnunar að skila árangri að mati stjórnenda?
Rannsóknin byggir á megindlegum aðferðum þar sem unninn var spurningalisti sem innihélt 18 spurningar og var hann lagður fyrir alla 169 stjórnendur. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að vel er staðið að fræðslu til stjórnenda en bæta þarf verklega þjálfun. Vel hefur tekist að kynna tilgang og framtíðarsýn með innleiðingunni og gegnum gangandi telja stjórnendur að innleiðingin sé að skila árangri tilætluðum árangri.

Eydís Ýr Rosenkjær
Eðvald Möller

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Jón Gnarr - Skemmtikraftur sem varð leiðtogi: Áhrif leiðtogastíls hans á forystu Reykjavíkurborgar

Rannsóknir beinast í auknum mæli á að tilfinninganæmni leiðtoga skili betri árangri í starfi. Leiðtogakenningar, eins og þjónandi forysta , sönn leiðtogahæfni, og umbreytingastjórnun leggja upp úr því að leiðtogi sé tilfinningalega til staðar fyrir starfsmenn sína. Í þessari grein er fjallað áhrif framboðs og forystu Jóns Gnarr á stjórnun og starfsemi Reykjavíkurborgar. Jón Gnarr var kosinn borgarstjóri árið 2010 og starfaði til ársins 2014. Hann var borgarstjóraefni Besta flokksins sem vann kosningasigur. Framboð Besta flokksins var mjög óvenjulegt og sögulegt. Jón Gnarr kom inn í hlutverk borgarstjóra á tímum mikillar ólgu í samfélaginu í kjölfar bankahrunsins 2008 og og eftir ítrekuð pólitísk umskipti. Tekin voru ítarviðtöl við níu einstaklinga sem unnu næst Jóni á þeim tíma sem hann var borgarstóri. Sviðstjórar og pólitískir andstæðingar og samstarfsmenn. Einnig var tekið ítarviðtal við Jón Gnarr. Viðtölin voru allt frá 45 mínútum í tvo klukkutíma. Þau voru afrituð, kóðuð og þemugreind. Í rannsókninni kemur fram að áhrif Jóns Gnarr á stjórnendur og stjórnun borgarinnar voru umtalsverð og þeirra gætir enn. Stjórnendur töldu að þeir sjálfir hefðu breytt um stíl ásamt því sem ásýnd og starfsemi borgarinnar hefði breyst.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir

# Hefur vægi jafningjastjórnunar breyst innan íslenskra háskóla?

Fjallað er um hvort vægi jafningjastjórnunar hafi breyst á undanförnum áratugum innan íslenskra háskóla. Rætt er um þetta viðfangsefni með áherslu á þær breytingar sem átt hafa sér stað á stjórnskipulagi Háskóla Íslands. Með jafningastjórnun er átt við að samfélag fræðimanna, kolleganna, taki sameiginlega ákvarðanir er snerta starfsemi háskólans og beri þá jafnframt ábyrgð á þeim. Algengt er að líta svo á að jafningjastjórnun sé nauðsynlegur hluti stjórnskipulags rannsóknarháskóla sem búa eiga við akademískt frelsi og sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum. Á undanförnum áratugum hafa komið fram þau sjónarmið að jafningjastjórnun samræmist illa stjórnun nútímaháskóla og nauðsynlegt sé að innleiða aðferðir fyrirtækjastjórnunar til að mæta betur kröfum um skilvirkni og gæði. Rætt er um hvort og þá hvernig unnt sé að samræma þessi sjónarmið hugmyndum um jafningjastjórnun. Fyrirlesturinn byggir á greiningu á löggjöf um háskólastigið og regluverki Háskóla Íslands.

Ómar H. Kristmundsson

# Upplifun stjórnenda og starfsfólks á innleiðingu straumlínustjórnunar

Hvort sem verið er að leita eftir gæðum á vörum, góðri þjónustu eða sérhæfðri þekkingu og kunnáttu þá er ljóst að árangur næst ekki nema með góðu starfsfólki. Eitt af markmiðum stjórnunar er að hlúa að starfsfólki svo að það verði ánægt í starfi og geti nýtt starfshæfni sína á sem árangursríkastan hátt. Aðferðir straumlínustjórnunar eru í vaxandi mæli notaðar til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Aðferðafræðin á rætur sínar að rekja til framleiðslufyrirtækja en þjónustufyrirtæki hafa í auknum mæli nýtt sér hana. Hugmyndafræðin tekur á og kemur í veg fyrir sóun vinnu sem fyrirfinnst í fyrirtækjum og framleiðslu þeirra. Reynt er að bæta flæði starfseminnar með því að kortleggja ferli og tæki til að ná markmiðum með straumlínustjórnun, og auðvelda þar með alla vinnu við að ná settum markmiðum. Meginmarkmið þessarar greinar er að kynna niðurstöðu rannsóknar þar sem skoðað var upplifun stjórnenda og starfsfólks af innleiðingarferli straumlínustjórnunar þar sem reynt er að svara rannsóknarspurningunni: Upplifun stjórnenda og starfsfólks á innleiðingu á aðferðafræði straumlínustjórnunar? Rannsóknin byggir á megindlegum aðferðum sem lagðar voru fyrir stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að stjórnendur og starfsfólk upplifa jákvæðar breytingar sem lýsa sér í aukinni skilvirkni.

Eðvald Möller

# Framtíðarfræði og notkun sviðsmynda: Staðan hérlendis og framvinda*

Um 15 ár eru liðin frá því að hugmyndafræði sviðsmynda (*scenarios*) var kynnt formlega á Íslandi. Á þessum tíma hafa fjölmörg sviðsmyndaverkefni verið unnin fyrir bæði einkaaðila og opinbera aðila. Þessi grein gerir grein fyrir fjölda þessara verkefna, umfangi þeirra og uppruna. Sérstaklega er rýnt í verkefnin út frá því hvort verkkaupi er opinber aðili eða einkaaðili með það fyrir augum að athuga hvort það megi greina einhvern mun á því í skilgreiningu og framkvæmd verkefna þegar viðfangsefnið tengist svo ólíkum geirum, þ.e. einkageira eða opinberum geira. Markmið rannsóknarinnar er að gefa innsýn í notkun sviðsmynda hér á landi og hvernig megi hafa gagn af þessari aðferðafræði. Fræðilega er fjallað um aðferðina sem hluta af framtíðarfræðum (*Future studies*). Gerð er stuttlega grein fyrir þróun framtíðarfræða sem fræðigreinar erlendis og þýðingu hennar á samfélagsmál og stjórnun og rekstur. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir helstu rannsóknum á notkun sviðsmynda og setja hina innlendu þróun í samhengi við þær. Unnið er út frá rannsóknarspurningunni: Hvernig hefur sviðsmyndagreining verið unnin hér á landi og hver eru helstu einkennin út frá samanburði við erlendar rannsóknir.

Sævar Kristinsson
Karl Friðriksson
Runólfur Smári Steinþórsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Hverjir eru múslimar? Skilgreiningar á því hvað felst í því að vera múslimi*

Fyrirbærið múslími hefur verið fyrirferðamikið í almennri umræðu síðustu mörg misseri. Þar sem ég hef verið að rannsaka samfélag múslíma á Íslandi hef ég eðlilega velt ofangreindri spurningu fyrir mér og mun ég gera grein fyrir hinum margbreytilegu skilgreiningum á „hugtakinu“ múslími, bæði hlutlægum; frá almenningi, fjölmiðlum og fræðimönnum, en ekki síst þeim huglægu myndum og/eða tilfinningum sem múslímar sjálfir leggja í það að vera múslími. Hin hlutlæga skilgreining felur í sér einkum tvenns konar greiningarlegar nálganir: annars vegar að líta á múslíma sem „flokkun“ (*category*) og hins vegar sem „hóp“. Yfirleitt á sér stað greinileg „hinun“ (*othering*) og staðalímyndun þegar um hlutlæga greiningu er að ræða. Þegar notast er við „flokkun“ verður til stöðluð mynd af „múslímanum“, sem einsleitur, hlutgerður og eðlislægur, en þegar hann er greindur sem „hópur“ verður myndin fjölþættari, margræðin og óviss. Að sumu leyti má segja að þessi óvissa og margræðni tengist íslamófóbíu að einhverju leyti. Hin huglæga greining, greining sjálfs (múslímans) getur einnig tekið á sig margbreytilegar myndir þar sem allskyns menningarlegir, etnískir, þjóðernislegir og trúarlegir þættir fléttast saman og skarast. Þetta viðfangsefni hér snýst fyrst og fremst um að greina flókið samspil sjálfumleika (*identities*), mótun og endurmótun þeirra – og um það að vera múslími.

Kristján Þór Sigurðsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# The background, nature and performance aspects of the annual and occasional rituals of the Ásatrúarfélag in Iceland (Helgi verður til: Bakgrunnur, tilurð og þróun helgiathafna og helgisiða Ásatrúarfélagsins)*

This paper (presented in Icelandic) will be largely based on interviews which were taken in 2014 with the last two allsherjagoðar (*high priests*) of the Ásatrúarfélag, Jörmundur Ingi Hansen, and Hilmar Örn Hilmarsson, about the nature, background and performance aspects of the rituals and prayers that have been designed for the society's annual rituals, for weddings and funerals, and not least as part of recent protests against large building projects in Iceland which are likely to have a long-term influence on the environment. The focus will be placed on the way rituals (which are not intended to be genuine recreations) came into being (including the use of ritual artefacts, costumes, setting and more); the degree to which change is possible; and the way in which "sacred time" is created for those involved (special consideration being given to the performance aspects of rituals). In addition to the interviews, I will be making use of the MA research of Eggert Sólberg Jónsson, and other scholars who have investigated the society.

Terry Gunnell

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Kristnitökuafmælishátíðin á Þingvöllum og staða Þjóðkirkjunnar í opinberu rými

Fjallað verður um undirbúning að kristnitökuafmælishátíðinni á Þingvöllum í júní árið 2000 og samvinnu ríkisvaldsins og Þjóðkirkjunnar í því samhengi. Gerð verður grein fyrir hugmyndafræði hátíðarinnar og þeim væntingum sem við hana voru bundnar af leiðtogum kirkjunnar, stuðningsfólki hennar, stjórnmálamanna og annarra aðila. Athugað verður hvernig til tókst með hátíðahaldið. Leitast verður við að svara spurningunni um það hvort kristnitökuhátíðin hafi endurspeglað stöðu Þjóðkirkjunnar meðal þjóðarinnar í sögu og samtíð og hvort hún hafi verið réttlætanleg í því ljósi. Hátíðin verður borin saman við aðrar þjóðhátíðir á 20. öld og forsendur hennar metnar út frá þeim samanburði. Einnig verður fjallað um ímyndarvandamál kirkjunnar og tengsl hennar við fjölmiðla, viðhorf þeirra til kirkjunnar og forréttindaaðstöðu hennar í íslensku samfélagi. Fjallað verður um þá gagnrýni sem kristnitökuhátíðin og undirbúningur hennar varð fyrir, átökin um helgi og aðgengi að Þingvöllum og viðbrögð fulltrúa Þjóðkirkjunnar við gagnrýni. Einnig verður skoðað hvort og að hve miklu leyti umsögn Sigurbjarnar Einarssonar biskups um umsókn Ásatrúarfélagsins um skráningu sem trúfélags á sínum tíma átti þátt í því andófi sem hátíðin varð fyrir. Staða Þjóðkirkjunnar og samband ríkis og kirkju verður skoðað í þessu sambandi. Athugað verður hvort aukin áhersla á trúfrelsi og jafnrétti, aðgreining ríkis og kirkju, og aukið vantraust í garð kirkjunnar og leiðtoga hennar megi rekja til þess hvernig staðið var að hátíðarhaldinu í tengslum við kristnitöku og brugðist við gagnrýni á hana. Byggt verður á fjölmiðlaumræðu í sambandi við kristnitökuhátíðina, skýrslum hátíðarnefndar og viðtölum við aðila sem tengdust henni.

Pétur Pétursson

# Staða íslensku þjóðkirkjunnar í aðdraganda og kjölfar hrunsins

Íslenska þjóðkirkjan er samsett félagslegt fyrirbæri með margvísleg tengsl við önnur svið þjóðfélagsins, hún á sterk ítök meðal þjóðarinnar af trúarlegum, sögulegum og félagslegum ástæðum. Í upphafi 21. aldar varð aðgreining milli kirkju og annarra opinberra stofnanna sem reyndi á stjórnkerfi kirkjunnar. Fjallað verður um boðun í opinberu rými í aðdraganda efnahagshrunsins 2008, á meðan á hruninu stóð og eftir hrun. Kannað verður hvernig prestar túlkuðu félagslegar forsendur og afleiðingar hrunsins. Skoðað verður hvaða áhrif boðunin/framsetningin hefur til þess að skapa þjóðkirkjunni trúverðugan sess í samfélagi 21. aldar. Kannað verður hvort Þjóðkirkjan sem stofnun sé einsleit við boðun inn í kringumstæður hrunsins og siðrofinu sem ríkti í aðdraganda þess. Áhrif hrunsins eru enn mikil í lífi margra, traust almennings gagnvart þjóðkirkjunni hefur minnkað á árunum eftir hrun. Tæplega 90% íslensku þjóðarinnar voru meðlimir í Þjóðkirkjunni árið 2000 þegar kristnitökuhátíðin fór fram, árið eftir hrun eða 2009, var hlutfallið komið í tæp 80% og í aprílmánuði 2015 er hlutfallið að nálgast 74%. Leitast verður við að kanna hvað hefur valdið auknum úrsögnum úr Þjóðkirkjunni á undanförnum árum og hvernig það tengist þeim breytingum er orðið hafa í samfélaginu frá því ný lög um Þjóðkirkjuna voru sett árið 1997. Vaxandi fjölmenning og fjölbreytni í trúmálum og lífsskoðunum ásamt afhelgun hafa ógnað stöðu Þjóðkirkjunnar í samfélaginu og verður athugað hvernig kirkjan hefur brugðist við þessum nýju aðstæðum. Rannsóknin byggir á greiningu á predikunum presta og viðtölum við presta og greiningu á fjölmiðaumræðu og opinberum skýrslum

Fritz Már Berndsen Jörgensson
Pétur Pétursson

# Líkami og orðræða í mótun sjáfsskilnings hjá heyrnarlausum ungmennum á Íslandi

Flestar rannsóknir á sjálfsskilningi (*identity*) hjá heyrnarlausu fólki hafa hingað til verið byggðar á föstum flokkum þar sem fólk er skilgreint sem Döff, heyrnarlaust eða tvímenningarlegt. Margt bendir til þess að ferlið sé flóknara og undir áhrifum annarra félagslegra staðsetninga (*position*) sem heyrnarlaust fólk getur verið í. Til dæmis hafa McIlroy og Storbeck bent á mikilvægi þess að skoða sjálfsskilning heyrnarlauss fólks í félagslegu samhengi. Þetta má tengja við þróun innan fötlunarfræða þar sem vísindamenn hafa í auknu mæli sýnt áhuga á póststrúkturalisma og möguleikana sem slík nálgun býður upp á, þar með talinn sveigjanlegur skilningur á sjálfsskilningi og atbeina einstaklings gagnvart hamlandi orðræðu. Auk þess hafa margir höfundar bent á mikilvægi þess að taka tillit til líkamans og skerðingar til að fá innsýn í reynslu fólks með fötlun. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa því hvernig heyrnarlaus/-skert börn og unglingar takast á við orðræðu til að móta sjálfsskilning með sérstakan áhuga fyrir hlutverk heyrnarskerðingar. Í rannsóknarverkefninu tökum við eigindleg viðtöl við börn/unglinga fædd 1997-2007 með >40 dB heyrnarskerðingu á betra eyra, ásamt viðtölum við fjölskyldur þeirra og kennara. Í greiningunni viðtalanna við börn/unglinga verður fengin lýsing á samspil milli orðræðu og heyrnarskerðingar í myndun sjálfsskilnings. Fyrsta niðurstöður greiningarinnar verða kynntar.

Stefan C. Hardonk

# Fötlun í íslenskum kvikmyndum

Kvikmyndir eru stór hluti af okkar dægurmenningu og geta þær gefið okkur vísbendingar um tíðarandann og viðhorf til mismunandi hópa samfélagsins. Það er því áhugavert viðfangsefni að skoða samhengi menningar og fötlunar í leiknum íslenskum kvikmyndum. Í fyrirlestrinum verður sagt frá rannsókn sem miðar að því að greina hvað einkennir birtingarmynd fatlaðs fólks í íslenskum kvikmyndum. Kvikmyndirnar eru greindar í anda sögulegrar orðræðugreiningar sem oft er kennd við Michel Foucault (1972). Um 146 leiknar kvikmyndir voru framleiddar frá árinu 1949 til ársins 2013 og má finna fatlaðar persónur m.a. í myndunum Okkar eigin Osló, Bjarnfreðarson, Næslandi, Englum alheimsins og Útlaganum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fatlað fólk sé sjaldnast í aðalhlutverkum, birtingarmyndirnar oft byggðar á staðalímyndum sem eru mismunandi og breytilegar eftir tímabilum og eftir því hvenær sagan á að gerast. Samningur sameinuðu þjóðanna kveður á um vitundavakningu til að vinna á móti staðalímyndum og fordómum og áhersla lögð á að sú mynd sem gefin er af fötluðu fólki sé sanngjörn og réttmæt. Í fyrirlestrinum verður að lokum beint sjónum að samspili og/eða togstreitu listrænna sjónarmiða og réttindabaráttu fatlaðs fólks.

Kristín Stella L’orange

# Seinfærir foreldra og forsjárhæfni

Rannsóknin Fjölskyldulíf og fötlun er þriggja ára rannsóknarverkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands en markmið rannsókninnar er að afla þekkingar og skilnings á stöðu og mannréttindavernd fatlaðra foreldra hér á landi. Erlendar rannsóknir sem byggja á niðurstöðum dómstóla í forsjársviptingarmálum sýna að seinfærir foreldrar eiga á hættu að vera sviptir forsjá barna sinna á grundvelli vegna ályktana um vanhæfni. Fyrir dómstólum er vaxandi áhersla á að formleg möt og stöðluð matstæki séu notuð til að skera á um foreldra- og forsjárhæfni til að aðstoða dómstóla við ákvarðanir um forsjársviptingar. Framkvæmd slíkra mata krefjast yfirgripsmikillar þekkingar á mörgum flóknum þáttum sem geta orðið ennþá flóknara þegar um seinfæra foreldra er að ræða. Í erindinu verður sjónum beint að mati á forsjárhæfni seinfærra foreldra út frá erlendum rannsóknum og íslenskum veruleika.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir
James Gordon Rice
Rahel More

# Valuing Landscape: A perspective from tourism

For over fifteen years Landsvirkjun has investigated the potential for the generation of hydroelectric power from Austari and Vestari Jökulsá rivers in Skagafjörður. Three proposals are currently under consideration. The region is also important for different types of tourism activities; including rafting, horse riding and hiking. The aim of this research is to investigate the potential impacts of the power plants on tourism in the region. Data were collected over summer 2015 through observations at key sites, questionnaires with tourists and interviews with tour operators. This provided information about the status of tourism in the potentially affected area and, importantly, what factors attract tourists to the region. Knowing the values held by tourists and tourism operators; their attitudes, experiences and perceptions, facilitates an understanding of the future social and economic impact of dams on the tourism industry in Skagafjörður.

Georgette Leah Burns
Laufey Haraldsdóttir

# Jarðbundin hönnun ferðamannastaða

Erindið mun kynna skrif höfundar með teymi svissneskra hönnuða sem komu til starfa á Íslandi veturinn 2014 til 2015 í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Skrifin er að finna í bókinni Tourism and the Anthropocene, sem Routledge gefur út haustið 2015 og höfundur ritstýrir. Hönnuðateymið lagði með vinnu sinni grunn að forsendum hönnunar ferðamannastaða hér á landi sem byggir á rýni hins svæðisbundna samhengis sem slík hönnun fer fram í. Með áherslu á þetta samhengi, sögu svæðisins, sérstöðu og víðari skírskotanir er sk. stefnuyfirlýsing svæðisins búin til sem lögð er til grundvallar útfærslu hönnunarhugmynda. Markmið erindisins er að kynna vinnulagið sem svissnesku hönnuðirnir notuðu, en ekki síður fræðilegar forsendur þess. Vinnulagið byggir á skilning á sambandi manns og náttúru sem endurspeglar umræðu samtímans um umhverfisbreytingar af mannavöldum og stöðu mannsins á sk. manntímum (*Anthropocene*). Gerð verður grein fyrir hlutdeild umhverfis og hins efnislega þegar kemur að uppbyggingu ferðamannastaða og þannig hvernig hönnun þeirra kallast á við staðinn sem slíkan, ekki síður en samtíma sinn og hugmyndir fólks. Erindinu er þannig ætlað að upplýsa um fræðilegar forsendur hönnunar áfangastaða ferðafólks á tímum vaxandi umhverfismeðvitundar og áhrifa mannsins á náttúruna frá staðbundnum kvarða til hins hnattræna.

Edward H. Huijbens

# Viðhorf ferðamanna til vindmylla*

Vindmyllur eru nýr orkukostur hér á landi. Landsvirkjun hefur nú til skoðunar að reisa svokallaðan vindmyllulund norðaustan við Búrfell í Þjórsárdal sem mun samanstanda af um 80 vindmyllum með allt að 200 MW orkuvinnslu. Vindmyllur breyta ásýnd lands og þar með upplifun fólks sem fer þar um. Náttúran er megin aðdráttarafl Íslands sem ferðamannalands. Rúmlega þriðjungur erlendra sumargesta ferðast um hálendið og er suðurhálendið mikilvægasta svæðið á hálendinu fyrir ferðamennsku. Í þessari grein eru kynntar niðurstöður rannsóknar á áhrifum fyrirhugaðra vindmylla Landsvirkjunar við Búrfell á upplifun ferðamanna og viðhorfum þeirra til vindorkuframleiðslu á Íslandi. Rannsóknin byggir á viðtölum og spurningakönnun sem var lögð fyrir ferðamenn á svæðinu sumarið 2014. Spurningalistinn samanstóð af 29 spurningum, margar hverjar í nokkrum liðum og svöruðu honum 1351 ferðamenn. Viðtölin byggðust á hálf opnum spurningum og var rætt við fimmtán ferðamenn, ellefu erlenda ferðamenn frá sjö löndum og fjóra íslenska. Niðurstöður sýna að ferðamönnum þykir núverandi orkumannvirki rýra náttúrulega ásýnd svæðisins. Tæplega helmingur ferðamanna er hins vegar jákvæður í garð tilraunavindmyllanna tveggja sem Landsvirkjun reisti á svæðinu árið 2012. Um 40% er hins vegar neikvæður í garð áforma um að reisa vindmyllulund með allt að 80 vindmyllum og tæplega 36% eru jákvæðir. Könnunin sýnir jafnframt að ferðamenn af öllum þjóðernum, fyrir utan Íslendinga, telja vindmyllur frekar eiga heima á landbúnaðarsvæðum en í óbyggðum.

Anna Dóra Sæþórsdóttir
Guðmundur Björnsson
Rannveig Ólafsdóttir

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Vindmyllur, íbúar og ferðaþjónusta*

Síðastliðinn áratug hefur virkjun vindorku notið vaxandi vinsælda, og með síauknum tækniframförum hefur orðið auðveldara og ódýrara að virkja vindinn. Vindur er orkugjafi sem Ísland er óneitanlega ríkt af, en hvaða áhrif hefur beislun slíkrar orku á vaxandi ferðaþjónustu? Norðan við Búrfell í Þjórsárdal voru árið 2012 reistar tvær rannsóknavindmyllur. Landsvirkjun hefur nú til skoðunar að að reisa vindlund með allt að 80 vindmyllum á svipuðum slóðum. Í þessari rannsókn er leitast við i) að meta viðhorf íbúa nærsamfélagsins til vindlundar, og ii) að meta áhrif vindlundar á ferðaþjónustu. Spurningalisti var lagður fyrir íbúa þeirra sveitarfélaga sem land eiga að Búrfelli og viðtöl tekin við íbúa og ferðaþjónustuaðila. Niðurstöður sýna að bæði íbúar og ferðaþjónustuaðilar eru almennt jákvæðir í garð vindorku, telja slíkan orkukost samræmast umhverfiskröfum samtímans um græna orku. Hins vegar vegur þungt hin miklu sjónrænu áhrif sem vindmyllunum fylgja. Ferðaþjónustuaðilar telja slík sjónræn áhrif ekki samræmast þeirri upplifun sem ferðamenn sem fara um hálendi Íslands eru að sækjast eftir. Niðurstöður sýna jafnframt að marktækur munur er á viðhorfi íbúa til fegurðar landslags með og án mannvirkja, þar sem landslag án mannvirkja þykir fallegra en landslag með mannvirkjum. Stærð og fjöldi vindmylla í vindlundi skipta minna máli en fjarlægð, sem undirstrikar mikilvægi þátta eins og útsýnis og víðsýnis í íslenskri náttúruferðamennsku. Ljóst er að þetta jaðarsvæði hálendisins er á mörkum manngerðrar og náttúrulegrar ásýndar. Verði farið yfir þessi mörk mun ferðamennska á svæðinu að öllum líkindum breytast, og aðrir markhópar sækja á svæðið. Slíkri breytingu mun fylgja sóknarfæri til uppbyggingar á annars konar ferðamennsku en þar er nú, sem byggir á upplifun ferðamanna á víðernum. Víðernisferðamennska mun ekki þrífast vel í vindlundi.

Rannveig Ólafsdóttir
Guðrún Líneik Guðjónsdóttir
Anna Dóra Sæþórsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða: „Götublaðavæðing“ og einsleitni?*

Innihaldsgreining á íslenskum prentmiðlum í ljósi greiningarramma Sparks bendir til að umræðuvettvangur þessara miðla hafi verið að þróast í átt að götublaðavæðingu á fyrsta áratug þessarar aldar. Þetta birtist m.a. í aukinni einsleitni í efnisvali íslenskra prentmiðla og hærra hlutfalli mjúkra frétta miðað við harðar fréttir. Þessi þróun hefur m.a. verið útskýrð með hliðsjón af mikilli samkeppni fjölmiðla, vaxandi uppbroti (*fragmentation*) fjölmiðlaneyslunnar, tilkomu fríblaða og minnkandi dagblaðalestri samfara almennri arðsemiskröfu sem markaðsfjölmiðlun gerir til miðlanna. Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða síðustu fimm árin hefur ekki verið kortlagður með sama hætti en það er einmitt meginviðfangsefnið í þeirri rannsókn sem hér verður greint frá. Vísbendingar eru um að sama þróun hafi haldið áfram, en þó þannig að greina má áherslumun varðandi efnistök og innihald milli áskriftarblaða annars vegar og fríblaða hins vegar. Í rannsókninni er greint frá innihaldsgreiningu á íslensku dagblöðunum (DV talið sem dagblað) á árunum 2011, 2012 og 2013 þar sem miðað er við greiningarramma Sparks. Að hluta til eru fyrri hugmyndir staðfestar, en þó koma fram mikilvægar upplýsingar sem benda til að prentmiðlar hafi nokkuð breytt hlutverk í fjölmiðlaumhverfinu í dag frá því sem áður var.

Birgir Guðmundsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Norðurslóðir í íslenskum fjölmiðlum*

Orðið norðurslóðir finnst ekki í íslenskri orðabók en á sér þó rúmlega aldarlanga sögu í birtingum íslenskra fjölmiðla. Í Stefnu Íslands í málefnum norðurslóða frá árinu 2011, virðist orðið vísa til landfræðilegs fasta sem Ísland sé órjúfanlegur hluti af. Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða þróun á notkun þessa orðs í íslenskri tungu. Út frá kenningum um mikilvægi fjölmiðla í almannarýminu (*public sphere*) var skoðað hvernig orðið hefur í gegnum tíðina birst í íslenskum fjölmiðlum. Stuðst var við innihaldsgreiningu (*content analysis*) og leitað svara við því hvort og þá hvenær Ísland varð hluti norðurslóða, í hvaða samhengi orðið hefur helst verið notað og hvort áhersluatriði birtinga orðsins, falli að alþjóðlegum kenningum um norðurslóðir (*the arctic*). Niðurstöður sýna að allt frá miðri síðustu öld hefur Ísland í síauknu mæli orðið hluti norðurslóða meðan áhersluatriði birtinga falla einungis að hluta að hinum alþjóðlegu kenningum um norðurslóðir. Þá hefur hlutur stjórnmála- og embættismanna í hópi viðmælenda orðið æ stærri, sem og hlutur fréttatilkynninga í birtingum, þótt þar muni nokkru milli miðla.

Þórný Barðadóttir
Birgir Guðmundsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi: Fjölmiðlar og „lekamálið“

„Lekamálið“ er eitt stærsta pólitíska hneykslismál sem upp hefur komist hér á landi á síðari árum. Í erindinu er greint frá umfjöllun fjölmiðla um það allt frá því að fréttir birtust 20. nóvember 2013 af minnisblaði úr innanríkisráðuneytinu sem lekið var til fjölmiðla, og hafði að geyma trúnaðarupplýsingar um nígeríska hælisleitandann Tony Omos, og þar til viku eftir að innanríkisráðherra sagði af sér embætti vegna málsins, eða til 27. nóvember ári síðar. Áhugi fjölmiðla á málinu var afar ólíkur er varðar umfang umfjöllunar og afstöðu til málavöxtu. Lengst af var DV nánast eitt um hituna og hélt málinu vakandi þar til upplýst var um lekann og hver bæri pólitíska ábyrgð á honum á meðan aðrir fjölmiðlar héldu sig að mestu til hlés. Ólík frammistaða einstakra miðla vekur upp áleitnar spurningar um aðhaldshlutverk fjölmiðla og stöðu þeirra gagnvart valdamönnum og valdastofnunum. Í erindinu er gerð grein fyrir umfjöllun helstu fjölmiðla um „lekamálið“ frá upphafi til enda. Frásagnir fjölmiðla af málinu eru greindar megindlega. Niðurstöðurnar eru ræddar út frá kenningum um dagskráráhrif, römmun, ýfingu og þagnarsvelginn, sem og hugmyndum um áhrif markaðsstöðu, eigendavalds og pólitískra tengsla á ritstjórnarstefnu fjölmiðla.

Ragnar Karlsson
Þorbjörn Broddason

# Fréttir á markaði

Miklar breytingar hafa orðið í fjölmiðlun undanfarin áratugi. Breytingarnar eiga sér pólitískar, efnahagslegar og ekki síst tæknilegar rætur og hafa m.a lýst sér í samþjöppun eignarhalds, aukinni markaðsvæðingu og harðnandi samkeppni. Netið og stafræn tækni hefur einnig gjörbreytt framleiðslu, dreifingu og neyslu fjölmiðlaefnis. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessum breytingum, en lítið vitað um áhrif þeirra á efnið sem fjölmiðlar framleiða. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum rannsóknar á helstu dagblöðum og veffréttamiðlum hér á landi á tímabilinu 2001-2013. Upp úr aldamótum má segja að tími flokksblaða sé endanlega liðinn og markaðsfjölmiðlun hefji innreið sína fyrir alvöru hér á landi. Erlendar rannsóknir benda margar til þess að aukin markaðsvæðing hafi haft veruleg áhrif á blaða- og fréttamennsku og fjölmiðlar leggi aukna áherslu á æsifréttir og léttmeti, fréttir af glæpum, íþróttum og frægu fólki, en minni á fréttir af stjórnmálum, efnhagsmálum eða alþjóðamálum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort, og þá að hvaða marki, þessa gæti í íslenskum prent- og veffréttum. Notast verður við megindlega innihaldsgreiningu og stendur gagnaöflun yfir.

Valgerður Anna Jóhannsdóttir

# Siðareglur blaðamanna í 50 ár: Áhrif tíðarandans

Í ár eru liðin 50 ár frá því að blaða- og fréttamenn á Íslandi settu sér sínar fyrstu siðareglur – en á þessari hálfu öld hefur siðareglunum verið breytt tvisvar. Höfundur hefur tekið saman talnaefni er varðar öll þau 217 mál sem kærð hafa verið til siðanefndar BÍ 1965-2015 – að meðaltali um 4 á ári. Málafjöldinn er greindur eftir tímabilum og eðli málanna og úrskurðir metnir í ljósi þeirrar stefnumörkunar sem ríkt hefur frá fyrstu tíð; að siðareglurnar skyldu vera almennar og stuttar en siðanefnd hvers tíma gefin ríkt ráðrúm til túlkunar. Frumniðurstöður benda til þess að siðareglur BÍ séu almennt túlkaðar í dag á mun frjálslyndari hátt en á upphafsárunum; enda er hlutfall „sýkna“ og frávísana hærra en á fyrstu tveimur áratugunum eða svo. Jafnframt skoðar höfundur þær hugmyndir sem á síðustu árum hafa komið upp er varða breytingar á siðareglum blaða- og fréttamanna, en á árabilinu 2005-2010 komu bæði fram hugmyndir um ítarlegri siðareglur og svo enn styttri og einfaldari siðareglur en í gildi eru. Tilraunir til að miðla málum gengu ekki upp og umræða um endurskoðun siðareglanna er ekki lengur á dagskrá hjá blaða- og fréttamönnum. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að áðurnefndur sveigjanleiki í túlkun siðaviðmiða dragi í raun úr þörfinni fyrir endurskoðun siðareglanna.

Friðrik Þór Guðmundsson

# Hugarfar atvinnumannsins. Rannsókn á áhugahvöt, stjórnunarstíl og umgjörð íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu*

Umfjöllun um karlalandslið Íslands í knattspyrnu hefur verið mikil á undanförnum misserum. Liðið hefur náð framúrskarandi árangri og því hafa jafnt innlendir sem erlendir fjölmiðlar velt því fyrir sér hvað helst liggur þar að baki. Tilgangur þeirrar rannsóknar sem hér er til umfjöllunar er að leita svara við spurningunni hvar áhugahvöt leikmanna karlalandsliðsins helst liggur. Könnuð er upplifun leikmanna liðsins og skynjun varðandi hvatningu og þá þætti sem drífa þá áfram. Hlutverk þjálfarans sem stjórnanda og leiðtoga er sömuleiðis til skoðunar. Spurt er hvernig stjórnunarstíll þjálfarans og umgjörðin um liðið hafi áhrif á árangur þess. Markmið rannsóknarinnar er að efla þekkingu á þessu sviði og veita innsýn í hugarheim leikmanna liðsins. Tekin vour alls níu viðtöl. Átta viðtöl við leikmenn landsliðsins og eitt viðtal við þjálfara. Studst var við aðferð fyrirbærafræði við greiningu gagna. Helstu niðurstöður veita sterkar vísbendingar um að áhugahvöt leikmanna liggi einna helst í hugarfarinu. Brennandi áhugi á að spila fótbolta, mikið keppnisskap og gott sjálfstraust sem og draumur um atvinnumennsku eru lyklar að velgengni og árangri. Enn fremur er dregin sú ályktun að stjórnunarstíll þjálfarans hafi áhrif á árangur liðsins. Skýr stefna og sýn, virðing, trú og traust í samskiptum skiptir miklu máli. Umgjörðin þarf sömuleiðis að vera fagmannleg og stuðla að því að leikmenn geti nýtt hæfileika sína sem best.

Unnur Helgadóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# „Strákarnir okkar": Hvað einkennir leik íslenska handboltalandsliðsins?

Íþróttir eru veigamiklar í nútímasamfélagi og er áhugi almennings á íþróttum jafnan mikill. Það sést meðal annars á því að beinar útsendingar frá íþróttaviðburðum eru meðal vinælasta sjónvarpsefnis landsins – þetta hefur í gegnum tíðina sérstaklega átt við um útsendingar frá leikjum íslenska karlalandsliðsins í handknattleik. Íslenska landsliðið hefur náð eftirtektarverðum árangri og jafnframt fest sig í sessi í þjóðarvitundinni þar sem leikmenn liðsins eru gjarnan nefndir „strákarnir okkar". En hvað er það við leik liðsins sem útskýrir árangur þess og fangar þjóðina eins og raun ber vitni? Rannsóknin byggir á innihaldsgreiningu á leikjum íslenska liðsins á þeim tveimur stórmótum þar sem liðið vann til verðlauna; Ólympíuleikunum í Peking árið 2008 og Evrópumeistaramótinu í Austurríki árið 2010. Sex leikir íslenska liðsins voru innihalds- og þemagreindir í þeim tilgangi að kortleggja hvaða þættir eru einkennandi fyrir leik liðsins og hugsanlega skýra hluta af árangri þess og vinsældum. Niðurstöðurnar benda til að ýmsir þættir sem byggja á viðhorfi, hegðun og hugmyndafræðilegri nálgun liðsins endurspeglist í leik þess á vellinum. Þessi nálgun liðsins leggur grunn að árangri þess og gerir það einnig að verkum að áhorfendur eiga auðvelt með að samsama sig með „strákunum okkar" og tengjast liðinu því sterkum tilfinningaböndum.

Viðar Halldórsson

# Leynist ofbeldi í íþróttum?

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi þrífst innan íþrótta eins og annars staðar og að afreksfólk sé í sérstakri áhættu. Stór hluti þeirra sem stunda keppnisíþróttir hafa upplifað andlegt ofbeldi af hálfu þjálfara síns og það virðist vera algengasta form ofbeldisins. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort ofbeldi sé til staðar innan íþróttahreyfingarinnar hér á landi, opna fyrir umræðu um málefnið og auka þekkingu á því. Einnig var kannað hvort foreldrar barna í afreksíþróttum óskuðu eftir fræðslu um ofbeldi. Rannsóknin er megindleg og gagna var aflað með rafrænum spurningalista sem sendur var til foreldra barna í yngri landsliðum fimm íþróttagreina. Svarhlutfall var 60%, en 99 af 165 foreldrum svöruðu listanum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að tæp 15% foreldra sem þátt tóku hafa vitneskju um andlegt ofbeldi gegn börnum sínum í íþróttastarfi. Sama hlutfall telur þjálfunaraðferðir ekki ofbeldisfullar. Foreldrar sem sjálfir höfðu verið afreksmenn í íþróttum virðast, frekar en aðrir foreldrar, líta á ofbeldi sem hluta af íþróttunum. Rúmlega 80% foreldranna sögðust myndu nýta sér fræðslu um ofbeldi innan íþrótta væri hún í boði.

Hafdís Inga Hinriksdóttir
Anni G. Haugen

# Farsæld og frelsi: Reynsla hjóna af starfslokum

Rannsóknir sýna að starfslok marka þáttaskil í lífi fólks og hafa í för með sér breytingar af ýmsum toga. Áhrif starfsloka á hjón og hjónaband hefur lítið verið rannsakað enn sem komið er. Lýðfræðilegir þættir hafa fengið meiri athygli eins og heilsufar, fjármál, hjúskaparstaða og hreyfing. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða upplifun og reynslu hjóna af starfslokum og áhrifum starfslokanna á hjónabandið. Tekin voru viðtöl við fimm hjón á aldrinum 67-75 ára sem hætt voru störfum á vinnumarkaði. Í viðtölunum komu fram þrjú meginatriði; a) Einstaklingurinn, sem birtist í sjálfsmynd, sjálfstæði, undirbúningi starfslokanna og frelsi við starfslokin. b) Hjónabandið, sem lýsir samvinnu, samveru, vináttu, virðingu og trausti. c) Öryggi, sem snýst um fjölskyldu, vini, fjármál og heilsufar. Meginniðurstaða rannsóknarinnar bendir til að starfslok hjóna séu ekki sameiginleg eintóna vegferð, heldur samleið tveggja ólíkra einstaklinga í hjónabandi. Samspil einstaklinganna, undir áhrifum frá umhverfinu leggur grunninn að farsæld og frelsi í hjónabandinu og ákvarðar þau lífsgæði sem hjónin búa við eftir starfslokin. Mikilvægt er að fagaðilar sem starfa með eldra fólki geri sér grein fyrir því að heildræn vinna með fjölskyldum getur haft mikið að segja varðandi lífsgæði hjá þeim einstaklingi sem þjónustan er veitt hverju sinni.

Olga Ásrún Stefánsdóttir
Halldór Sigurður Guðmundsson

# Þjónusta við eldri borgara, góð eða ennþá betri?

Eldri borgarar sem þarfnast aðstoðar fá þjónustu frá fjölskyldu sinni (*informal caregivers*) og/eða frá opinberum aðilum (*formal caregivers*). Á undanförnum árum hafa kröfur um gæði þeirrar þjónustu sem veitt er af opinberum aðilum aukist. Reglur hafa verið settar um margs konar gæðastaðla til að meta þá þjónustu sem veitt er á hjúkrunarheimilum, og aukin áhersla er á að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er í heimahúsum. Þjónustu aðstandenda er þó erfitt að meta með ákveðnum stöðlum þar sem hún er veitt á öðrum forsendum en opinber þjónusta. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum ICEOLD (Icelandic Older People) rannsóknarinnar sem framkvæmd var haustið 2008. Þátttakendur voru 782 á aldrinum 65-98 ára. Markmið rannsóknarinnar er að kanna þjónustuþörf og hvernig aldraðir líta á þá þjónustu sem þeir fá. Helstu niðurstöður benda til að eldri borgar séu ánægðir með þá þjónustu sem þeim er veitt. Þó er ekki nægileg samvinna milli þeirra aðila sem veita þjónustu, sem getur rýrt gæði hennar. Ákveðinn hópur sem einungis fær aðstoð frá fjölskyldu sinni og vinum óskar eftir meiri aðstoð frá opinberum aðilum, sem bendir til að hann vilji ekki vera upp á aðstandendur sína kominn.

Sigurveig H. Sigurðardóttir

# Tómstundir og eldra fólk

Á síðustu árum hafa tómstunda- og félagsmálafræðingar (félagsuppeldisfræðingar) í sífellt meira mæli beint sjónum sínum að málefnum eldra fólks. Örar samfélagsbreytingar, hækkandi lífaldur og almennt betri heilsa eldri borgara gerir það að verkum að þarfir, hvað varðar þjónustu fyrir þennan margbreytilega hóp, hafa breyst verulega. Slíkar breytingar hafa í för með sér þörf fyrir fjölþættari þekkingu, breyttri nálgun og vinnulagi. Grundvallarþættir eins og heilsugæsla og umönnun eldri borgara eru og verða mikilvægir þættir en ekki eins ríkjandi og verið hefur. Efri árin sem æviskeið er margslungið og aldraðir eru fjarri því einsleitur hópur og þarfir því mismunandi. Aukinn frítími eldri borgara kallar á aukna virkni og uppbyggilegt innhald þess tíma sem viðkomandi hafa. Á vettvangi frítímans eru verkefni ærin. Í þessu erindi er fjallað um hugtakið „Geotranscendens“ og þýðingu þess í starfi með eldri fólki og kynntar starfsaðferðir, bæði hvað varðar faglega nálgun og fræðilega forsendur. Í fyrirlestrinum er byggt á kenningum Leitners og Leitners, Tornstams og fleiri fræðimanna og ætluð áhrif þessara kenninga á störf tómstunda- og félagsmálafræðinga.

Árni Guðmundsson

# „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“: Færni og gildi karla á aldrinum 45-66 ára

Færni í daglegu lífi er flókið fyrirbæri. Hin hlutlæga birtingarmynd þess endurspeglar getuna til að mæta kröfum samfélagsins, en sú huglæga að hvaða marki manni tekst að halda lífsstíl sínum og viðfangsefnum í samræmi við eigin þarfir og gildismat. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða áhrif heilsufarsvanda á færni og gildi karla. Notað var lýsandi rannsóknarsnið með samanburði tveggja hópa. Í tilraunahópnum voru 20 karlar sem voru að hefja endurhæfingu vegna skilgreinds heilsufarsvanda og í samanburðarhópnum aðrir 20 sem ekki var þannig ástatt um. Færni og gildi voru mæld með kvarðaða matstækinu „Mat á eigin iðju“ (*Occupational Self-Assessment*) og niðurstöður hópanna bornar saman með tvíhliða t-prófi. Niðurstöður leiddu í ljós að karlarnir sem höfðu skilgreindan heilsufarsvanda mátu færni sína á ólíkum sviðum marktækt lægra en karlarnir í samanburðarhópnum. Hins vegar mátu þeir gildi þessara sömu sviða marktækt hærra en samanburðarhópurinn. Niðurstöðurnar benda til að líkamleg og/eða andlega skerðing breyti gildismati fólks og að það sjái líf sitt í öðru ljósi en áður. Þá eru einnig vísbendingar um að meðan fólk hefur trú á að það geti endurheimt færni sína á ákveðnum sviðum öðlist þau svið aukið gildi. Mikilvægt er að fagfólk, einkanlega í endurhæfingu, hafi þetta í huga í þjónustu sinni.

Guðrún Pálmadóttir
Gullveig Ösp Magnadóttir
Marsibil Anna Jóhannsdóttir
Margrét Sigurðardóttir

# Ný framtíðarsýn fagstéttar þroskaþjálfa í fjórum löndum Evrópu*

Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sem unnin var á tímabilinu 2014 og 2015. Rannsóknin er hluti langtímarannsóknar á stöðu menntunar og starfa íslenskra þroskaþjálfa í alþjóðasamhengi sem hófst árið 2013. Í þessum hluta rannsóknar er gerður samanburður á framtíðarsýn fagstéttar þroskaþjálfa hérlendis og í þremur öðrum löndum, þ.e. Noregi, Danmörku og Spáni. Leitast er við að svara hver sýn fagstéttarinnar og væntingar eru til þróunar starfa sinna og hlutverka á komandi árum. Rannsóknin er byggð á viðtölum við forystuaðila fagstéttarinnar í umræddum löndum, ásamt greinaskrifum og yfirlýsingum fagfélaga þroskaþjálfa sem birst hafa í fagtímaritum og öðrum sérritum. Í þessum hluta er sjónum sérstaklega beint að niðurstöðum frá nýliðnum starfsdögum Þroskaþjálfafélags Íslands en viðfangsefni þeirra var framtíðarsýn félagsmanna. Niðurstöður frá starfsdögum styrkja fyrri niðurstöður langtímarannsóknar, og varpa skýrara ljósi á stöðu og áskoranir stéttarinnar hérlendis, og þann samhljóm sem stéttin á með samanburðarþjóðunum. Jafnframt varpa þær ljósi á þætti sem að sama leyti sérkennir fagstéttina hérlendis. Fagstétt íslenskra þroskaþjálfa er í meginatriðum samhljóma þeim erlendu þegar horft er til framtíðar, sérstaklega varðandi þróun menntunar og þörf fyrir rannsóknir á störfum þroskaþjálfa. Þá er fagstéttin einróma um að þörf verði fyrir fagþekkingu þroskaþjálfa á æ breiðari samfélagsvettvangi en nú er.

Kristín Lilliendahl
Vilborg Jóhannsdóttir

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Starfsþróun fagstéttar þroskaþjálfa í ljósi nýrra áskorana*

Menntun þroskaþjálfa fer nú fram á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Að námi loknu öðlast nemendur réttindi til starfa með fötluðu fólki á fjölbreytilegum vettvangi þjónustu. Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður rannsóknar er beinir sjónum að þeim áskorunum sem mæta fagstéttinni þegar hún færir sig til í starfi á breiðum starfsvettvangi. Rannsóknin er byggð á spurningakönnun og viðtölum við þroskaþjálfa sem hafa söðlað um í starfi og þurft að aðlaga sig nýrri þekkingu, nýjum kröfum og þörfum nýrra þjónustuhópa. Sjónum er sérstaklega beint að forsendum starfsvals, þeim leiðum sem farnar eru við starfsaðlögun, og þeim bjargráðum og aðgerðum sem þroskaþjálfarnir reiða sig á. Fyrstu niðurstöður benda til að fagstéttin sé með starfsvali sínu að bregðast við síaukinni eftirspurn eftir starfskröftum þroskaþjálfa á breiðari þjónustuvettvang en áður, og þær undirstrika þörf fyrir skýrari starfslýsingar, aukinn stuðning og handleiðslu við umbreytingar og starfsaðlögun á starfsferlinum. Auk þess er kallað eftir meiri möguleikum til sérhæfingar í námi þroskaþjálfa. Við greiningu gagna er byggt á starfsþróunarkenningum Savickas um starfsferilinn og starfsþróunarkenningum Skovholt og Rönnestad. Rannsóknin er hluti af langtímarannsókn sem hófst árið 2013 og beinir sjónum að störfum og menntun þroskaþjálfa í alþjóðlegu ljósi. Í langtimarannsókninni er starfsþróun fagstéttar þroskaþjálfa skoðuð á grundvelli þróunar sambærilegrar fagstéttar í Evrópu.

Vilborg Jóhannsdóttir
Kristín Lilliendahl

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Hvað er hugverkaréttur og hvernig snertir hann atvinnulífið?

Í erindinu mun ég fjalla um megineinkenni hugverkaréttinda; hvað er sameiginlegt með einstökum sviðum hugverkaréttar og hvað frábrugðið. Í framhaldi af því tek ég sérstaklega til umfjöllunar gildi hugverkaréttar fyrir atvinnulífið, en hugverk eru gjarnan á meðal helstu verðmæta fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri. Hvernig er rétturinn til þeirra best tryggður og hvað þarf helst að varast?

Erla Skúladóttir

# Áskoranir höfundaréttarsamtaka í stafrænum heimi

Höfundaréttarsamtök innheimta höfundaréttargjöld fyrir meðlimi sína. Stærstu höfundaréttarsamtökin á Íslandi tengjast tónlist, en það eru STEF og SFH. Í tugi ára hafa höfundaréttarsamtök haft einkarétt til innheimtu á tilteknum svæðum sem oftast fylgja landamærum, og hefur verið staðfest í dómi Evrópudómstólsins að slíkar landfræðilegar takmarkanir geti verið eðlilegar og átt rétt á sér. Undanfarin ár hefur þetta grundvallarskipulag riðlast. Hafa þar stórir tónlistarforleggjarar (*publishers*) riðið á vaðið og farið framhjá höfundaréttarsamtökum við innheimtu á höfundaréttartekjum sinna skjólstæðinga þegar kemur að innheimtu hjá alþjóðlegum streymisveitum. Þá hafa stærstu höfundaréttarsamtökin (sem starfa í þeim löndum sem teljast til útflutningslanda í tónlist, en Ísland telst í þessu tilliti til innflutningslands þar sem við greiðum meira til erlendra höfunda en við fáum greitt fyrir spilun íslenskrar tónlistar erlendis) einnig hafið leyfisveitingar vegna streymis þvert á landamæri. Þessu til viðbótar mælir tilskipun ESB um rétthafasamtök (sem Ísland mun Áskoranir höfundaréttarsamtaka í stafrænum heimi innleiða á næstu árum) fyrir um myndun miðstöðva fleiri rétthafasamtaka sem eiga að geta veitt í einu lagi leyfi til streymisveita sem vilja starfa þvert á landamæri. Þýðing þessa fyrir minni samtök eins og STEF eru þau að flæði fjármagns færist frá þeim til stærri samtaka, en á sama tíma er þessum minni samtökum ætlað að fjármagna hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum, löggjafarvaldinu og neytendum, svo og að standa að aðgerðum vegna ólögmætrar notkunar verka á netinu sem nýtast einna mest þeim sem ekki taka þátt í kostnaðinum.

Guðrún Björk Bjarnadóttir

# Hvað þurfa fyrirtæki að hafa í huga við val á vörumerki?

Vörumerki eru áberandi hluti af daglegu umhverfi okkar. Gott vörumerki getur því skipt sköpum í samkeppni fyrirtækja um hylli neytenda. Í erindinu mun ég fjalla um það hvað fyrirtæki þurfa að hafa í huga við val á vörumerki og hvernig vörumerki þurfa að vera úr garði gerð svo þau njóti sem ríkastrar verndar. Í því sambandi mun ég einkum fjalla um það skilyrði vörumerkjalaga fyrir vernd að vörumerki hafi til að bera sérkenni og það hvernig hægt er að ávinna vörumerkjum sérkenni með notkun þeirra.

Hulda Árnadóttir

# Um skilyrði til að fá útgefið einkaleyfi

Einkaleyfi njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og á grundvelli þeirra byggir einkaleyfishafi einkarétt til hagnýtingar þeirrar uppfinningar sem vernduð er með einkaleyfi. Uppfinningar sem njóta lagaverndar með stoð í einkaleyfi geta verið af ýmsum toga, allt frá eyrnahlífum fyrir hunda til ljósaperunnar. Allar slíkar uppfinningar eiga það þó sameiginlegt að þær verða að uppfylla ákveðin grundvallarskilyrði, m.a. skilyrði um nýnæmi og frumleikastig, en í þeim felst að uppfinning þarf að vera ný með tilliti til þess sem áður er þekkt og að auki verulega frábrugðin því. Þessi skilyrði eru rökrétt þegar þau eru skoðuð með hliðsjón af tilgangi einkaleyfa, en þeim er ætlað að stuðla að framþróun og nýsköpun. Þrátt fyrir mikilvægi áðurnefndra skilyrða hefur inntaki þeirra einungis takmarkað verið gerð skil í íslenskum fræðiskrifum. Til að fylla í þá eyðu hafa höfundar þessarar greinar lagt upp í að rannsaka inntak skilyrðanna með hliðsjón af réttarframkvæmd og fræðiskrifum hér á landi. Í þessu framlagi til Þjóðarspegilsins 2015 verða dregnar saman megin niðurstöður framangreindrar rannsóknar og varpað ljósi á inntak skilyrðanna um nýnæmi og frumleikastig.

Helga Guðmundsdóttir
Helgi Áss Grétarsson

# Hvers kyns elíta? Hvað einkennir forystufólk í íslensku atvinnulífi?

Forystufólk atvinnulífsins tilheyrir, ásamt fleirum, valdakjarna eða elítu samfélagsins (Christiansen, Møller og Togeby, 2004). Elítur hafa möguleika umfram aðra að hafa áhrif á samfélagið og þróun þess. Talsverð þekking liggur fyrir á hinum Norðurlöndunum á einkennum og bakgrunni forystufólks á hinum ýmsu sviðum samfélagsins í gegnum valds- og lýðræðisrannsóknir sem þar hafa verið gerðar, en engin slík hefur verið framkvæmd hérlendis. Til að varpa empírísku og kenningalegu ljósi á bakgrunn og einkenni forystufólks á Íslandi hefur Valds- og lýðræðisrannsóknin (VoL) við Háskóla Íslands, sem m.a. er kostuð af 100 ára afmælissjóði skólans, ráðist í rannsókn á því hvað einkenni áhrifafólk á ólíkum sviðum íslensks samfélags. Í erindinu verður fjallað um elítur í atvinnulífinu út frá gögnum VoL og m.a. annað varpað ljósi á kyn, þjóðfélagslegan, stéttarlegan og fjölskyldulegan bakgrunn forystufólks, virkni og forystuhlutverk þess á sviði félagsstarfa, sem og áhrifastörf og leiðandi hlutverk á ýmsum sviðum. Þá er fjallað um tengslanet, félagslegt kapítal, tengsl við aðrar elítur og áhrifavald í krafti þess. Rannsóknin varpar ljósi á mikilvægar spurningar um vald og lýðræði á Íslandi; hverjir það eru sem helst hafa aðstöðu til að móta samfélag okkar til lengri og skemmri tíma, og hvort konur og karlar sitji þar við sama borð.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

# Mótsagnakenndar framfarir? Jafnrétti kynjanna í íslenskri utanríkisþjónustu

Erindið byggir á rannsókn um jafnrétti kynjanna í íslenskri utanríkisþjónustu. Markmið rannsóknarinnar eru annars vegar að fá innsýn í jafnréttismál íslensku utanríkisþjónustunnar, út frá sjónarhóli flutningsskyldra starfsmanna hennar, og hins vegar að fá álit sömu aðila á því hvort og hvernig staðið er við jafnréttisáherslur stjórnvalda í utanríkisstefnu Íslands, bæði alþjóðlega og heima á Íslandi. Í kenningaramma rannsóknarinnar eru femínískar gagnrýnikenningar og mótunarhyggja í fyrirrúmi. Rannsóknin var framkvæmd með átta, eigindlegum, hálfstöðluðum viðtölum við átta flutningsskylda starfsmenn utanríkisþjónustunnar, fjóra af hvoru kyni. Voru svör þeirra síðar orðræðugreind. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að þrátt fyrir að jafnrétti hafi aukist innan utanríkisþjónustunnar er enn mikill kynjahalli í efstu lögunum, körlum í vil. Hallann má að hluta til skýra með pólitískum ráðningum í sendiherrastöður. Ekki er nægilega vel komið til móts við oft ólíkar aðstæður kynjanna, og er það þrándur í götu sumra starfsmanna. Kyn starfsfólks virðist ekki hafa bein áhrif á framgang í starfi, en af óbeinum áhrifum þess má nefna mismunandi kröfur til kynjanna í starfi. Framfylgni íslenskrar jafnréttisstefnu er almennt góð, en hana má helst bæta á sviðum viðskipta og í tvíhliða samskiptum ríkja. Ísland sendir mikilvæg jafnréttisskilaboð til alþjóðasamfélagsins með skipan kvenna í áhrifamikil embætti, en þó er mikilvægt að jafnréttisáherslurnar verði endurspeglaðar frekar í starfsliði utanríkisþjónustunnar.

Hólmfríður Magnúsdóttir
Silja Bára Ómarsdóttir

# Fjölmiðlavöktun í þágu jafnréttis

Fjölmiðlar gegna afar mikilvægu hlutverki í nútímasamfélögum og eru oft nefndir fjórða valdið. Mikilvægi fjölmiðla er ekki síst á sviði jafnréttismála. Kynjaskekkja í fjölmiðlum er vel þekkt sem og þáttur þeirra í að skapa ímyndir af körlum og konum. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir meginniðurstöðum alþjóðlegrar fjölmiðlavöktunar á hlut kynjanna í fjölmiðlum. Verkefnið, the Media Monitoring Project (GMMP), felst í að fylgjast með kynjahlutföllum og birtingarmyndum kynja í fjölmiðlum heims samtímis einn tiltekinn dag á fimm ára fresti. Niðurstöður GMMP skapa grundvöll fyrir þekkingu á fjölmiðlum samtímans á heimsvísu og eru þar með mikilvægt innlegg í umræðu um lýðræðishlutverk fjölmiðla og almenna jafnréttisumræðu. Í ár tóku yfir 100 lönd þátt í vöktuninni, og þar á meðal Ísland sem var nú með í annað sinn. Allir helstu fjölmiðlar landsins, þ.e. sjónvarp, útvarp, blöð og vefmiðlar, voru vaktaðir. Úrvinnsla gagna stendur yfir. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðunum fyrir Ísland í könnun GMMP árið 2015 og þær bornar saman við árið 2010 og settar í alþjóðlegt samhengi.

Þorgerður Einarsdóttir
Valgerður Jóhannsdóttir

# Krítískir gerendur innan tónlistariðnaðarins á Íslandi

Karlar eru í meirihluta þeirra sem starfa innan tónlistariðnaðarins, iðnaði sem byggir á karllægum gildum. Tekin voru einstaklingsviðtöl og rýnihópaviðtöl við tónlistarmenn, karla og konur sem starfa í popp- og rokktónlist á Íslandi, auk lykilmanna úr stoðkerfi tónlistariðnaðarins á Íslandi. Það var gert til þess að skilja ólíkar birtingamyndir jaðarsetningar tónlistarkvenna innan tónlistariðnaðarins á Íslandi. Einnig voru tekin rýnihópaviðtöl við meðlimi hljómsveita sem tileinka sér feminíska orðræðu við flutning tónlistar auk vettvangsrannsóknar á kvennarýmunum Stelpur Rokka!, Reykjavíkurdætur og KÍTÓN, félags kvenna í tónlist. Það var gert til þess að skoða með hvaða hætti tónlistarkonur geta herjað á yfirráðasvið tónlistariðnaðarins sem krítískir gerendur. Niðurstöður benda til þess að erfitt er fyrir tónlistarkonur að sækja sér hlutdeild í menningarauði tónlistariðnaðarins á Íslandi þar sem þær þurfa ýmist að tileinka sér karllægni iðnaðarins eða eru jaðarsettar fyrir að ögra ríkjandi menningu. Karllægur smekkur mótar fagurfræði markaðarins og skapar ríkjandi viðmið. Konur eru gjarnan settar í hlutverk skrautfjaðra, auk þess sem litið er framhjá gerendahæfni kvenna og gert er ráð fyrir þekkingarskorti þeirra og áhugaleysi. Rýmisaukning og valdeflandi kvennarými þar sem krítískir gerendur herja á yfirráðasvið tónlistariðnaðarins er ein leið til aukins jafnréttis innan tónlistariðnaðarins á Íslandi. Innan kvennarýmanna er mikilvægt að gera grein fyrir því hvað annars vegar viðheldur jaðarsetningu tónlistarkvenna og ríkjandi orðræðu, og hins vegar hvað stuðlar að valdeflingu með krítískum gerendum í fararbroddi.

Lára Rúnarsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

# The road to venerability: A research based guide on how to become the perfect academic

As social scientists we aspire to be more than academics. Most of us want to change the world in the process. Whatever our aspirations, an idea of a higher purpose for the university lecturer and researcher exists in our collective consciousness long before we set out on our academic career paths. Thus, our first encounter with the realities of the day-to-day responsibilities of the professional academic risks being one of disillusionment, at least to some of us. As such, we quickly find out that it requires a very specific set of skills to make it in the academy. The purpose of this lecture is to create for the aspiring social scientist a research based guide on how to become the perfect academic. What is expected of me? How do I juggle home life and work life? What about teaching? How do I keep up with standards of publishing more and more? This and much more will be addressed in this lecture based on a qualitative study of 30+ current and former academics in the early stages of their career at the University of Iceland. Ultimately I hope to contribute to a serious discussion on how to radically reform the current system so as to make it a lucrative option rather than a continuous struggle for aspiring academics.

Thomas Brorsen Smidt

# Landbúnaðarklasi á Íslandi

Hér er fjallað um þróun landbúnaðarins í ljósi fræða um klasa og samkeppnishæfni. Íslenskur landbúnaður hefur þróast frá því land byggðist en einkum á síðustu áratugum. Þróunin hefur verið hröð. Ný tækni er stöðugt að breyta búskaparháttum og framleiðni hefur aukist mikið. Utan um landbúnaðinn hefur þróast skipulag sem hefur að geyma margs konar fyrirtæki, afurðastöðvar og fullvinnslufyrirtæki, auk þeirrar starfsemi sem er á hendi bænda. Bændur eiga líka samvinnufyrirtæki og samtök sem koma með virkum hætti að starfsemi í greininni. Stjórnvöld hafa sinnt þessari atvinnugrein vel í gegnum tíðina með stjórnsýslustofnunum, rannsóknarstofnunum og menntastofnunum. Tengt landbúnaðinum er starfsemi sem fellur undir einkageirann, opinbera geirann og þriðja geirann, auk þess sem mörg dæmi eru um einingar sem skilgreina má sem milliaðila. Nýlega hafa hagsmunaaðilar í landbúnaði sett á fót klasaframtak, Landbúnaðarklasann, sem formlega var stofnaður í júní 2014. Út frá aðferðum raundæmisrannsókna er rýnt í þróun landbúnaðarins og spurt er að hvaða marki megi sjá landbúnað á Íslandi sem klasa. Jafnframt er spurt á hvaða stigi klasaþróunar landbúnaðarklasi kunni að vera og hvernig stofnun klasaframtaks getur stutt við þróunina. Meginniðurstaðan er að það megi sjá skýrar vísbendingar um landbúnaðarklasa á Íslandi og sýnt er fram á það með klasakorti. Einnig er það niðurstaðan að klasaframtak geti haft verulega þýðingu fyrir klasann en til að svo verði þurfi að leysa úr fjölmörgum áskorunum sem klasaaðilar standa frammi fyrir.

Sigríður Hyldahl Björnsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Stjórnun á forstigi nýsköpunar: Áhrif nokkurra mikilvægra eiginleika á árangur

Við þróun nýrrar vöru og þjónustu skiptir forstig nýsköpunar gríðarmiklu máli. Rannsóknir hafa sýnt að sé ferli forstigs nýsköpunar stýrt á skilvirkan hátt hefur það jákvæð áhrif á bæði árangur á forstigi nýsköpunar og síðari stig nýsköpunarferilsins. Í þessari rannsókn eru könnuð áhrif nokkurra mikilvægra eiginleika fyrirtækja á árangur í forstigi nýsköpunar. Nánar tiltekið var markmið rannsóknarinnar að finna út hvort nýsköpunarstefna, nýsköpunarmenning, stuðningur yfirstjórnenda og skipulag hópa, hafi jákvæð áhrif á árangur forstigs nýsköpunar, en fyrri rannsóknir gefa til kynna mikilvægi þessara eiginleika. Megindlegum rannsóknaraðferðum var beitt og þrjátíu og fimm fyrirtæki sem starfa á sviði hugbúnaðarþróunar og upplýsingatækni valin af handahófi til þátttöku. Könnunin var send til 5-7 starfsmanna sem taka þátt í forstigi nýsköpunar í hverju fyrirtæki. Svör bárust frá 111 þátttakendum. Niðurstöðurnar staðfesta jákvæða fylgni á milli eiginleikanna sem teknir voru fyrir í rannsókninni (nýsköpunarstefnu, nýsköpunarmenningar, stuðnings yfirstjórnenda og skipulags hópa), og árangurs á forstigi nýsköpunar, en þessir eiginleikar skýra um það bil 45% af árangrinum. Ennfremur sýnir rannsóknin sterka jákvæða fylgni á milli nýsköpunarstefnu og árangurs á forstigi nýsköpunar, en einnig kom í ljós að hófleg jákvæð fylgni er á milli árangurs og hinna eiginleikanna. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa skýrt til kynna að þörf er á því annars vegar að bæta skilvirkni ferlis í forstigi nýsköpunar, og hins vegar að beina sjónum að nýtingu á tíma og fjármagni. Niðurstöðurnar sýna einnig að skilvirkni á forstigi nýsköpunar innan íslenskra fyrirtækja í upplýsingatæknigeiranum er tiltölulega há.

Alesya Alexandersdóttir
Gunnar Óskarsson

# Helgar meðalið tilganginn?

Viðfangsefni okkar er greining á myndlíkingum sem einkenna umfjöllun um atvinnumál. Málmyndunarfræðingurinn George Lakoff heldur því fram að myndlíkingar séu ekki aðeins einstakar tilvísanir, heldur verði þær að umgjörð eða römmum sem hafi áhrif á skilning okkar á aðstæðum og ráði að nokkru hvernig tekið er á málum. Tjáskiptaramminn felur í sér áheyranda, boðbera, vörpun, miðla, myndir eða samhengi og inniheldur oftar en ekki siðferðilegar tengingar og gildishlaðin hugtök. Myndlíkingar (eða myndhverfingar) öðlast merkingu utan marka tungumálsins og þegar orðin eru samsett í heildstæðar vísanir innan ákveðins ramma. Ótal dæmi um þetta má nefna, svo sem úr kjaraviðræðum: „Það verða allir að koma að borðinu“, „ríkisstjórnin verður að leggja spilin á borðið áður en farið er að semja“. Í samráðsfyrirkomulagi norræna velferðarkerfisins er iðulega sagt að ríkinu, sem eru íbúar landsins, sé ætlað að „draga að erlendar fjárfestingar“ til að „skapa atvinnu“, á meðan það er vinnan sem skapar í eiginlegum skilningi. Athugun okkar gengur út að myndlíkingar séu atvinnugreinabundnar. Þannig er fjölgun ferðamanna „árás sem breytir náttúrperlum í drullusvað“. Í fjármálaheiminum, sérstaklega fyrir hrun, var myndlíkingum beitt í ríkum mæli: Bankarnir „þróuðu nýjar fjármálaafurðir,“ s.s. „skuldabréfavafninga“. Sparisjóðirnir voru „hornsteinar í héraði“ og „bakhjarlar menningar og íþrótta í nærsamfélaginu“. Ekki má heldur gleyma „viðskiptavildinni“, sem átti að lýsa hug markaðarins til viðkomandi fyrirtækja. Með því að greina myndlíkingar atvinnulífsins með hliðsjón af kenningum Lakoffs sýnum við hvernig myndlíkingar, sem í reynd eru ósamtengdar, hafa áhrif á opinbera atvinnustefnu.

Örn Daníel Jónsson
Bjarni Frímann Karlsson

# Skráning menningarminja í stafrænu umhverfi: Samvinna, samþætting og framtíðarþróun*

Rafræn skráning menningarminja hefur verið til staðar hérlendis í einhverjum mæli um áratugaskeið eða frá upphafi tölvunotkunar. Nú er sá skráningarmáti almennt notaður hjá þeim sem koma að skrásetningu menningarminja. Með rafrænni skráningu hafa menningarverðmæti og sögulegar heimildir verið gerðar aðgengilegar almenningi, fræðimönnum og öðrum. Öruggt aðgengi og leit veltur á því að skráningin sé samræmd, stöðluð og markviss. Tilgangur greinarinnar er að kynna niðurstöður tiltekinna þátta viðtalsrannsóknar sem gerð var 2013-2014 um rafræna skráningu menningarminja, þ.e. samvinnu og samræmingu stofnana m.t.t. skráningarinnar svo og stöðu hennar og framtíðarþróun. Markmiðið var að kanna, (1) með samhenta stjórnsýslu í huga, samstarf og samræmingu á milli stofnana sem skrá menningarminjar á rafrænan hátt, (2) viðhorf viðmælenda til skráningarinnar, og (3) mögulegrar framtíðarþróunar á sviðinu. Niðurstöðurnar sýndu að fjölmargir mismunandi gagnagrunnar voru nýttir til þess að skrá menningarminjar með rafrænu móti sem og skort á samvinnu og samþættingu á milli stofnana sem sjá um skráninguna. Heildarskipulag og opinbert yfirlit skorti. Stjórnsýslan gegndi ekki skyldum sínum hvað þetta varðaði, aðallega vegna fjárskorts og skorts á stefnumótun. Koma þarf á heildrænni stefnumótun um rafræna gagnagrunna og skráningu með það fyrir augum að bæta skráningu menningarminja og stuðla að framþróun sem unnt er að byggja á til framtíðar.

Jóna Kristín Ámundadóttir
Jóhanna Gunnlaugsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Tónlistarklasi á Íslandi

Hér er þróun tónlistar á Íslandi skoðuð í ljósi fræða um klasa og samkeppnishæfni. Tónlist á Íslandi hefur verið í mikilli þróun á undanförnum áratugum. Þróun tónlistar á Íslandi hefur verið með ýmsum hætti og margir tónlistarmenn verið þar í lykilhlutverki. Stjórnvöld hafa líka stutt við þróunina á margan hátt. Til staðar er tónlistarskólakerfi sem hefur þróast um langt skeið við þröngan kost og sem enn býr við aðstæður sem eru erfiðar rekstrarlega. Innlend tónlistarmenntun og framhaldsnám erlendis hefur fært þjóðinni æ fleiri listamenn sem hafa markað sér sess í sögunni og skapað sér sterka stöðu í nútímanum. Tónlistarlífið á Íslandi er nú gróskumikið og ekki bara bundið við einstaklinga og opinbera aðila. Markmiðið með þessari grein er að skoða þróun tónlistar á Íslandi út frá kenningum um klasa. Einnig er ætlunin að bera þróunina á Íslandi saman við þekkta tónlistarklasa erlendis. Stuðst er við aðferðir raundæmisrannsókna (*case study method*). Spurt er að hvaða marki megi sjá tónlist á Íslandi sem klasa og á hvaða stigi klasaþróunar íslenskur tónlistarklasi kunni að vera. Meginniðurstaðan er að það megi sjá skýrar vísbendingar um tónlistarklasa á Íslandi og til að sýna það er sett fram klasakort. Jafnframt er það niðurstaðan að klasinn sé á mótunarstigi og að hann standi frammi fyrir áskorunum sem eru þekktar fyrir þá stöðu í þróun klasa.

Freyja Gunnlaugsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Sjálfbærni alþjóðlega fjármálakerfisins: Þróun og umbætur í framhaldi af kerfishruni

Á síðastliðnum árum hefur orðið mikil þróun á stofnanaumhverfi og stofnunum fjármálakerfisins á alþjóðavísu. Fjármálakreppan sem hófst 2007 hefur sýnt fram á nauðsyn fyrir ný greiningarlíkön sem nýtast varðandi virkni peninga og fjármálakerfisins. Tilgangur greinarinnar er að sýna afleiðingar þess að horft hefur verið framhjá sérstöðu banka varðandi sjóðstreymi. Lausafjárvandi fjármálastofnana hefur haft alvarlegar afleiðingar út um allan heim en peningafræðilegur grunnur sjóðstreymis í fjármálakerfinu ekki nýst til úrlausnar. Óstöðugleiki fjármálakerfisins er sjálfsprottinn, eins og Minsky benti oft á, og sú ósjálfbærni leiðir af sér endurteknar fjármálakrísur. Staðlaðar sjóðstreymisreglur duga skammt, sérstaklega varðandi peningamál banka. Fyrirliggjandi alþjóðavæðing fjármálakerfis heimsins hefur breytt veröldinni en virkni reglukerfisins er langt á eftir þróuninni. Yfirstandandi innleiðing á nýjustu breytingum hins alþjóðlega regluverks fjármálakerfisins eftir fjármálahrunið á vegum Fjármálastöðugleikaráðsins miðar að því að gera það öruggara, einfaldara og sanngjarnara. Umbæturnar í fjármálaheiminum þurfa þó að halda áfram og mikilvægt er að rannsaka uppbyggingu á fjörlbreyttu kerfi, með auknu trausti og gagnsæi. Fjölbreytileiki í opnu kerfi eru eiginleikar úr náttúrunni og er tilgáta rannsóknarinnar sú að nýta megi aðferðafræði sjálfbærni til að bæta fjármálakerfið svo það hafi minni tilhneigingu til að hrynja.

Ásgeir Brynjar Torfason

# Eigið fé í húfi í fasteignum*

Í rannsókninni er beitt aðferð sögulegrar hermunar til að leggja mat á þá áhættu sem fasteignakaupendur á Íslandi taka vegna sveiflna í verði fasteigna. Sérstaklega er horft til þess hvaða sveiflur eru líklegar í eigin fé fyrstu árin eftir mjög skuldsett fasteignakaup. Byggt er á tímabilinu 1981 til 2015. Niðurstöðurnar eru jafnframt bornar saman við þær sem fást með stikuðum aðferðum. Bakgrunnur rannsóknarinnar er sá vandi sem upp kom eftir mikla verðhækkun fasteigna árin 2004 til 2007 og síðan snarpa verðlækkun í kjölfarið. Svipuð staða hafði einnig komið upp í upphafi níunda áratugarins. Rannsóknin sýnir m.a. fram á að ýmsar útgáfur verðtryggðra lána koma mjög svipað út hvað varðar sveiflur í eigin fé, þ.e. lánstími og lánsform (jafnar greiðslur eða jafnar afborganir) skiptir litlu, en miklu skiptir hvert eigið fé er í upphafi. Þá sýnir rannsóknin fram á að svokölluð lyklalög myndu vart henta sem góð lausn fyrir Ísland, mun vænlegra væri að leita leiða til að aðstoða fasteignakaupendur við að standa í skilum, t.d. með einhvers konar greiðslujöfnun ef raunlaun dragast skarpt saman um skeið.

Gylfi Magnússon

---

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni (www.skemman.is).

# Viðhorf íbúa til lögreglunnar og þjónustu hennar (Public attitudes towards the police and evaluation of police work 2013-2014)

Mælikvarðar á viðhorf til lögreglu og þjónustu hennar eru mikilvægir til að meta störf lögreglunnar. Í þessari rannsókn eru birtar niðurstöður netkönnunar sem lögð var fyrir árin 2013 og 2014 en úrtakið var lagskipt tilviljunarúrtak 4.000 landsmanna og svarhlutfall 65% bæði árin. Svör voru vigtuð eftir kyni, aldri (6 flokkar), menntun (3 flokkar) og búsetu (6 flokkar). Í niðurstöðum kemur fram að meirihluta íbúa (89-91%) telja lögregluna skila mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi. Árin 2013 til 2014 höfðu 43-44% íbúa leitað eftir aðstoð, upplýsingum eða fræðslu hjá lögreglu á undangengnu ári. Flestir höfðu hringt í 112 og/eða hringt í lögregluna (40%) og 28% haft samband gegnum samfélagsmiðla. Þegar spurt var um ánægju með þjónustu lögreglu sögðust 19% vera frekar eða mjög óánægð árið 2014. Konur voru ánægðari með þjónustuna en karlar, eldra fólk var ánægðara en yngra fólk og þeir sem voru með meiri menntun voru ánægðari en þeir sem voru með minnstu menntunina ($p<0,05$). Spurt var um aðgengi að lögreglu og helstu ástæður sem fólk gaf fyrir lélegu aðgengi var „engin lögreglustöð í byggðarlaginu (37%)“. Niðurstöður í tengslum við þjónustu og aðgengi verða skoðaðar frekar og kynntar lögregluembættunum.

Guðbjörg S. Bergsdóttir
Guðrún S. Baldursdóttir
Ólafur Örn Bragason

# Hamingja og félagsleg tengsl hægri og vinstrisinnaðra í Evrópu

Rannsóknir hafa sýnt tengsl á milli stjórnmálaafstöðu fólks og hamingju þess, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Niðurstöðurnar eru almennt á þá leið að hægrisinnað fólk er hamingjusamara en vinstrisinnað. Færð hafa verið empirísk rök fyrir því að þessi munur skýrist þannig að hægrisinnaðir telji fremur að efnahagslegur ójöfnuður sé æskilegur og hefur því síður áhrif á hamingju þeirra. Sterk félagsleg tengsl, sem birtast meðal annars í félagslegu trausti og tíðum samskiptum, hafa einnig mikla þýðingu fyrir hamingju fólks. Við sameinuðum þessa þætti og settum fram tilgátu um að tengsl milli hamingju og stjórnmálaviðhorfa sé mismunandi eftir því hversu sterk félagsleg tengsl fólks eru. Gögn úr European Social Survey (2012) frá 28 löndum voru notuð við fjölstigagreiningu þar sem við prófuðum tilgátuna um víxlverkandi samband hamingju við stjórnmálaafstöðu eftir styrk félagslegra tengsla. Fram kom að félagsleg tengsl skipta meira máli fyrir vinstrisinna en hægrisinna þegar fólk metur hamingju sína. Vinstrisinnar, sem eru í sterkum félagslegum tengslum, eru þannig engu minna hamingjusamir en hægrisinnar með jafn sterk tengsl. Þessar niðurstöður standa eftir að tekið er tillit til áhrif viðhorfa til ójafnaðar í samfélaginu. Niðurstöður okkar bæta við skýringaþáttum á sambandi hamingju og stjórnmálafstöðu með því að tengja saman tvö svið hamingjurannsókna sem hafa til þessa verið nokkuð einangruð.

Helgi Eiríkur Eyjólfsson
Stefán Hrafn Jónsson
Eva Heiða Önnudóttir
Hulda Þórisdóttir

# The Contemporary University: Excellence and the Aura of Gender Equality

In the 'era of global competition', internationalisation, competition and performance orientation have become essential in managing and financing universities. This poster revolves around the emerging discourses on 'excellence' and the academic enterprise culture within academia, and the impact it has on the work of scholars. We approach the topic from a gender perspective and utilize data that we collected as part of a Icelandic case study. We argue that new public management (NPM) and an increased focus on excellence of the contemporary university results in indirect discrimination of women in academia. We introduce gender budgeting instruments as a tool to uncover unequal distribution of funding and to make inequality visible.

Finnborg S. Steinþórsdóttir
Thamar M. Heijstra
Þorgerður Einarsdóttir

# Academic career making and the double-edged role of academic housework

Internationalization, competition and performance orientation are nowadays essential in the managing and financing of universities. This pattern has intensified with the austerity measures and fiscal consolidation that followed the financial crisis in 2008. This poster discusses the academic labour process and career making of academics from a gender perspective. Based on Icelandic findings, we argue that the austerity measures and increased focus on becoming one of the top universities in the world has changed the official responsibilities of academics. We show how 'academic housework' affects academic capital and how the amount of academic housework is unequally distributed between senior academics and newcomers. While the majority of academics conform to this contemporary academic system, marginalised groups put up some resistance but with limited success

Thamar M. Heijstra
Finnborg S. Steinþórsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

# Verfallsvilji

Verkföll eru eitt helsta tæki launþega til að ná fram kröfum sínum gagnvart viðsemjendum sínum. Á árunum 1977-2010 komu til framkvæmda 527 vinnustöðvanir sem stóðu í 2.514 daga samtals og náðu til 219.535 þátttakenda. Samtals töpuðust á þessu tímabili 1.974.699 dagar vegna verkfalla. Verkfallsvilji (*strike prone*) sýnir hversu tilbúnir félagsmenn eru í að beita verkfallsvopninu til að bæta kjör sín. Það eru tveir tveir mælikvarðar sem geta mælt verkfallsviljann. Í fyrsta lagi hversu mikil kosningaþátttaka félagsmanna er í atkvæðagreiðslu stéttarfélaga um verkfallsboðun, og í öðru lagi hversu stór hluti félagsmanna samþykkir verkallsaðgerðir. Í þessari rannsókn var aflað gagna um þátttöku félagsmanna í atkvæðagreiðslu um verkföll á árunum 2014 og 2015, þeirra stéttarfélaga sem efndu til atkvæðagreiðslna um verkfallsboðun. Um er að ræða VR, Eflingu, Flugvirkjafélag Íslands, Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Félag flugfreyja vegna verkfallsboðunnar hjá Icelandair. Allt eru þetta stéttarfélög starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Á hinum opinbera vinnumarkaði voru skoðuð gögn í atkvæðagreiðslum um verkfallsboðun hjá Félagi háskólakennara, Félagi háskólakennara á Akureyri, Ljósmæðrafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, Félagi grunnskólakennara, Félagi leikskólakennara, Félagi framhaldsskólakennara og Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Þessi rannsókn dregur fram verkfallsvilja einstakra stéttarfélaga og hópa. Helstu niðurstöður eru þær að það er ekki mikill verkfallsvilji hjá stóru stéttarfélögunum á hinum almenna vinnumarkaði, VR og Eflingu. Þessi félög hafa rúmlega 35.000 félagsmenn á kjörskrá, sem er u.þ.b. 20% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Á milli 25 og 30% tóku þátt í atkvæðagreiðslu um heimild til verkfallsboðunar og meðal VR félaga sögðu 58% félagsmanna já við verkfallsboðun, en 94% félagsmanna Eflingar. Í stéttarfélögum sem eru einsleit, hvort heldur á almennum eða opinberum vinnumarkaði, er verkfallsviljinn meiri, þ.e. þátttaka um og yfir 70% og yfir 80% félagsmanna sem eru fylgjandi boðun verkfalls samanber meðfylgjandi töflu.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

# Capital Asset Pricing Model – Why is it still around?

